

VIÐBÆTIR.

Lög handa Íslandi,

sem út hafa komið frá því alþingi var slitið 1867,

til þess þing var sett 1869.

Prentaður í Reykjavík 1869. Einar Þórðarson.

LÖG

um, að útlendum skipum verði gefinn kostur á, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi, og milli Íslands og Danmerkur.

VÈR KRISTJÁN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og vèr staðfest þau með samþykki voru:

Stjórninni skal heimilt, ef að jafnrètti kemur á móti, að leyfa skipum úr útlendum ríkjum, sem hafa forrèttindi í verzlunarviðskiptum sínum við Danmörku, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi án tillits til lestatals þeirra, og eins milli Íslands og konungsríkisins — að Færeyjum meðtöldum — fram og aftur; skal samt gætt hinna almennu ákvarðana, sem gilda um slíkar siglingar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn

17. dag aprilmánaðar 1868.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Th. Rosenörn-Teilmann.

OPID BRÈF

handa Íslandi um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum.

VÈR KRISTJÁN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur kon-

ungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs handa Íslandi um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Þegar á að flytja þurfamenn hreppa á milli í sömu sýslu, skal sýslumaðurinn eptir reikningum þeim, er hann fær frá hlutaðeigandi hreppstjórum, og leggur sjálfur úrskurð á, jafna niður kostnaði þeim, sem gengið hefir til flutningsins, á alla hreppana í sýslunni eptir tölu tíundarbærra lausafjórðunda hvers hrepps, og skal síðan gjalda hluta þann, sem kemur á hvern hrepp, úr fátækra sjóði hans. Sè nokkur óánægður með niðurfjöfnun sýslumannsins, getur hann kært það fyrir amtmanni, og skal standa við úrskurð þann, sem hann leggur á málið. Sè kaupstaður í sýslunni, á sýslumaður að senda amtmanni skýrslu um upphæð kostnaðarins til flutningsins, áður en hann jafnar honum niður á hreppana, og skal amtmaður þá leita álits bæjarstjórnarinnar um málið, og ákveða síðan, hversu mikill hluti kostnaðarins eigi að koma á kaupstaðinn, og skal því næst gjalda þennan hluta úr bæjarsjóðnum.

2. grein.

Sè þurfamaður fluttur landveg sýslna á milli eða um fleiri sýslur, skal hver sýsla um sig borga þann kostnað, sem leiðir af flutningi þurfamannsins í sýslunni. Sè þurfamaðurinn aptur á móti fluttur sjóveg sýslna á milli, skal kostnaðinum skipt jafnt niður á sýslur þær, sem í hlut eiga. Þeim hluta kostnaðarins, er kemur á hverja sýslu, skal síðan skipt niður á sveitirnar samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 1. grein.

3. grein.

Þetta opna bréf öðlast lagagildi 1. júlímán. 1868, og skal næst-síðasti liður 8. greinar í reglugjörð 8. janúarmán. 1834 frá því úr lögum numinn.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.
Gefið í vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn, 17. dag
aprilmánaðar 1868.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Th. Rosenörn-Teilmann.

TILSKIPUN

um breytingu á ákvörðuninum um gjald spítalahlutanna, er svo
eru nefndir, á Íslandi.

VÉR KRISTJÁN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur kon-
ungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Eptir að
vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frum-
varp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um breytingu
á ákvörðuninum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á
Íslandi, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Af öllum bátum og skipum, sem gjörð eru út og höfð til
fiskiveiða á Íslandi, skal hèr eptir goldinn spítalahlutur samkvæmt
reglum þeim, sem hèr fara á eptir:

- a) af hverju tólfræðu hundraði af þorski, isu, steinbít og háfi,
sem aflast, skal goldin hálf alin, og að því skapi af því, sem
ekki nær hundraði;
- b) af hverri lýsistunnu, sem aflast, skal goldin ein alin, og að
því skapi af því, sem minna er.

2. grein.

Gjaldið rennur í læknaþjóðinni íslenzka, og skal í fyrsta skipti
heimtað saman eptir þessari tilskipun 12. maímán. 1870; skal það
goldið í peningum eptir meðalverði á hvoru um sig, fiski og lýsi,
í verðlagsskrá hvers árs.

3. grein.

Skipseigandi skal greiða spítalagjaldið af hendi, ef hann er innanhrepps, ella formaður. Eigi fleiri skip saman og sèu eigi allir innanhrepps, þá skulu þeir gjalda, sem innanhrepps eru. Sè formaður sá, er gjalda skal, utansveitarmaður, skal hann hafa greitt hreppstjóra eða lögreglustjóra gjaldið, áður hann fer hurtu úr hreppnum. Greiðandi hefir rétt til endurgjalds af öllum þeim, er hlut taka af skipi því, að hlutfalli réttu.

4. grein.

Hreppstjórnir og bæjarstjórnin í kaupstöðunum skulu halda nákvæma skrá um alla báta, opin skip og þilskip, sem höfð eru til fiski- eða hákarlaveiða í hreppnum eður umdæmi bæjarins á tímabilinu frá 12. maímán. árið fyrir til sama tímabils árið eptir; skal þar skýrt frá eigendum skipa og báta og afla-upphæð þeirra eptir skýrslu hlutaðeigandi formanna, gefinni undir eiðs-tilboð.

Skrá þessa skal leggja fram fyrir sýslumann eða bæjarfógeta ekki seinna en viku fyrir næstu manntalsþing; heimtar hann þar saman gjaldið eptir skránni, er hann hefir yfirlitið hana og rannsakað, eins og þarf.

Reynist skýrslan um afla-upphæðina ósönn, skal sá, sem hlut á að máli, gjalda til læknasjóðsins sekt, er sè fimmföld við gjald-upphæð þá, er dregin var undan. Mál þau, er rísa af ósönnum skýrslum, skal farið með sem opinber lögreglumál, nema ástæða sè til að höfða sakamál út af atferli hlutaðeiganda.

5. grein.

Sýslumaður eða bæjarfógeti eiga fyrir lok októbermánaðar á hverju ári að senda stiptsyfirvöldunum reikning, og með honum tédar skrár hreppstjóranna eður bæjarstjórnarinnar, um alla spítalahluti í sýslunni eða kaupstaðnum það ár, og borga þeim fèð um leið.

6. grein.

Um spítalahluti af fuglatekju, að lundatekju meðtalinni, skulu ákvarðanir þær, sem settar eru í konungsbrèfi 26. maímán. 1824, gilda framvegis eins og hingað til.

Eptir þessu eiga hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið á Amalúhóll 10. dag ágústmánaðar 1868.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Kristian R.

(L. S.)

Th. Rosenörn-Teilmann.

ALMENN HEGNINGARLÖG

handa Íslandi.

VÉR KRISTJÁN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Eptir að vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til almennra hegningarlaga handa Íslandi, bjóðum vér og skipum fyrir á þessa leið:

Fyrsti kapítuli.

Ákvarðanir til inngangs.

1. grein.

Eigi skal hegna neinum manni eptir lögum þessum, utan hann hafi orðið brotlegur í einhverju því, sem hegning er lögð við í lögunum, eða er öldungis samkynja einhverju því verki, sem þar er afbrot talið.

2. grein.

Lögin eiga við um öll þau afbrot, sem framin eru á Íslandi, án þess tillit sé haft til þess, hvar sá á heima, sem valdur er að verkinu.

3. grein.

Einnig skal refsað eptir lögum þessum fyrir afbrot, sem drýgð eru á skipum, er eiga heima á Íslandi, nema því að eins að skípið sé þar á sjó, sem hegningarlög einhvers annars lands ná til.

4. grein.

Ef að nokkur af þegnum konungs, sem á heima á Íslandi,

til þess að komast undan lagaforboði, sem þar gildir, fremur erlendis verk það, er bannað er og hegning við lögð í lögum, þá skal hann sæta hinni sömu refsing, eins og hefði hann unnið verkið á Íslandi.

5. grein.

Það er einnig brot á hegningarlögum Íslands, ef nokkur af þegnum konungs, sem þar á heima, verður brotlegur erlendis við hið danska ríki með landráðum eða drottinssvikum við konung, falsar danska peninga eða býr til eptirmynd þeirra, gjörir á hluta nokkurs dansks embættismanns, er skipaður er í öðru ríki, í nokkru því, sem snertir embætti hans, eða hann á nokkurn annan hátt misbrýtur gegn hollustu þeirri og hlýðni, er hann sem þegn er skyldur að sýna.

Sama er og, ef einhver sá, sem er embættismaður á Íslandi, drýgir embættisafbrot utanlands, og eins ef nokkur af þegnum konungs, sem á heima á Íslandi, annaðhvort með því að leysa sviksamlega af hendi starfa, sem honum er trúað fyrir, eða á nokkurn annan hátt, sem hegning er við lögð í þessum lögum, meðan hann er utanlands, rýfur nokkra þá skuldbinding, er hann hefir tekizt á hendur við mann, sem er á Íslandi.

6. grein.

Hafi annars nokkur af þegnum konungs, sem á heima á Íslandi, drýgt afbrot í öðru ríki, þá skal stiptamtanninum yfir Íslandi heimilt, að láta höfða mál á móti honum þar, og skal þá dæma sakamanninn eptir þessum lögum.

7. grein.

Sè höfðað mál á móti manni á Íslandi fyrir misgjörning, og sannist það, að honum hefir verið refsað fyrir hann í öðru ríki, eiga dómstólarnir að hafa tillit til refsingar þeirrar, sem á hann hefir verið lögð utanlands, og er þeim heimilt eptir málavöxtum að gjöra hegninguna vægari, en lögákveðið er, eða jafnvel að láta alla hegning falla niður.

8. grein.

Hafi maður drýgt afbrot bæði á Íslandi og í konungsríkinu Danmörk, og mál er höfðað á móti honum á Íslandi út af öllum þeim afbrotum, sem hann þannig hefir framið, þá skal ákveða hegninguna fyrir þau í einu eptir íslenskum lögum.

Sömuleiðis skal beita íslenskum lögum, þegar maður, sem er á Íslandi, hefir drýgt afbrot í konungsríkinu, en verður ekki handtekinn fyrir það, og sendur þangað, sem verkið var unnið, og vegna þessa er höfðað mál á móti honum á Íslandi eptir beiðni yfirvalds þess í konungsríkinu, sem í hlut á, eða sá, sem misbrotið er við, sækir hann á varnarþingi hans á Íslandi, þegar svo er, að það eptir íslenskum lögum er komið undir honum sjálfum, að hefja málssókn út af afbrotinu.

9. grein.

Um sendiboða annara ríkja, útlend herskip og herflokka, og um embættisafbrot drýgð af útlendum embættismönnum, sem skipaðir eru á Íslandi, skal farið eptir hinum almennu reglum í þjóðarréttinum.

Annar kaþítuli.

Um refsingarnar.

10. grein.

Hegningar þær, sem má dæma menn í eptir lögum þessum, eru: líflát, hegningarvinna, fangelsi, sektir og missir embættis, sýslunar eða kosningarréttis. Karlmennt á aldurskeiði frá 15 til 18 ára má dæma í hýðing með reyrþryki, og börn í hýðing með vendi.

11. grein.

Taka skal menn af opinberlega með öxi, og skal síðan grafa lík hins aftekna í kyrrþey. Eigi að taka fleiri en einn af, á eng inn þeirra að vera við staddur við aftöku hinna.

12. grein.

Hegningarvinna er tvönn, typtunarhúsvinna og betrunarhúsvinna.

Í typtunarhúsvinnu má dæma menn annaðhvort æfilangt eða tiltekinn áratíma, ekki skemur en 2 ár, og ekki lengur en 16 ár; í betrunarhúsvinnu má ekki dæma menn nema tiltekinn tíma, ekki skemur en 8 mánuði, og ekki lengur en 6 ár (sbr. þó 64. og 65. grein).

Sè hegningartíminn jafnlangur, ber að álíta, að báðar þessar hegningarvinnu-tegundir samsvari hvor annari.

13. grein.

Sè svo, að færa eigi niður í tilteknu blutfalli refsingu þá, er lögð er við einhverju afbroti, skal líflát talið jafnt 24 ára hegningarvinnu, og æfilöng hegningarvinna jöfn 18 ára hegningarvinnu.

14. grein.

Hegningarvinnu skal út taka í hegningarhúsi, er til þess er ætlað, samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar.

Þeir, sem dæmdir eru í betrunarhúsvinnu, eiga að öllum jafnaði að út taka refsinguna með því að vinna einir sér í kompu, og vera í henni dag og nótt, og skal þá hegningartíminn stytur þannig, að þegar maður er dæmdur í 8 mánaða vinnu, skal færa vinnutímann niður í 6 mánuði, og sè maður dæmdur í vinnu um lengri tíma, skal stytta 3 fyrstu árin um þriðjung, og þann tímann, sem um fram er, um helming. Þó skal stjórn hegningarhússins heimilt með samþykki stiptamtannsins að ákveða, að maður, sem er dæmdur í betrunarhúsvinnu, út taki hegninguna að öllu eða nokkru leyti samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru um typtunarhúsvinnu, án þess að hegningartíminn sè stytur, þegar svo er, að það af einhverjum sérlegum orsökum er álitid skadlegt fyrir hann að út taka refsinguna í kompu út af fyrir sig, eða það að öðru leyti þykir óhentugt. Sè maður ekki látinn vinna einn sér í kompu nema nokkurn hluta hegningartímans, sem á hann er dæmdur, skal að eins stytta hegningartímann að tiltölu við þann tíma, er hann hefir settid í kompu einn sér 60 daga samfleytt eða lengur, og skal hvert tímabil, er þetta hefir átt sér stað samfleytt, stytt út af fyrir sig eptir reglu þeirri, sem hér er að ofan. Ekki skal sá tími tekinn til greina til að stytta hegningartímann, er maður hefir settur verid í kompu einn sér til refsingar reglusemis vegna fyrir eitthvað, sem hann hefir látið sér yfirsjást í hegningarhúsinu.

15. grein.

Þegar svo er fyrir skipað í einhverri ákvörðun um hegningu, að dómstólarnir megi kjósa um typtunarhúsvinnu og betrunarhúsvinnu, á að beita hinni síðarnefndu hegningunni, er það þykir líklegt, þegar litið er á aldur sakamannsins, hegðun hans að undanfögnu, og eðli afbrots þess, er hann hefir drýgt, að einvera og fráskilnaður frá öðrum föngum muni hafa góð áhrif á hann, en aptur á móti á að dæma sakamenn þá, sem eldri eru og harðsvir-

aðri, í typtunarhúsvinnu, og sér í lagi þá, sem áður hafa út tekið slíka hegningu, eða margra ára eða ítrekaða betrunarhúsvinnu.

16. grein.

Eigi maður að út taka samfleytt fleiri en eina betrunarhúsvinnu-hegningu, er hann hefir verið dæmdur í með fleiri en einum dómi, á að skoða þær sem eina heild, þegar stytta skal hegningartímann fyrir þá sök, að hegningin er úttekin í kompu út af fyrir sig. Jafnaðarlega má ekki láta neinn mann sitja einan sér í kompu lengur en $3\frac{1}{2}$ ár, og á hann því að út taka þann hluta alls hegningartímans, sem er um fram 6 ár, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru um typtunarhúsvinnu, og án þess að sá tíminn sé stytur. Fari sá, sem í hlut á, þess á leit, og sé það sannað með læknisskýrslu, að ekkert sé því til fyrirstöðu vegna heilsufars hans, má stjórn hegningarhússins samt leyfa með samþykki stiptamtmannsins, að hann út taki líka þann hluta hegningarinnar, sem eptir er, í kompu einn sér, og sé sá tíminn þá stytur um helming.

17. grein.

Hafi útlendur maður, sem ekki hefir verið að staðaldri í löndum Danakonungs 5 seinustu árin, orðið brotlegur til hegningarvinnu, á einnig að dæma hann til að verða fluttur af landi burt að hegningartímanum afloknum. Eptir atvikum, og einkum eðli misgjörningsins, má slíkt hið sama einnig eiga sér stað, þegar útlendur maður er dæmdur til hegningar í fangelsi við vatn og braud, og honum hefir áður verið refsað á Íslandi eða annarstaðar fyrir misgjörninga.

Komi útlendir menn, sem reknir hafa verið úr löndum Danakonungs samkvæmt dómi, til Íslands í leyfisleysi, þá skal þeim refsað með fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að einu ári, og skal því næst reka þá aptur úr landi.

Þegar maður er rekinn úr landi, á að brýna fyrir honum, hverju það varði, ef hann komi aptur í leyfisleysi, og skal það bókað í dómsgjörðabókina.

18. grein.

Þessum fangelsis-hegningum má beita:
einföldu fangelsi;
fangelsi við venjulegt fangaviðurværi;

fangelsi við vatn og brauð;
ríkisfangelsi.

Allar fangelsis-hegningar skal út taka í opinberu fangelsi samkvæmt því, sem fyrir er mælt um varðhald á mönnum.

19. grein.

Í einfalt fangelsi má ekki dæma mann skemmri tíma en 2 daga, og ekki lengur en 2 ár (sbr. þó 64. gr.). Sá, sem dæmdur er í slíkt fangelsi, þarf ekki að láta sér nægja venjulegt fanga-
viðurværi.

20. grein.

Í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi má ekki dæma skemmri tíma en 2 daga, og ekki lengur en 6 mánuði. Sá, sem dæmdur er í slíkt fangelsi, má ekki fá aðra fæðu en þá, sem til tekin er í ákvörðununum um varðhald.

21. grein.

Í fangelsi við vatn og brauð má ekki dæma skemur en 2 daga, og ekki lengur en 30 daga. Sá, sem dæmdur er í slíkt fangelsi, má ekki neyta annars en vatns og brauðs, og salts við brauðinu. Reykja tóbak má hann ekki.

22. grein.

Þá, sem eru yngri en 18 ára, má ekki dæma í fangelsi við vatn og brauð, en í stað þess á að refsa þeim, sem eru yngri en 15 ára, með einföldu fangelsi, ekki lengur en 60 daga, eða með vandar-hýðingu, og þeim, sem eru 15 til 18 ára, annaðhvort með fangelsi við venjulegt fangaviðurværi helmingi lengur, eða með hýðingu með reyrpryki.

23. grein.

Sè maður dæmdur í fangelsi við vatn og brauð í 5 daga eða skemur, á hann að út taka hegninguna án nokkurs millibils, en sè hegningartíminn 5 dagar tvisvar sinnum eða optar, skal veitt 2 daga millibil eptir fimmta og tíunda daginn, 3 daga millibil eptir fimmtánda og tuttugasta daginn, og 4 daga millibil eptir tuttugasta og fimmta daginn. Sè hegningartíminn 6 dagar, skal vera 1 dags hlè á hegningunni, þegar 3 fyrstu dagarnir eru liðnir, en sè hann 7, 8 eða 12 dagar, skal sakamaðurinn út taka 4 daga í einu, en hafa hlè fimmta daginn.

Þó má stytta millibil þessi, ef sakamaðurinn æskir þess, og lækurinn álitur, að heilsu hans sé ekki hættu búin af því, eða sleppa þeim alveg, þegar hegningartíminn er ekki lengri en 8 dagar. Þegar hegningartíminn er 5 dagar þrisvar eða optar, má hins vegar lengja millibilin allt að 5 dögum, ef hinn dómfelldi æskir þess, og lækurinn álitur, að ástæða sé til þess.

Þá dagana, sem hlè er á hegningunni, skal sakamaðurinn hafður í varðhaldi, nema því að eins að óhult sé um, að hann fari ekki burtu, því sé svo, skal hann látinn laus.

24. grein.

Þá, sem eru yfir sextugt, þegar þeir byrja að út taka hegninguna, á í stað fangelsis við vatn og brauð að setja í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fjórum sinnum lengri tíma, en þeir hefðu átt að þola hina hegninguna. En ef þeir kjósa heldur að þola fangelsis-hegninguna við vatn og brauð, sem þeir eru dæmdir í, skal það leyft, ef lækurinn álitur, að heilsu þeirra sé engin hættu búin af því.

Einnig skal í öðrum tilfellum, er menn vegna heilsufars síns annaðhvort alls ekki þola að út taka fangelsishegningu við vatn og brauð, eða ekki allan tímann, breyta hegningunni í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fjórum sinnum lengri tíma, og á það einnig við um óléttar konur, og konur sem barn hafa á brjósti, þó skulu þær auk venjulegs viðurværis fá helming þess í viðbót bæði í brauði og peningum.

25. grein.

Eigi maður að út taka fangelsi við vatn og brauð lengur en 30 daga í senn, af því fleiri en einn dómur hefir fallið á hann, skal hann settur í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi þann tímann, sem um fram er, eptir hlutfalli því, sem ákveðið er í 26. grein.

Eigi að setja mann, sem verið hefir í fangelsi við vatn og brauð, skömmu seinna í hið sama fangelsi eptir nýjum dómi, skal leita lækisálits um, hvort leggja megi á hann hegninguna þegar í stað, eða ekki fyr en nokkur tími er liðinn. Segi lækurinn, að maðurinn þoli ekki að út taka fangelsis-hegningu við vatn og brauð á ný, fyr en eptir lengri tíma, á að breyta hegningunni í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

26. grein.

Þegar fangelsis-hegning er nefnd í lögum þessum, án þess að nákvæmar sé til tekið um hana, mega dómstólarnir kjósa um þær tegundir þessarar hegningar, sem um er rætt í 19.—25. grein. Ef að bætt er við ákvörðun um, hvert sé hið lægsta stig af einföldu fangelsi, sem beita megi, á samsvarandi takmörkun einnig við um hinar aðrar tegundir af fangelsis-hegningu.

Fjögra daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 6 daga einfalt fangelsi samsvarar eins dags fangelsi við vatn og brauð.

27. grein.

Þegar fangelsis-hegningu er beitt, merkir dagur sama sem sólarhring eða 24 stundir, og mánuður rímmánuð. Þess ber einnig að gæta, að maðurinn sé látinn laus um sama leyti dags og hann var settur inn.

28. grein.

Ríkisfangelsi er annaðhvort tiltekinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði og ekki lengur en 10 ár, eða æflangt. Þá hegningu skal út taka í konungsríkinu samkvæmt ákvörðunum þeim, sem þar gilda, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt.

29. grein.

Ríkisfangelsi og einfalt fangelsi um jafnlangan tíma samsvara hvort öðru. Eins mánaðar hegningarvinna er jöfn 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

30. grein.

Líkamlegar refsingar eru tvenns konar: hýðing með reyrpryki og hýðing með vendi.

Til hýðingar með reyrpryki skal hafður spansreyr, er sé hálfur annar þumlungur ummáls, og ekki lengri en hálf önnur alin; skal þeirri refsingu beitt við karlmenn, sem eru frá 15 til 18 ára að aldri, ef að álíta má, að þeir geti þolað þá refsingu, og læknisálits hefir verið leitað um það. Í dómmum skal ákveðið, hversu mörg höggin skuli vera; þó mega þau ekki vera færri en 10 og ekki fleiri en 25.

Drengir, sem eru 10 til 15 vetra, og stúlkur, sem eru 10 til 12 vetra, skulu hýdd með vendi að fótanum ásjáandi, og skal

sömuleiðis ákveðið í dómnum, hversu mörg höggin eigi að vera, en ekki mega þau vera færri en 10 og ekki fleiri en 25. Börn, sem einstök ónáttúra er í, má dæma í tvenn 25 vandarhögg, og skal þá jafna hýðingunni niður á 2 daga.

Við fangana í hegningarhúsinu skal beitt líkamlegum refsingum, þeim sem fyrir verður mælt um í lögnum um hegningarhúsið.

31. grein.

Dæma má í sektir frá 1 rd. allt að 1000 rd., og renna þær í hinn sama sjóð og landstekjurnar. Sæu fleiri samseki í einhverju því verki, er sektum varðar, skal hvor þeirra um sig dæmdur í sektina.

Fari svo, að maður, sem sektaður hefir verið eptir lögum þessum, borgi ekki alla sektina í ákveðinn tíma, skal í stað sektarinnar koma einfalt fangelsi, er ákveðið hafi verið í sama dóminum, og skal um stærð þeirrar hegningar farið eptir stöðu hins seka og öðrum málavöxtum; þó má ekki ákveða lengra fangelsi en í 30 daga fyrir hverra 50 ríkisdala sekt. Fari sá, sem dæmdur hefir verið, þess á leit við fóeta, og heilsufar hans er því ekki til fyrirstöðu, skal breyta einfalda fangelsinu í fangelsi við vatn og brauð jafnlengi að tiltölu.

Hafi sektaður maður verið dæmdur jafnframt í einfalt fangelsi skemur en 12 daga, má samt ekki setja skemmra fangelsi við vatn og brauð í stað þess en 2 sólarhringa. Hafi hann verið dæmdur í einfalt fangelsi lengur en 12 daga, og dagatölunni verði ekki fullskipt með 6, fellur afgangurinn burtu, ef hann er minni en 3 dagar, en skal álitinn jafn 1 dags fangelsi við vatn og brauð, ef hann er 3 dagar eða meira.

32. grein.

Hinar almennu refsingar koma hver á eptir annari í þessari röð: líflát, hegningarvinna, fangelsi við vatn og brauð, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, einfalt fangelsi, sektir.

33. grein.

Þegar svo er mælt í lögnum, að hækka eigi eða lækka einhverja hegningu, en það verður ekki gjört innan þeirra takmarka, er þeirri refsingar-tegund er sett, þá skal beita þeirri refsingu,

sem er næst fyrir ofan í röðinni, er hækka á hegninguna, en þeirri, sem næst er fyrir neðan, er lækka skal (sbr. 64. gr.).

34. grein.

Hafi maður framið eitthvert afbrot, er sú hegning er við lögð, að missa embætti sitt eða sýslun, en hann er ekki lengur, þegar dómurinn er upp kveðinn, í embætti því eða sýslun, sem hann hefir orðið brotlegur í, þá skal honum refsað með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða með betrunarvinnu, eða, ef hann eptir það hefir komizt í annað embætti eða sýslun, þá með missi þess embættis eða sýslunar, eptir því sem ástatt er.

Eigi að færa niður hegningu þá, að missa embætti sitt eða sýslun, sem til tekin er í lögunum, skal einnig álíta refsingu þessa jafna fangelsishegningu, er ekki sè vægari en 3 mánaða einfalt fangelsi, eða betrunarhúsvinna.

35. grein.

Hluti þá, sem orðið hafa til fyrir misgjörning, eða hafðir hafa verið eða ætlaðir til að drýgja afbrot með, má gjöra upptæka með dómi, ef það þykir nauðsynlegt í þarfir hins opinbera. Einnig má kveða á með dómi, að þeir munir skuli gjörðir upptækir, er fengizt hafa fyrir glæp, og enginn á löglegt tilkall til.

Þriðji kapituli.

Um sakhæfi, neyðarvörn og neyðartilfelli.

36. grein.

Eigi er hegning lögð við verkum, er börn vinna, sem ekki eru orðin 10 ára gömul. Samt getur hið opinbera gjört ráðstafanir til betrunar slíkum börnum, eða til þess að engin háskavon sè af þeim, ef þess þykir þörf.

37. grein.

Hafi einhver sá, sem orðinn er fullra 10 ára, en ekki er enn orðinn 15 ára gamall, drýgt afbrot, skal honum refsað því að eins, að ætla megi eptir eðli glæpsins, til að mynda þegar það er dráp, töluverð spjöll á líkama eða heilsu, þjófnaður, rán eða brenna, eða eptir þeim skilningsþroska og því uppeldi, sem sá, er hlut á að máli, hefir fengið, að hann hafi vitað, að verk hans var hegu-

ingarvert, og hann í annan stað hefði orðið fyrir þyngri refsingu en sektum eða einföldu fangelsi, ef hann hefði verið orðinn fullra 18 ára. Hegningin fyrir börn á þessum aldri má ekki vera þyngri en 2 ára betrunarhúsvinna. Sè annars svo ástatt, að líkindi séu til, að það mætti bæta barnið og koma því á réttan veg með öðrum ráðstöfunum, þá skal stiptamtmaninum vera heimilt að ákveða, að málssókn skuli niður falla, ef að lægsta stig hegningarinnar fyrir hinn sama glæp væri ekki nema betrunarhúsvinna, ef fullorðinn maður hefði drýgt hann.

38. grein.

Drýgi maður, sem er 15 til 18 ára að aldri, afbrot, þá skal færa niður hegningu þá, sem lögákveðin er, og það allt að helmingi eptir málavöxtum. Þó má með engu móti leggja þyngri refsingu en 8 ára hegningarvinnu á menn á þessum aldri.

39. grein.

Þau verk eru vítalaus, sem vitstola menn vinna, eða þeir menn, er skilningur þeirra er svo lítt þroskaður eða svo sljóggaður eða ruglaður, að ekki verður álitid, að þeir hafi verið sèr þess meðvitandi, að verkið var hegningarvert, eða þeir menn, sem voru rænulausir, þá er þeir unnu verkið.

Sè höfðað mál út af slíku, má ákveða í dóminum, að gjöra megi þær ráðstafanir, að enginn háski verði að maninum; þó má valdstjórnin nema þær af aptur, ef þær þykja ekki lengur nauðsynlegar, og læknis-álits hefir verið leitað um það.

40. grein.

Vægari refsing en þeirri, sem lögákveðin er, skal heita við hjána eða aðra þá menn, sem, þó ekki vanti þá alla sjálfsmeðvitund, vegna einhvers sérlegs ástands eða ásigkomulags, sem hefir áhrif á sjálfræði þeirra, ekki verður álitid um, að þeir hafi verið svo fullkomlega með sjálfum sèr, þegar þeir unnu verkið, að þeim verði gefid það að sök á sama hátt og fullorðnum mönnum og heilum á sálu.

41. grein.

Það er vítalaust verk, er menn gjöra af neyðarvörn, þegar og að svo miklu leyti sem það hefir verið nauðsynlegt til þess, að standa á móti eða af stýra ólögætri árás, sem hyrjuð er eða

vofir yfir, á mann sjálfan eða á annan mann, á æru eða góss; þó skal ekki leyfilegt nema til varnar lífi, heilbrigði eða velferð að beita þeim varnarmeðulum, er þeim, sem á ræðst, er bersýnilegur lífsháski búinn af.

Hafi maður farið út yfir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, verður að meta, hvort honum eptir atvikum verði gefin sök á því, eða hann verði ekki sakfelldur fyrir það vegna þess, að hann hafi orðið svo skelfdur og forviða, að hann hafi ekki fullkomlega getað gáð sín. Verði honum gefin sök á því, skal þó ekki hinn almennu lögboðnu hegningu fortakslaust beitt fyrir skaða þann, er hann gjörði þeim, sem á ræðst, heldur má dæma hann í vægari hegningu, er miðuð sé við það, hversu langt hann hefir farið út yfir það, sem leyfilegt var.

42. grein.

Taki maður eða spilli eign annars manns til þess að frelsa sjálfan sig eða aðra úr hættu, sem vofir yfir lífi eða heilbrigði, skal það verk vítalaust, ef svo er, að hann ekki hafði annað úrræði til bjargar.

43. grein.

Eigi leysir það mann undan hegningu, þó hann ekki þekki hegningarlögin, eða hann hafi ranglega haldið, að verk, sem fyrirboðið er í lögum, sé leyfilegt eða jafnvel boðið í samvizkunnar eða trúarinnar lögmáli, eða hins vegar að það, sem boðið er í lögum, sé óleyfilegt af sömu ástæðu, né heldur það, hvað honum hafi til gengið og hvað hann hafi ætlað sér með verkinu.

44. grein.

Fyrir gáleysis-verk skal ekki refsað nema því að eins, að skýlaus heimild sé til þess í hegningarlögunum.

Fjórði kapítuli.

Tilraunir til að drýgja misgjörninga.

45. grein.

Ekki ber að álíta neitt afbrot fullkomnað fyr, en allt það er framkvæmt, sem til þess afbrots heyrir að lögum, þó maður sá, er verkið yann, hafi gjört allt það, sem hann ætlaði sér að gjöra til þess að koma fram þeim ásetningi sínum, að drýgja afbrotið.

46. grein.

Hafist maður að nokkurt það verk, er miðar til að vinna að því eða koma því til leiðar, að afbrot verði fullkomnað, skal honum, þegar afbrotið ekki er fullkomnað, refsað fyrir tilraun til afbrotsins.

Refsingin fellur samt niður, ef hann af sjálfsdáðum, en ekki vegna tálmana eða einhverrar annarar tilviljunar, lætur af ásetningi sínum að drýgja afbrotið, og hann þar að auki, sè hann búinn að hafast að nokkur þau verk, sem gætu komið til leiðar, að afbrotið fullkomnist, hefir aptrað því, eða, hafi hann haldið, að hann hafi hafzt slík verk að, þá hefir gjört þær ráðstafanir, sem hann áleit til þess fallnar að aptra, að glæpurinn fullkomnist.

Sèu verk þau, sem framin hafa verið, í sjálfu sèr afbrot, skal beita þeirri hegning, er við þeim liggur.

47. grein.

Þegar ekki er öðruvísi fyrir mælt um einstök afbrot, skal refsað fyrir tilraun til afbrots með vægari refsingu að tiltölu, en saka- maðurinn hefði til unnið, ef afbrotið hefði verið fullkomnað. Þá er refsingin er ákveðin, skal sèr í lagi hafa tillit til, hvort tilraunin á lengra eða skemra í land til þess að afbrotinu yrði að öllu framgengt, en þó má refsingin aldrei fara fram yfir þrjá fjórðu parta af refsingu þeirri, sem í lögum er lögð við afbrotinu.

Fimmti kapítuli.

Um hlutdeild í misgjörningum.

48. grein.

Hafi tveir menn eða fleiri hjálpazt til að framkvæma afbrot, skal hverjum þeirra um sig refsað, sem hann sè verksins valdur. En hafi nokkur hluttakari einasta veitt forgöngumanninum liðsinni, er minna er í varið, þá er hann framkvæmdi afbrot sitt, skal beita vægari hegningu að tiltölu, og sè hún ekki minni en helmingur hinnar vægustu, og ekki meiri en þrír fjórðu partar hinnar þyngstu hegningar, sem lögð er við afbrotinu í lögum.

49. grein.

Álíka vægari hegning á við um hvern þann, sem með ráðum eða í verki hefir veitt þeim, sem valdur er að afbrotinu, liðsinni

til þess, áður en það er framkvæmt. Þó má færa niður hegningu slíks aðstoðarsmanns allt að þriðjungi af lágsta stigi hegningar þeirrar, sem í lögum er lögð við glæp þeim, er aðstoðarmaðurinn hafði í hyggju.

50. grein.

Sè afbrotið ekki fullkomnað, eiga reglur þær, sem settar eru í 48. og 49. grein, við á þann hátt, að hegningin skal ákveðin að tiltölu við hegningu þá, sem verðskulduð er fyrir tilraun til afbrotsins.

51. grein.

Sè maður búinn að veita liðsinni til afbrots, en af stýri framkvæmdinni af sjálfsdáðum, með því að koma forgöngumanninum til að láta af glæpnum eða á annan hátt, er hann vítalaus. Hafi hann árangurslaust leitast við að af stýra glæpnum, má færa hegninguna niður fyrir takmark það, sem sett í er í 49. grein.

52. grein.

Hafi maður, án þess hann hafi unnið til þyngri refsingar eptir næstu grein, reynt með loforðum, upphvatningum eða öðrum fortölum að koma því til leiðar, að afbrot verði framkvæmt, til að mynda með því að styrkja áform annars manns, sem áður er til orðið, eða telja hann af að hætta við það, þá skal hegning hans ákveðin eptir því sem fyrir er mælt í 49.—51. grein.

53. grein.

Hafi maður með loforðum, hótunum eða öðrum fortölum unnið annan mann til að drýgja afbrot, og það verður fullkomnað, skal hann sæta sömu refsingu, eins og væri hann sjálfur valdur að glæpnum. Verði glæpurinn ekki fullkomnaður, skal honum refsað, eins og hefði hann gjört sig sekan í tilraun til glæpsins. Vægari hegning að tiltölu á við, þegar hvatamanninum ekki tekst að koma hinum til að ráða af að drýgja afbrotið.

54. grein.

Ef sá, sem unnið hefir annan mann til að drýgja afbrot, fær hann til að hætta við það, er hann vítalaus. Sama er og, ef hvatamanninum að vísu ekki hefir tekizt að fá hinn til að hætta við framkvæmdina, en hann samt hefir af stýrt afbrotinu á annan hátt. Hafi hann ekki af stýrt því, skal honum refsað eins og fyrir er

mælt í 49. grein; þó má færa hegninguna niður, ef hann hefir leitazt við að af stýra glæpnum.

Þeim manni, sem lofað hefir öðrum að framkvæma afbrot, en er ekki enn búinn að gjöra neitt það, er að því lýtur, skal refsað eptir ákvörðuninum í 50. grein, sbr. 59. grein. Taki hann loforð sitt aptur, áður en hann hefir hafzt nokkuð að því til framkvæmdar, er hann vítalaus, ef hann af stýrir glæpnum; að öðrum kosti má færa hegninguna niður, eða jafnvel láta hana falla alveg burt, þegar svo stendur á.

55. grein.

Hafi tveir menn eða fleiri orðið ásáttir um að hjálpast að, að drýgja afbrot (samtök), skal þeim öllum refsað, eins og væru þeir hver fyrir sig valdir að glæpnum, ef hann er fullkomnaður, eða byrjað hefir verið á honum, og það þó að þeir ekki hafi hjálpað til hans með öðru en því, að taka þátt í áforminu. Sè ekki byrjað að framkvæma glæpin, skal refsað fyrir hlutdeild í áforminu eins og fyrir tilraun til glæpsins.

Hafi allir hluttakendur af sjálfsdáðum slitið samtökunum, áður en nokkurt afbrot er drýgt, eru þeir vítalausir. Gangi einhver einstakur hluttakandi úr, er hann sömuleiðis vítalaus, ef hann af stýrir afbrotinu; að öðrum kosti skal refsa honum eptir ákvörðuninni í 49. grein, þó má færa hegninguna niður, ef hann hefir leitazt við að aptra glæpnum.

56. grein.

Sá maður, sem, eptir að búið er að fullu að framkvæma afbrot, verður samsekur í því, án þess að hafa lofað neinu um það fyrir fram skýlaust eða þegjandi, með einhverri þeirri athöfn, er miðar til þess að hjálpa þeim, sem drýgt hefir afbrotið, til þess að geta haldið ábata þeim, er hann hefir aflað á ólöglegan hátt, eða verða sjálfur hluttakandi í ábatanum, eða til þess að halda fram á annan hátt hinu ólöglega ástandi, sem glæpurinn er ollandi, skal sæta refsingu, er ekki fari út yfir helminginn af hinni þyngstu, og ekki sè minni en fjórði parturinn af hinni vægustu hegningu, sem lögð er við glæpnum í lögum.

57. grein.

Hafi gípt kona, sem er saman við mann sinn, af hlýðni við

hann látið leiðast til þess að taka þátt í afbroti með honum, má færa hina venjulegu hegningu niður, sem í lögum er lögð við þeirri hlutdeild, og ef að líklegt er, að hún, hefði hún neitað beiðni hans, hefði orðið fyrir illri meðferð af honum, eða neyðzt til að fara frá honum, má jafnvel eptir málavöxtum hlifa henni alveg við refsingu.

Slíkt hið sama er og um aðra, sem eru háðir þeim, sem þeir eru hjá og fá hjá viðurværi sitt án þess endurgjald komi fyrir, og vegna þessa hafa látið tæla sig til að taka þátt í glæp með þeim, og sömuleiðis um börn, sem eru yngri en 15 ára, og hafa látið þá, sem eldri eru og ætla má að hafi eitthvert sérlegt vald yfir þeim vegna stöðu þeirrar, er þeir standa í við þau, koma sér til að veita þeim liðsinni til misgjörnings. — Ekki skulu börn, sem eru yngri en 15 ára, sæta refsingu fyrir hlutdeild þá í afbrotum, sem um er rætt í 56. grein.

Sjötti kapítuli.

Um það, hvornig eigi að til taka hegninguna og færa hana niður, þegar svo stendur á, og um ítrekun misgjörnings.

58. grein.

Þá er hegningin er tiltekin innan takmarka þeirra, sem sett eru í lögum þessum, á einkanlega að taka til greina, bæði hversu mikil hætta er búin af verkinu, sér í lagi með tilliti til þess, hve nær, hvar og hvornig það er framkvæmt, hversu mikilvægt það er, sem afbrotið hefir beinzt að, og hversu yfirgripsmiklu og stóru tjóni það hefir valdið, og eins hitt, hversu styrkur og einbeittur vilji glæpamannsins hefir verið, hvað honum hefir gengið til verksins, uppeldi hans, aldur og hegðun að undanfögnu, hver vandi honum er á hendi við þann, sem hann hefir misgjört við, og hvornig hann hefir farið að ráði sínu eptir að hann hafði unnið verkið.

59. grein.

Hafi sakamaðurinn verið hafður langan tíma í varðhaldi, og það er ekki því að kenna, hvornig hann hefir hagað sér, meðan á málinu stóð, skal það tekið til greina honum til málsbóta, þá er hegningin er ákveðin. Reynist það, að hann hafi ekki unnið til þyngri refsingar en einfalds fangelsis eða fangelsis við venjulegt fangaviðurværi um stuttan tíma, mega dómstólarnir jafnvel kveða

svo á, að varðhald það, sem hann hefir setið í, skuli koma í stað hegningar.

60. grein.

Þegar sekta-upphæð er til tekin, á sér í lagi að taka til greina efnahag sakamannsins.

61. grein.

Hafi sakamaðurinn, eptir að afbrotið er drýgt, gjört sér mikið far um að af stýra því, að það hafi skaðlegar afleiðingar eða að minnsta kosti að minnka þær, svo sem verður, skal dómstólunum heimilt, þegar annað fleira er honum til málsbóta, að færa hegninguna niður fyrir lægsta stigið, sem lög ákveða, en þó ekki niður fyrir helming þess. Slíkt hið sama er og, ef maður af sjálfsdáðum gefur sig fram sem sekan eða samsekan í glæp nokkrum, og segir frá öllu, eins og það er.

62. grein.

Þegar löginn leggja þyngri hegningu við ítrekun glæps en þá almennu, sem ákveðin er, má þó ekki dæma glæpamanninn í hina þyngri hegningu nema því að eins, að hann hafi verið dæmdur í hinu danska ríki fyrir hinn fyrra glæpinn, áður en hann varð brotlegur í annað sinn, og hann þar að auki hafi verið fullra 18 ára, þegar hann drýgði hinn fyrra glæpinn.

Þegar liðin eru 10 ár, frá því að hann hefir út tekið hina fyrri hegninguna, og þangað til að hann drýgir hið nýja afbrot, skal farið eptir hinum almennu reglum í 58. grein um það, hvernig til taka skuli hegninguna, í stað ákvarðananna um ítrekun.

Sjöundi kapítuli.

Um það, er afbrotum lendir saman og um einstök tilfelli, er breyta má hegningunni.

63. grein.

Verðimaður, meðan á sama málinu stendur, uppvís að því, að hafa drýgt fleiri afbrot en eitt, skal ákveða hegninguna fyrir þau í einu lagi, og svo, að þau sæu öll tekin til greina, þá er til tekin er stærð refsingarinnar; en liggi líflát eða hegningarvinna æfilangt við hinu mesta afbrotinu, sem hann hefir drýgt, er ekki um frekari hegningu að ræða fyrir hin afbrotin.

Eigi sama hegningar-ákvörðun við um öll afbrotin, má ekki fara út fyrir hæsta stig hennar; eigi þau undir fleiri hegningar-ákvörðanir, skal refsingin sömuleiðis að öllum jafnaði vera innan takmarkanna í þeirri ákvörðuninni, sem setur þyngsta hegningu, en þó má þyngja hana svo eptir málavöxtum, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar, ef fleiri en eins konar afbrot hafa drýgð verið, og athöfnin er ekki hin sama.

Þó skal dómstólunum heimilt, þegar á að dæma sakamann undir eins bæði fyrir stóran glæp og annan, sem að tiltölu er lítillræði eitt, að bregða út af þessari reglu og beita jafnvel hinu lægsta stigi þeirrar hegningar, sem lögð er við hinum stóra glæpunum, ef að álíta má, að það eptir málavöxtum sé ærið alls.

64. grein.

Þegar hin lögákveðna hegning við glæpunum ekki yrði þyngd samkvæmt næstu grein á undan, nema farið væri út fyrir takmörk þau, sem sett eru hverri hegningar-tegund um sig, skal breyta allri hegningunni í þá hegningar-tegund, sem næst er og þyngri, eptir hlutfalli því, sem kveðið er á um í 2. kapítula.

Takmörk þau, sem typtunarhúsvinnu um tiltekinn áratíma eru sett í 12. grein í 2. kapítula, skulu þó ekki vera því til fyrirstöðu, að maður, þegar svona stendur á, sé dæmdur í typtunarhúsvinnu allt að 24 árum; slíkt hið sama er um einfalt fangelsi, og má lengja það allt að 3 árum.

65. grein.

Verði maður, sem búið er að dæma fyrir eitt afbrot eður fleiri, uppvís að, að hafa drýgt aðra glæpi, áður en hann var dæmdur, á að höfða nýtt mál og dæma hann í hegningarauka, er samsvari þeirri þynging hegningarinnar, sem afbrotin, er seinna komast upp, hefðu verðskuldað, ef þau hefðu verið tekin með í hinu fyrra málinu. Hafi refsing sú, sem sakamaðurinn áður var dæmdur í, verið hegningarvinna, og hann er ekki búinn að út taka hana, þegar dómur er upp kveðinn í hinu nýja málinu, má dæma hann í hegningarvinnu í viðbót skemmri tíma, en skemmstur er ákveðinn annars í 12. gr. í 2. kap. um hvora tegund hegningarvinnu um sig.

66. grein.

Um afbrot, sem fangar drýgja í hegningarhúsinu, á að fara

eptir lögnum um hegningarhúsið; sömuleiðis eiga hegningarákvarðanirnar í þeim lögum við, er maður, sem dæmdur er í typt-unarhúsvinnu æflangt, og honum er ekki hegningin upp gefin, drýgir afbrot að nýju utan hegningarhúss, og ekki liggur líflát við.

Áttundi kapítuli.

Um fyrningu sakar.

67. grein.

Ef sakamál er höfðað, og það sannast, að liðin eru 2 ár, frá því að afbrotið var framið og þangað til að mál var höfðað út af því við dómstólana, eða að mál að vísu hefir verið höfðað, en það hefir ónýtt verið og ekki tekið upp að nýju, áður en tæður frestur var liðinn, skal falla niður refsing sú, sem til er unnið, ef hún ekki hefði orðið þyngri en sektir, einfalt fangelsi eða hýðing með vendi.

Af þessu leiðir, að ekki skal höfða mál á móti manni til refsingar, þegar liðin eru 2 ár frá því að hann varð brotlegur, og afbrotið á undir hegningarákvörðun, þar sem ekki er sett þyngri hegning en sektir, einfalt fangelsi eða hýðing með vendi.

Þó eiga ákvarðanirnar í þessari grein ekki við um afbrot þau, sem rætt er um í 13. kapítula.

68. grein.

Hegningin fyrir afbrot, sem ekki ber að höfða mál út af af hálfu hins opinbera, eða hið opinbera því að eins á að fylgja málinu fram, að sá æski þess, sem misgjört er við, fellur ekki að eins niður samkvæmt hinni almennu reglu, sem sett er í 67. grein, heldur einnig þegar sá, sem misgjört er við, lætur líða 1 ár frá því að hann komst að, hver gjört hefir á hluta hans, án þess að höfða mál út af afbrotinu eða krefjast, að það sé höfðað. Hafi sá, sem misgjört er við, að vísu hafið málssóknina í tækan tíma, en málið hefir ónýtt verið eða hann hefir hætt við það, getur hann ekki höfðað mál að nýju, þegar 3 mánuðir eru liðnir frá því að fyrra málið var ónýtt eða hætt var við það, ef að tæður 1 árs frestur þá er á enda.

69. grein.

Um afbrot, sem börn hafa framið yngri en 15 ára, skal ekki hefja málsókn, ef að það ekki hefir gjört verið, áður en sá, sem í hlut á, er orðinn 18 ára, og það þó hegningin yrði þyngri en

ákveðið er í 67. grein. Sè höfðað mál á móti manni, sem er orðinn 18 ára, og það sannast, að hann hefir framið afbrot það, sem um er að ræða, áður en hann varð fullra 15 ára, fellur hegningin niður.

70. grein.

Sè ekki höfðað mál út af afbrotum, sem ungir menn á aldrursskeiði frá 15 til 18 ára hafa framið, fyr en sá, sem í hlut á, er orðinn 25 ára, fellur niður hegning sú, sem hann hefir unnið til, ef að sú verður niðurstaðan, að, ef átt hefði að kveða dóminn upp, áður en hann var orðinn fullra 18 ára, hefði hegningin ekki orðið meiri en hýðing með reyrpryki eða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Eigi verkið undir hegningar-ákvörðun, sem ekki hefði heimilað þyngri hegningu en hýðingu með reyrpryki eða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, ef að hefði átt að kveða dóminn upp, áður en sá var orðinn fullra 18 ára, sem í hlut á, skal ekki höfða mál til refsunar, ef að málssóknin ekki hefir verið byrjuð, áður en hann var orðinn fullra 25 ára.

71. grein.

Sök fyrir ekki í öðrum tilfellum en þeim, sem um er rætt í 67.—70. grein. Þó skal stiptamtmaninum yfir Íslandi heimilt að láta sleppa að höfða mál út af afbroti, þegar liðin eru 10 ár, frá því að það var drýgt. Hafi verið haldið rannsóknarpróf, þegar svo er ástatt, sem nú var sagt, á vegna þessa að senda stiptamtmaninum það, og sker hann úr, hvort hefja skuli málssókn; en komist ekki upp, fyr en búið er að höfða mál á móti grunuðum manni, að 10 ár voru liðin frá því að afbrotið var drýgt, áður en honum var birt stefnan, á dómstóllinn að skýra stiptamtmaninum frá málinu, og ákveður hann, hvort að eigi að dæma málið. Sèu liðin 10 ár frá því að hegningardómur var upp kveðinn, má ekki framkvæma hann nema að boði stiptamtmanins.

Níundi kapituli.

Um landráð.

72. grein.

Vekji maður uppreisn eða gjöri samsæri við önnur ríki í þeim tilgangi, að koma hinu danska ríki eða nokkrum hluta þess undir

yfirráð annara, eða brjóta nokkurn hluta þess undan Danmerkur krónu, hefir hann fyrirgjört lífi sínu.

Hver, sem tekur þátt í þvílíkri uppreisn, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 3 ár.

73. grein.

Gjörri maður í öðrum tilgangi en um er rætt í 72. grein samtök við stjórn í öðru ríki til þess að stofna til fjandsamlegra tiltækja eða ófriðar við hið danska ríki, þá varðar það lífláti eða typtunarhúsvinnu æfilangt, ef byrjað er á fjandsamlegum tiltækjum, eða ófriður hefir hafizt, en að öðrum kosti hegningarvinnu ekki skemur en 4 ár.

En gjörri maður hinu danska ríki til miska eða tjóns samtök við stjórn í öðru landi, til þess að koma henni til að hlutast um málefni ríkisins eða fara fram á kröfur við það, þá varðar það hegningarvinnu, eða, þegar málsbætur eru, ríkisfangelsi allt að 10 árum.

74. grein.

Hver sá, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir fram með því, eða á annan hátt, en um er rætt í 72. og 73. grein, stuðlar til þess, að önnur ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við hið danska ríki eða hlutist heimildarlaust um málefni þess, skal sæta hegningarvinnu eða ríkisfangelsi allt að 6 árum, eða, þegar miklar málsbætur eru, öðru fangelsi, en þó ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, og því að eins að hann ekki hafi unnið til þyngri refsingar eptir reglum þeim, sem settar eru í 4. og 5. kapitula.

75. grein.

Hver sá, sem, þegar ófriður er í landi, svíkur kastala eða aðra varnarstaði, herskip eða herlið, opinbera sjóði, hertýgjabúr, forðabúr eða forða af vopnum eða öðru, sem til hernaðar þarf, í hendur fjandmannanna, eða skýrir þeim frá fyrirætlunum hershöfðingjanna, ásigkomulagi eða ástandi kastala eða annara varnarstaða, eða segir þeim frá orðtaki eða bendingum í hernaði, og sömuleiðis hver sá, sem tælir hermennina til uppreisnar eða til þess að slást í lið við fjandmennina, eða til þess að yfirgefa stöðu, sem þeim er trúað fyrir, safnar liði handa fjandmönnum eða ber þeim njósnir — skal sæta lífláti eða typtunarhúsvinnu æfilangt

eða, þegar málsbætur eru, ákveðinn áratíma, þó ekki skemur en 10 ár.

Veiti nokkur maður, þegar ófriður er, fjandmönnum liðsinni á annan hátt í orði eða verki, þá varðar það hegningarvinnu ekki skemur en 3 ár.

76. grein.

Beri nokkur danskur þegn, þegar ríkið á í ófriði, vopn á móti því eða bandamönnum þess, þá varðar það lífláti, ef mjög miklar sakir eru, en annars hegningarvinnu, eða, þegar málsbætur eru, ríkisfangelsi ekki skemur en 3 ár.

77. grein.

Ráði maður í óleyfi konungs menn til útlendrar herþjónustu, en án þess að 75. grein geti átt við um það, þá varðar það hegningarvinnu allt að 6 árum, ef ríkið á í ófriði, en annars fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

Hver sá af þegnum konungs, sem í óleyfi hans lætur ráða sig í útlenda herþjónustu, þegar ríkið á í ófriði, en þó ekki hjá fjandmönnum þess, skal sæta fangelsi eða eptir málavöxtum betrunarhúsvinnu allt að 1 ári.

Undir eins og nokkur maður er ráðinn í útlenda herþjónustu, eiga hegningarákvarðanirnar í þessari grein við.

78. grein.

Hver sá, sem tælir nokkurn liðsmann í herliðinu eða skipaliðinu til þess að strjúka eða hjálpar honum til þess, en án þess að 75. grein eigi við um það, sæti hegningarvinnu allt að 8 árum, ef ríkið á í ófriði, óg annars fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 3 árum.

79. grein.

Verði nokkur maður, sem skyldur er til landvarnar, uppvis að, að hafa lemstrað sjálfan sig eða gjört sig á annan hátt óhæfan til herþjónustu, þá varðar það fangelsi, eða ef miklar sakir eru, einkum ef ríkið á í ófriði eða á von ófriðar, betrunarhúsvinnu allt að 1 ári.

80. grein.

Sè manni á hendur falið í erindagjörðum ríkisins að semja

eða gjöra út um eitthvað við annað ríki, og hann breytir af ásettu ráði á móti hag ríkisins í erindagjörðum þessum, þá varðar það hegningarvinnu 3 ár til 16 ára.

81. grein.

Ef að nokkur sá, sem vegna embættisstöðu sinnar hefir færi á að þekkja leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, segir frá þeim, eða kunnngjörir, eða lætur uppi við óviðkomandi menn skjöl, sem hann hefði átt að leyna eða geyma, þá varðar það hegningarvinnu eða, þegar málsbætur eru, ríkisfangelsi, þó ekki skemur en 3 ár.

Fái nokkur annar maður vitneskju um þess konar samninga, ráðagerðir eða ályktanir, og segi frá þeim, eða komist hann yfir þess konar skjöl og birti þau, þó að hann ekki gæti verið þess óvitandi, að þetta átti leynt að fara, þá varðar það ríkisfangelsi, eða, þegar miklar sakir eru, hegningarvinnu allt að 8 árum.

82. grein.

Hver sá, sem falsar, ónýtir eða á annan hátt spillir skilríkjum eða öðrum skjölum, sem heill ríkisins eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, skal sæta hegningarvinnu 3 ár til 16 ára, ef hann vegna embættisstöðu sinnar hafði færi á að komast að þeim, en hafi hann komist yfir þau á annan hátt, varðar það ríkisfangelsi, eða, þegar miklar sakir eru, hegningarvinnu allt að 8 árum.

83. grein.

Vinni maður nokkurt það verk, sem miðar til þess að ráða útlendum landshöfðingja, sem er í vinfengi við konung, bana, þá varðar það lífláti eða hegningarvinnu æflangt, eða, þegar málsbætur eru, tiltekinn ára tíma, þó ekki skemur en 3 ár.

Ráðist nokkur maður annars á slíkan útlendan landshöfðingja, varðar það hegningarvinnu eða ríkisfangelsi eitt ár eða fleiri eptir því, hvernig glæpurinn er vaxinn.

Hver, sem hótar útlendum landshöfðingja, sem er í vinfengi við konung, að ráðast á hann, veður upp á hann með illyrðum eða ávarpar hann á annan hátt, sem honum er misgjörð í, skal sæta betrunarhúsvinnu, ríkisfangelsi eða öðru fangelsi, þó ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi.

En meiði maður útlendar þjóðir, sem eru í vináttu við konung, með orðum, bendingum eða myndauppdráttum, einkum á þann hátt að lasta og smána þá, sem ríkjum ráða, í prentuðum ritum, eða dróttu að þeim ranglátum og skammarlegum athöfnum, án þess að tilgreina heimildarmann sinn, þá varðar það fangelsi, eða, þegar málsbætur eru, 20 til 200 ríkisdala sektum.

84. grein.

Ráðist maður á sendiherra annars ríkis við hirð konungs, þá varðar það betrunarhúsvinnu eða ríkisfangelsi allt að 2 árum, eða öðru fangelsi, ef ekki hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum heimila þyngri refsingu.

Hóti maður slíkum sendiherra árás, vaði upp á hann með illyrðum eða ávarpi hann á annan hátt, er honum er misgjörð í, þá varðar það fangelsi.

Meiði nokkur annars sendiherra með orðum, bendingum eða myndauppdráttum, þá varðar það einföldu fangelsi, eða, þegar málsbætur eru, 20 til 200 ríkisdala sektum.

85. grein.

Út af afbrotum þeim, sem um er rætt í 83. og 84. grein, nema þeim sem talað er um í 1. og 2. kafla 83. greinar, skal ekki höfðuð málssókn af hálfu hins opinbera, nema stjórn sú eða sendiherra, sem í hlut á, krefjist þess, og sè svo, þá að boði dómsmálastjórnarinnar.

Tíundi kapítuli.

Afbrot gegn stjórnarskipuninni.

86. grein.

Hafist maður nokkuð það að, sem miðar til þess að svipta konunginn lífi, frelsi eða konungdómi, þá hefir hann fyrirgjört lífi sínu.

Vekji maður uppreisn í þeim tilgangi, að breyta stjórnarskipuninni eða ríkiserfðunum, eða komi til leiðar á annan hátt eða stýri ofbeldisverkum, er miða til að koma fram slíkri breytingu, þá varðar það lífláti eða typtunarhúsvinnu æflangt.

Hver, sem tekur þátt í þess konar uppreisn eða ofbeldi, sæti hegningarvinnu ekki skemur en 3 ár.

87. grein.

Leitist maður við á annan ólöglegan hátt að koma til leiðar breytingu á stjórnarskipuninni eða ríkiserfðunum, þá varðar það hegningarvinnu, eða ríkisfangelsi, ef málsbætur eru.

88. grein.

Sömu refsingu, en samt ekki lengur en í 8 ár, skal sá maður sæta, er með ofbeldi, hótunum um ofbeldi eða á annan ólöglegan hátt leitast við að aptra því, að kosningar fari fram til alþingis, eða að alþingi komi saman, eða gegni störfum sínum á tilsettum tíma, án þess að 86. grein samt eigi við um athæfi hans.

Ellefti kapítuli.

Afbrot gegn konungi og ættingjum konungs o. fl.

89. grein.

Verði nokkrum manni sú óhæfa, að ráðast á konunginn, þá varðar það typtunarhúsvinnu, ef að hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum ekki heimila þyngri refsingu.

90. grein.

Vaði maður upp á konunginn með hótunum, illyrðum eða annari svívirðing eða ávarpi hann á annan hátt, sem honum er misgjörð í, þá varðar það hegningarvinnu eða ríkisfangelsi í 1 ár og allt að 8 árum.

91. grein.

Ef að nokkur maður annars með hótunum, smánunum eða annari óhæfilegri aðferð misbrýtur gegn lotningu þeirri, sem ber að sýna konunginum, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu.

92. grein.

Vinni maður nokkurt það verk, sem miðar til þess að svipta drottninguna, konungsefnið eða ekkju konungs lífi eða frelsi, þá varðar það lífláti eða typtunarhúsvinnu.

93. grein.

Ráðist maður annars á drottninguna, konungsefnið eða ekkju

konungs, þá varðar það hegningarvinnu, ef hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum ekki heimila þyngri refsingu.

94. grein.

Verði maður brotlegur við drottninguna, konungsefnið eða ekkju konungs í nokkru því athæfi, sem um er rætt í 90. og 91. grein, skal færa niður hegningar þær, sem þar eru settar, eptir málavöxtum allt að helmingi.

95. grein.

Sè nokkurt af afbrotum þeim, sem um er rætt í 89.—91. grein, drýgt á móti nokkrum öðrum prinzi, sem arfgengur er eptir lögunum um ríkiserfðir, eða nokkurri prinsessu af dönsku konungsettinni, sem á heima í Danmörku, skal auka hinar almennu hegningar, sem settar eru í lögum þessum allt að helmingi eptir málavöxtum.

96. grein.

Hver, sem ræðst á alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin, eða lætur boð út ganga, er að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, skal sæta hegningarvinnu eða ríkisfangelsi, eigi afbrotið ekki undir 86. grein.

97. grein.

Til sömu hegningar vinnur hver sá, er á sama hátt misbrýtur við ríkisráðið, þegar það hefir stjórnina á hendi samkvæmt grundvallarlögunum, eða við ríkisréttinn eða hæstarétt.

98. grein.

Út af afbrotum þeim, sem um er rætt í 89.—95. grein, skal að eins höfðað mál að skipun dómsmálastjórnarinnar.

Tólfli kapítuli.

Um brot á móti valdstjórninni og allsherjarreglu.

99. grein.

Hver, sem ræðst á embættismann, þegar hann er að embættisverki, eða út af embættisverki, með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, og eins sá, sem á sama hátt leitast við að neyða embættismann til að gjöra nokkurt embættisverk, eða aptra honum frá að

gjöra það, skal sæta hegningarvinnu allt að 6 árum, eða fangelsi, þegar málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, nema að afbrotið sé svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

Ef að maður annars gjörir embættismanni tálmanir í að gegna embættisstörfum sínum, þá varðar það fangelsi eða sektum.

Þeir menn, er sitja í sveitastjórnar-ráðum, og aðrir þess háttar menn, sem kosnir eru til að hafa sýslun á hendi af hálfu hins opinbera, standa jafnfætis embættismönnum að þessu leyti, þegar þeir eru að gegna sýslu sinni.

100. grein.

Hver, sem verður sekur um ofbeldi eða hótanir um ofbeldi við varðmenn, varðflokka eða aðra hermenn, sem skipaðir eru í sendifarir, eða tálmar þeim að reka erindi sitt, skal sæta refsingu eptir ákvörðununum í 99. grein; þó má færa hegninguna niður eptir málavöxtum allt að mánaðar einföldu fangelsi, þegar eins er ástatt, og gjört er ráð fyrir í fyrsta lið greinarinnar.

101. grein.

Sýni maður sig í nokkurri þess konar mótgjörð, sem vikið er á í 99. grein, við minni háttar réttarþjóna eða lögregluþjóna, tollþjóna, hreppstjóra, stefnuvotta eða aðra þess háttar sýslunarmenn hins opinbera, þá varðar það betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru.

Jafnfætis tæðum sýslunarmönnum standa þeir menn, sem dómari eða yfirvald boðar sér til aðstoðar við rekstur opinberra starfa.

102. grein.

Hver, sem veður upp á embættismann, eða nokkurn þann mann, sem nefndur er í 99.—101. grein, með smánunum, skammaryrðum eða öðrum meiðandi orðum, þegar hann er að gegna embætti sínu eða sýslun eða út af því, sæti fangelsi eða sektum.

103. grein.

Þegar á að kveða á um refsingar þær, sem settar eru í 99.—102. grein, ber að taka til greina til málsbóta, ef embættismaðurinn eða sýslunarmaðurinn, sem í hlut á, hefir með röngu atferli

sínu gefið tilefni til þess, sem gjört var, og má jafnvel færa fangelsishegningu niður í sektir, þegar svo er.

104. grein.

Hafi mannsöfnuður látið opinberlega í ljósi í orði eða verki, að þeir ætli sér að hjálpast að að neyða yfirvaldið til þess að gjöra eitthvað eða láta eitthvað ógjört, eða að veitast að, að setja sig með ofbeldi upp á móti einhverri ályktun yfirvaldsins, þá skal forgöngumönnunum refsað með hegningarvinnu allt að 6 árum, ef haft hefir verið í frammi ofriki við menn eða fjármuni manna, og öðrum hluttakendum með fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

Hafi ekki verið haft í frammi ofbeldi við menn eða fjármuni manna, en mannsöfnuðurinn ekki hefir viljað hlýðnast áskorun yfirvaldsins að sundrast (105. grein), skal forgöngumönnunum refsað með fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, og hinum öðrum hluttakendum með fangelsi. En hafi mannsöfnuðurinn rofzt annaðhvort af sjálfsdáðum eða eptir áskorun yfirvaldsins, án þess að óskundi hafi verið gjörður mönnum eða á fjármunum manna, skal að eins refsa forgöngumönnunum með fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 1 ári.

105. grein.

Þegar yfirvaldið hefir skorað á mannsöfnuð, er saman hefir þyrpt á almannafæri, þrisvar sinnum í nafni konungs og laganna að sundrast, skal þeim, sem ekki hlýðnast þessari skipun, refsað með sektum eða fangelsi.

Hafi nokkur maður þar að auki ofbeldi í frammi við menn eða fjármuni manna, án þess að 104. grein geti átt við um það, skal hann sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

106. grein.

Taki maður heimildarlaust burtu auglýsingu, sem fest hefir verið upp að yfirvalds-ráðstöfun, eða skemmi hana, þá varðar það sektum eða fangelsi.

107. grein.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem heimildarlaust tekur burt eða skemmir af ásettu ráði innsigli eða merki, sem einhver opinber yfirboðari hefir sett á eitthvað í embættis-nafni, nema að athæfi hans sé eitthvert annað afbrot út af fyrir sig.

108. grein.

Hver, sem tekur sér eitthvert opinbert vald, sem hann ekki hefir, og sem þeir einir geta beitt, sem hafa eitthvert opinbert embætti, sýslun eða umboð á hendi, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi allt að 1 ári, ef að verk hans er svo vaxið, að til þyngri hegningar sé unnið.

109. grein.

Frelsi maður fanga úr valdi yfirvalds eða dómara, eða útvegi honum það, sem með þarf til að komast undan eða færi á því, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu, og ef beitt hefir verið ofbeldi eða hótunum um ofbeldi við gæzlumennina, eða ef sá, sem frelsar fangann, lætur hann fá verkfæri til að komast undan með þess konar ofbeldi, getur hegningin komizt upp í 4 ára betrunarhúsvinnu.

Hverjum þeim, sem frelsar mann, sem búíð er að handtaka, eða útvegar honum það, sem þarf til að komast undan eða færi á því, skal refsað með sektum eða fangelsi, og getur hegningin komizt upp í 2 ára betrunarhúsvinnu, ef beitt hefir verið ofbeldi.

110. grein.

Hafi maður fengið áreiðanlega vitneskju um nokkurn þann glæp á móti konungi, föðurlandi sínu eða stjórnarskipuninni, sem um er rætt í 72., 73., 75. og 86. grein, og segi yfirvöldunum ekki frá því, þó að hann hefði getað gjört það, án þess að lífi eða velgengni sjálfs hans eða neins þeirra, sem honum eru nánastir, sé nein hættu búin, þá varðar það fangelsi eða ríkisfangelsi eða betrunarhúsvinnu, ef að glæpurinn verður framkvæmdur.

Með sama skilyrði skal hverjum þeim, sem hefir fengið áreiðanlega vitneskju um, að morð, rán eða annar glæpur, sem lífi manna er hættu búin af, sé fyrirætlaður, refsað með fangelsi eða betrunarhúsvinnu, ef að hann ekki gjörir allt, sem í hans valdi stendur til þess að afstýra glæpnum, með því að gjöra þann, sem hættu er búin, varan við, eða með einhverju öðru móti, sem við á, eptir því hvernig á stendur, og, ef nauðsyn krefur, með því að gefa yfirvöldunum það til vitundar.

Ákvarðanirnar í þessari grein eiga þó ekki við um börn yngri en 15 ára, og ekki skal heldur manni eða konu þess, sem misgjörir, systkinum hans, né heldur þeim, sem honum eru skyldir

eða tengdir í beinan ættlegg upp eða niður, nè fósturforeldrum nè uppeldisbörnum refsað, þó þau hafi látið fyrir farast, að segja yfivöldunum frá.

111. grein.

Hver, sem felur mann, sem hann veit að er strokinn fangi, eða að honum er veitt eptirför af hálfu hins opinbera fyrir glæpi, eða hjálpar honum til að flýja, skal sæta sektum eða fangelsi. Fangelsi, eða sektum, ef málsbætur eru, skal sá sæta, sem gjörir ummerki glæps að engu eða dylur þau, rétt eptir að nýbúið er að drýgja glæpinn, eða þegar verið er að komast fyrir hann af hálfu hins opinbera.

Samt skal ekki refsa hjónum, systkinum, þeim sem skyldir eru eða tengdir í beinan ættlegg upp eða niður, fósturforeldrum nè uppeldisbörnum fyrir þess konar athöfn.

112. grein.

Föngum, sem settir eru til hegningarvinnu, skal refsað fyrir strok og samblástur og fyrir glæpi, er þeir misbrjóta við embættismennina eða þjónana, sem skipaðir eru við hegningarhúsið, eptir þeim ákvörðunum, sem um það eru í lögnum um hegningarhúsið.

Hafi aðrir fangar tekið sig saman um að hjálpast að að strjúka, þá varðar það einföldu fangelsi allt að 2 mánuðum eða öðru fangelsi jafnlengi að tiltölu.

113. grein.

Ef nokkur maður með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi tálmar þinghaldi, fundum embættismanna í sveitastjórninni eða öðrum lögboðnum samkomum um opinber málefni, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári.

Sömu hegningu eða sektum eptir málavöxtum skal sá sæta, sem með ofbeldi eða á annan slíkan hátt slitur eða glepur störf-in eða umræðurnar á þess konar fundi eða samkomu.

114. grein.

Raski nokkur kosningarfrelsi manna með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, annaðhvort á þann hátt, að meina manni að neyta kosningarréttar síns til alþingis, eða að neyða mann til að greiða atkvæði svo eður svo, þá varðar það betrunarhúsvinnu eða fangelsi.

Rangfæri nokkur vísitandi atkvæðagreiðsluna, þá er kosningar fara fram til alþingis, eða kaupir atkvæði manns, þá varðar það fangelsi.

115. grein.

Hver, sem selur atkvæði sitt, þá er kosningar fara fram til alþingis, gjaldi sektir og fyrirgjörir kosningarrétti sínum í fyrsta skipti um 5 ár, í annað sinn fyrir fullt og allt.

116. grein.

Sè nokkuð af því, sem um er rætt í 114. grein, aðhafzt við kosningar í sveitastjórn, þá varðar það fangelsi, eða sektum, ef málsbætur eru.

Selji maður atkvæði sitt við kosningar í sveitastjórn, þá varðar það sektum, og hefir hann fyrirgjört kosningarrétti sínum í þeim málefnum, í fyrsta skipti um 5 ár, og í annað sinn fyrir fullt og allt.

117. grein.

Taki maður sér sjálfur ólöglega þann rétt, er hann hefði átt að leita dómstólanna um, þá varðar það sektum, ef ekki hefir verið unnið til þyngri refsingar eptir öðrum laga-ákvörðunum. Út af slíkri sjálfstöku skal ekki höfða opinbera málssókn.

Þrettándi kapítuli.

Um afbrot í embættisfærslu.

118. grein.

Ef nokkur embættismaður heimtar, tekur á móti eða lætur lofa sér gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann ekki á tilkall til, fyrir embættisverk sín, en hann þó ekki að öðru leyti með því brýtur í neinu á móti embættisskyldu sinni, þá varðar það sektum ekki minni en 25 rd., einföldu fangelsi eða embættismissi.

119. grein.

Ef að nokkur embættismaður heimtar, tekur á móti eða lætur lofa sér gjöfum eða öðrum ávinningi fyrir að brjóta á móti embættisskyldu sinni í einhverju, þá varðar það embættismissi og fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða betrunarhúsvinnu.

120. grein.

Hver, sem gefur, lofar eða býður embættismanni gjafir eða annan ávinning, til þess að fá hann til að gjöra eitthvað eða láta eitthvað ógjört, er hann með því brýtur á móti embættisskyldu sinni, skal sæta fangelsi eða sektum.

121. grein.

Hverjum þeim dómara, er í dómarastörfum sínum heimtar, tekur á móti eða lætur lofa sér gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann ekki á tilkall til, skal refsað með embættismissi, og þar á ofan, ef miklar sakir eru, með fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu.

Verði dóm-nefndarmaður brotlegur í hinu sama í þeim störfum sínum, þá varðar það betrunarhúsvinnu eða fangelsi.

122. grein.

Hverjum, sem mútar eða leitast við að múta dómara eða dóm-nefndarmanni, skal refsað með fangelsi, eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef mjög miklar sakir eru, ef að hann hefir ekki unnið til þyngri hegningar eptir öðrum lagaákvörðunum.

123. grein.

Í tilfellum þeim, sem um er rætt í 118.—122. gr., skal dæma sjóði þeim, sem landstekjurnar renna í, gjafir þær eða ávinning, sem látið hefir verið í tæ, eða jafnvirði þess.

124. grein.

Gjörri dómari sig vísvitandi sekan í nokkru ranglæti í dómarastörfum sínum, þá varðar það embættismissi og hegningarviðvæðing allt að 10 árum, eða fangelsi ef málsbætur eru, ekki skemur en 1 ár.

125. grein.

Embættismanni, sem beitir embættisvaldi sínu til þess að neyða nokkurn mann á ólöglegan hátt til þess að gjöra eitthvað, þola eitthvað eða láta eitthvað ógjört, skal refsað með einföldu fangelsi, eða með embættismissi, þegar miklar sakir eru, ef athæfi hans ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

126. grein.

Embættismanni, sem beitir höggum og barsmiði eða öðru ofbeldi, þegar hann er að gegna embættisstörfum sínum, skal refsað með sektum eða einföldu fangelsi, eða embættismissi, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

127. grein.

Ef rannsóknar-dómari í sakamáli beitir ólöglegri þvingun til þess að kúga menn til játningar eða sagna, þá varðar það einföldu fangelsi eða embættismissi, eða sektum, ef málsbætur eru.

128. grein.

Dómara, sem setur eða lætur setja mann í fangelsi ólöglega, eða heldur honum þar að ólögum lengur en vera ber, skal refsað með einföldu fangelsi ekki skemur en mánuð, eða með embættismissi, ef að verk hans ekki er svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

129. grein.

Hver sá embættismaður, sem að ólögum setur mann fastan, rannsakar heimili manns eða tekur til sín bréf eða önnur skjöl og rannsakar þau, eða lætur gjöra nokkuð af þessu, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi, eða missa embætti sitt, ef miklar sakir eru.

130. grein.

Verði svo fyrir mælt í íslenskum stjórnarskipunarlögum, að hver sá maður, sem handtekinn er, skuli færður fyrir dómara, áður en tiltekinn tími sé liðinn, að einnig skuli kveða upp dómsúrskurð innan tiltekins tíma um það, hvort handteknur manni skuli haldið í varðhaldi, að ekki megi setja mann í fangelsi til gæzlu fyrir yfirsjónir, sem ekki varða miklu, og að til rannsóknar á heimili manns eða kyrrsetningar og rannsóknar á bréfum og öðrum skjölum þurfi dómsúrskurð, nema eitthvert lagaboð heimili undantekning frá því, þá skal sá gjalda sektir, er út af því bregður, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

131. grein.

Ef að embættismaður kemur til leiðar, ályktar eða heldur áfram sakamáls-rannsókn á móti manni, sem hann veit að er sýkn saka, þá varðar það embættismissi og fangelsi ekki vægara en 3

mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru.

Sömu hegningu skal sá embættismaður sæta, sem vísvitandi lætur framkvæma á manni refsingu eptir dómi, án þess að skeyta um það, sem fyrir skipað er í lögum um, að skjóta dóminum til æðra dóms eða um eptirgjöf hegningarinnar af konungi.

Hafi hin síðarnefnda yfirsjónin orðið af gáleysi, þá varðar það sektum eða einföldu faagelsi.

132. grein.

Ef að embættismaður, sem er í því embætti, að hann á að stuðla til að halda uppi hegningarvaldinu, lætur af ásettu ráði farast fyrir að hefja málssókn út af hegningarverðu verki, eða gjörir eða vanrækir eitthvað til þess að koma til leiðar, annaðhvort að maður verði dæmdur sýkn eða í vægari refsingu eða til að hlífa manni við að taka út hegningu, sem á hann hefir verið lögð, þá varðar það einföldu fangelsi eða embættismissi, eða sektum, ef málsbætur eru, ef að verkið að öðru leyti ekki er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

133. grein.

Hafi embættismaður, sem á að gæta fanga, af ásettu ráði látið fangann komast undan eða stutt að því að hann komist undan, þá skal hann missa embætti sitt, og, ef miklar sakir eru, þar á ofan sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu.

Hafi það orðið af gáleysi eða hirðuleysi, þá varðar það sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi.

134. grein.

Hafi nokkur embættismaður, sèr eða öðrum í hag eða öðrum til meins, tilgreint nokkuð í bókum þeim, sem fylgja embætti hans, er aldrei hefir gjörzt, eða til greinir eitthvað öðruvísi, en það hefir gjörzt, semur skjöl, sem hann á að gjöra eptir embættisbókum sínum, svo að efnið raskast, falsar, ónýtir eða aflagar á annan hátt skjöl, sem honum er trúað fyrir eða hann kemst að vegna embættisstöðu sinnar, þá varðar það embættismissi og þar á ofan hegningarvinnu allt að 6 árum, eða fangelsi, ef málsbætur eru, ekki vægara en 6 mánaða einföldu fangelsi, ef að verkið ekki er svo vaxið að öðru leyti, að þyngri hegning liggi við því.

135. grein.

Hafi embættismaður gjört nokkuð af því, sem um er rætt í 134. grein, án þess að athæfi hans þó geti átt undir ákvarðanir greinarinnar, eða hafi hann annars látið uppi í embættisnafni rangt vitnisburðarbréf eða ranga skýrslu, eða af ásettu ráði látið hjá líða að geta í vitnisburðarbréfinu eða skýrslunni um atvik, sem verður að álíta að skipti miklu málefni það, er um er verið að ræða, þá varðar það embættismissi, einföldu fangelsi, ekki skemur en mánuð, eða sektum, ef málsbætur eru.

136. grein.

Verði nokkur embættismaður, sem hefir opinbert fè undir höndum og er í ábyrgð fyrir því, uppvís að því, að það vanti hjá honum upp á það, sem á að vera í sjóðnum, þá hefir hann fyrirgjört embætti sínu. Sèu miklar sakir, skal hana þar á ofan sæta betrunarhúsvinnu, og hafi hann strokið með nokkuð af fè því, sem honum er trúað fyrir, eða hafi reynt til þess, getur hegningin aukizt allt að 8 ára hegningarvinnu.

Til hinnar síðast nefndu hegningarinnar hefir hann líka unnið, ef hann hefir leitazt við á sviksamlegan hátt að leyndu sjóðpurrðinum, til að mynda ef eitthvað er af ásettu ráði ranghermt í bókum þeim, sem ætlaðar eru til að rita í þær tekjurnar eða gjöldin, eða til þess að umsjón verði höfð með tekjum og gjöldum, eða í skráum eða reikningum, eða ef eitthvað af þessu er falsað eða því hefir verið skotið undan, eða ef lagðir hafa verið fram rangir reikningar eða röng reikningságrip eða önnur röng fylgiskjöl með þeim, eða ranghermt er um, hversu mikið eða hvað sè í tunnum, pokum eða böggjum.

Það sem nú hefir sagt verið um bresti, að því er snertir peninga eða peningamuni, sem embættismanni er trúað fyrir, á einnig við að því er snertir korn, fóður, efnivið og aðra þess konar muni.

Ef að bætt er í sjóðinn því, sem í hann vantaði, áður en 3 sólarhringar eru liðnir frá því, að það komst upp, má sleppa að höfða málssókn, ef að aðrar fleiri málsbætur eru, og stjórnarráð það, sem í hlut á, veitir samþykki til þess.

137. grein.

Hver sá bókunarmaður, endurskoðunarmaður, sjóðumsjónar-

maður eða annar embættismaður, sem hylmir yfir með skattheimtumanni, sem hann á að hafa umsjón með, eða að öðru leyti er bendlaður við afbrot hans, er undir sömu ábyrgðina og hegninguna seldur eins og hann.

138. grein.

Ef að embættismaður, sem á að taka við sköttum eða öðrum opinberum gjöldum, heimtar eða tekur sèr til ávinnings við þess konar sköttum eða gjöldum, sem hann veit að gjaldandi annaðhvort alls ekki er skuldugur um eða að hann skuldar minna, þá skal hann missa embætti sitt, og, ef miklar sakir eru, sæta þar á ofan fangelsi eða betrunarhúsvinnu.

139. grein.

Ef að nokkur embættismaður, sem hefir póstmálefni á hendi, heimildarlaust rífur upp, ónýtir eða skýtur undan bréfum eða bögglum, sem afhent eru til flutnings með pósti, eða ef hann er vísitandi öðrum liðsinntur í þess konar athæfi, þá skal hann missa embætti sitt, og, ef miklar sakir eru, þar á ofan sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggir við því.

140. grein.

Hver sá embættismaður, sem segir frá nokkru, er snertir embætti hans og á að fara leynt, skal sæta sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggir við því.

141. grein.

Embættismaður sá, sem tælir eða leitast við að tæla embættismenn þá, sem undir honum eru, til embættisafbrotu, skal sæta þeirri hegningu, sem lögð er við þessum afbrotum, og má þar á ofan eptir atvikum dæma hann til að hafa fyrirgjört embætti sínu, þegar afbrotið sjálft er ekki svo vaxið, að sú hegning sè við því lögð.

142. grein.

Ef að embættismaður í öðrum tilfellum, en getið er um hér að framan, notar embættisstöðu sína ranglega sèr til ávinnings, eða til þess að gjöra nokkuð það, er hallar réttindum einstakra manna

eða hins opinbera, þá varðar það sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggja við því.

143. grein.

Sá embættismaður, sem synjar eða af ásettu ráði lætur farast fyrir að gjöra það, sem honum er boðið á löglegan hátt, sæti sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi.

144. grein.

Fyrir vanrækt eða hirðuleysi í embættisrekstri, sem ekki er lögð nein sérstök hegning við í lögum, skal sömuleiðis refsað, ef nokkrum verður það opt á, eða ef hann sýnir af sér stórkostlega vanrækt eða hirðuleysi, með sektum eða einföldu fangelsi, eða embættismissi, ef miklar sakir eru.

145. grein.

Það, sem fyrir er mælt hér að framan um embættismenn og um embætti, á einnig við um sýslunarmenn og sýslanir þær, sem þeim er trúað fyrir, en samt þannig, að það má færa hegninguna niður að tiltölu, og að við sýslunarmenn má beita fangelsi eða sektum eptir atvikum í stað embættismissis.

Ákvarðanirnar hér að framan eiga þar að auki ekki að eins við um þá, sem fyrir fullt og allt eru skipaðir í embætti eða sýslan, heldur einnig um þá, sem falið er á hendur að veita embætti eða sýslan forstöðu um stundarsakir eða að reka einhvern starfa, sem þar að lýtur, en samt þannig, að ef að hefði átt að dæma embættið eða sýslanina af embættismanninum eða sýslunarmanninum, skal fangelsi eða sektir koma í stað þess.

Fjórtaði kapítuli.

Meinsæri og aðrir glæpir, sem eiga skylt við það.

146. grein.

Það vitni, sem fyrir rétti ber falsvitni og vinnur eið að því, hvort sem að eiðurinn er tekinn af því eptir framburð þess, eða að það ber vitni samkvæmt áður unnum eiði, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 2 ár og allt að 10 árum, ef að ekki tjón það, sem vitnið olli eða ætlaði sér að koma til leiðar með fals-

vitni sínu, er svo vaxið, að það hafi unnið til þyngri refsingar. Ef að vitnið af sjálfsdáðum tekur falsvitni sitt aptur, má beita hegningarviðinu á vægara stigi, og ef miklar málsbætur eru, má jafnvel beita hegningu í fangelsi við vatn og brauð, ekki samt skemur en 4 sinnum 5 daga.

147. grein.

Hafi maður borið falsvitni fyrir rétti, en ekki verið tekinn eiður af honum, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga, eða betrunarhúsvinnu; samt má beita hegningu í einföldu fangelsi ekki skemur en 2 mánuði, ef honum er margt og mikið til málsbóta. Ef að hann tekur falsvitni sitt aptur af sjálfsdáðum, má færa hegninguna niður í 8 daga einfalt fangelsi, eða jafnvel láta hana falla alveg niður, ef sérlegar málsbætur eru.

148. grein.

Hafi maður borið falsvitni í opinberu sakamáli, en það sannast, að málefnið varðaði hann sjálfan, eða að hann hafði ástæðu til að halda, að svo væri, skal honum ekki refsað, ef hann ekki hefir sannað framburð sinn með eiði; hafi hann verið látinn vinna eið, má refsa honum með fangelsi. — Sannist það annars, þegar einhver hefir borið falsvitni fyrir rétti, að það hefði ekki átt að krefja hann vitnisburðar vegna þess, að hann er viðriðinn við málið eða málspartana, á að færa niður hegningar þær, sem settar eru í 146. og 147. grein, og má jafnvel beita sektum að eins, ef hann ekki hefir verið látinn vinna eið og málsbætur eru.

149. grein.

Hafi vitni af eintómu athugaleysi látið hjá líða að segja frá því, sem hann vissi málinu til skýringar, þá varðar það fangelsi, eða sektum, ef miklar málsbætur eru.

150. grein.

Ef að menn, sem skipaðir eru af dómi, yfirvaldi, eða öðrum, sem hefir opinbert vald á hendi, til þess að halda skoðunar-, álits- eða virðingargjörðir, láta með eiði eða skýlaust samkvæmt áður unnum eiði uppi þvílíka skoðun, álit eða virðingu á móti sannfæringu sinni, skal þeim refsað sem falsvottum.

Verði slíkum mönnum afbrigði, sem minna er í varið, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef miklar málsbætur eru.

151. grein.

Hafi málspartur sannað sögu sína fyrir rétti með röngum eiði, skal honum refsað sem falsvotti. En hafi hann að eins ætlað að koma sjálfum sér undan hegningu með þessum ranga eiði, má færa hegninguna niður eptir atvikum, jafnvel niður í betrunarhúsvinnu á vægasta stigi, eða niður í fangelsi við vatn og brauð í tvenna 5 daga, ef eins stendur á og gjört er ráð fyrir í 2. kafla 146. greinar.

152. grein.

Ef að nokkur maður, sem á að sanna nokkuð með eiði fyrir einhverjum, sem hefir opinbert vald á hendi, í öðrum tilfellum, en nú hafa nefnd verið, verður sekur í meinsæri, þá varðar það betrunarhúsvinnu. Kalli hann af sjálfsdáðum aptur falssögn sína, má færa hegninguna niður í fangelsi við vatn og brauð í tvenna 5 daga, ef málsbætur eru.

153. grein.

Það, sem fyrir er mælt hér að framan, á einnig við um ranga skriflega vottun samkvæmt áður unnum eiði, svo og um þvílíka vottun með eiði, þar sem skriflegan eið má við hafa eptir lögum.

154. grein.

Sömuleiðis eiga hegningar-ákvörðanirnar hér að framan við um þá, sem annaðhvort vinna eið á annan hátt en hinn venjulega, sem skipað er fyrir um í lögum, eða sanna sögu sína á einhvern annan hátt, sem kemur í stað eiðs.

155. grein.

Hver sem lýsir einhverju yfir og býðst til að vinna eið að því, eða gjörir það upp á æru sína og trú, og það er í þeim tilfellum, þar sem slíkt er boðið eða leyft í lögum, skal sæta fangelsi, ef það reynist rangt, sem hann hefir lýst yfir, eða sektum, ef málsbætur eru, nema einhver önnur hegning sé við lögð í sérstaklegum lagaákvörðunum.

156. grein.

Ef að nokkur maður annars lætur uppi ranga skriflega yfirlýsingu eða ber skriflegt vottorð um eitthvað, sem hann ekki veit neitt um, og þetta er ætlað til að vera notað í málefnum, sem

varða hið opinbera, þá skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef að verkið ekki er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

Fimmtánda kapítuli.

• Afbrot gegn trúarbrögðunum.

157. grein.

Hver, sem gjörir gys að eða smáanar trúarlærdóma eða guðs-
dýrkun nokkurs trúarbragðafélags, sem er á Íslandi, skal sæta
fangelsi ekki vægara en 1 mánaðar einföldu fangelsi, eða sektum,
ef miklar málsbætur eru.

158. grein.

Ef að nokkur maður aptrar með ofbeldi eða hótunum um
ofbeldi, að haldin sè guðspjónustugjörð eða önnur opinber kirkju-
leg athöfn, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að ári.

Hver, sem tálmar eða truflar guðspjónustugjörðina eða ein-
stakar guðrækilegar athafnir með því að gjöra skarkala eða óreglu,
skal sæta sektum eða fangelsi.

159. grein.

Hver, sem raskar grafarhelginni, skal sæta fangelsi, ef athæfi
hans er ekki að öðru leyti svo vaxið, að þyngri hegning liggi við
því.

Sextánda kapítuli.

Afbrot á móti skírlífi.

160. grein.

Hver, sem drýgir hórdóm, skal sæta fangelsi, eða ef hjóna-
bandssambúðinni er slitið og aðrar málsbætur eru, þá sektum.

Opinber málssókn skal því að eins höfðuð, að það hjónanna,
sem misgjört er við, krefjist þess.

161. grein.

Ef að kvæntur maður eða gipt kona gengur að eiga aðra konu
eða annan mann, þá varðar það hegningarvinnu ekki skemur en
2 ár og allt að 6 árum. Þegar miklar málsbætur eru, má
samt færa hegninguna niður í betrunarhúsvinnu á vægasta stigi,
eða ef hjónabands-sambúðinni hefir lengi verið slitið eptir

leyfisbréfi til skilnaðar að borð og sæng, svo og ef maðurinn eða konan hafði ástæðu til að halda, að kona sín eða maður væri dáinn, þá niður í fangelsi við vatn og brauð, ekki samt skemur en 4 sinnum 5 daga. Ókvæntur maður eða ógipt kona, sem gengur að eiga gipta konu eða kvæntan mann, þó að hann eða hún viti, að svo er, skal sæta betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, eða fangelsi við vatn og brauð, ef miklar málsbætur eru, ekki samt skemur en tvenna 5 daga. En ef maðurinn eða konan, sem áður var ókvæntur eða ógipt, vissi ekki um hjónaband hins, þegar hann eð hún gekk að eiga hana eða hann, en heldur samt áfram hjónabands-sambúðinni eptir að hann eða hún er orðinn þess vísari, þá varðar það fangelsishegningu.

162. grein.

Holdlegt samræði milli foreldra og barna og milli annara ættingja í beinan ættlegg varðar foreldrana hegningarvinnu í 4 ár og allt að 10 árum, og börnin betrunarhúsvinnu, eða fangelsi við vatn og brauð, ef málsbætur eru, ekki skemur en 4 sinnum 5 daga.

163. grein.

Hver maður eða kona, sem hefir holdlegt samræði við stjúpdóttur sína eða stjúpson sinn eða við nokkurn af niðjum þeirra, eða við tengdadóttur sína eða tengdason sinn eða nokkurs ættingja síns í beinan ættlegg niður á við, skal sæta hegningarvinnu allt að 6 árum. Og ef maður eða kona hefir holdlegt samræði við stjúpu sína eða stjúpa sinn eða nokkurs af foreldrum sínum, eða við móður eða föður konu sinnar eða manns síns eða nokkurn af ættingjum þeirra í beinan ættlegg upp á við, þá varðar það betrunarhúsvinnu allt að 2 árum; þó má færa hegninguna niður, þegar um stjúpbörn og niðja þeirra er að ræða, í fangelsi, ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 2 mánaða einfalt fangelsi.

164. grein.

Holdlegt samræði milli þeirra, sem eru eins nátengd og sagt er í næstu grein á undan, en tengdirnar eru sprotnar af holdlegu samræði utan hjónabands, varðar fangelsi ekki samt vægara en í mánaðar einföldu fangelsi.

165. grein.

Holdlegt samræði milli alsystkina og hálsystkina varðar hegningarvinnu allt að 6 árum, þó má færa hegninguna niður í fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einfalt fangelsi, ef þau ekki eru skilgetin systkin, og ekki heldur hafa alizt upp á sama heimili.

166. grein.

Ef að maður og kona, sem eru svo náskyld eða nátengd, að þau mega ekki giptast án leyfisbréfs, drýgja holdlegt samræði, þá varðar það fangelsi eða sektum. Sömu hegningu skulu þau, sem eru þannig náskyld eða nátengd, sæta, ef þau giptast án þess að fá fyrst leyfi það, sem til þess þarf.

167. grein.

Ef að maður misbeitir stöðu sinni til þess að tæla til legorðs fósturdóttur sína, eða stúlku, er hann er fjárhaldsmaður hennar, eða honum hefir verið trúað fyrir henni til kennslu eða fósturs, þá varðar það hegningarvinnu allt að 6 árum, eða fangelsi við vatn og brauð, ef málsbætur eru, ekki skemur en tvönnu 5 daga. Hegningin fellur samt alveg niður, ef þau giptast.

168. grein.

Ef að yfirstjórnari, forstjóri eða umsjónarmaður í fangelsi, hegningarhúsi, ómagahúsi, uppfæðsluhúsi, lækningahúsi eða annari slíkri stofnan fremur saurlífi við kvennmann, sem hann á að hafa umsjón með, þá varðar það fangelsi eða hegningarvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

169. grein.

Hver, sem þröngvar kvenmanni, er ekki hefir neitt óorð á sér, til samræðis við sig með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi þegar í stað, sem henni mundi búinn lífsháski af, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 4 ár, eða lífláti, ef mjög miklar sakir eru. Sè slík meðferð höfð á kvenmanni, sem óorð er á, þá skal beitt vægari hegningu að tiltölu, ekki samt vægari en 2 ára betrunarhúsvinnu.

170. grein.

Komist maður yfir kvennmann með hótunum, sem að vísu ekki verða heimfærðar undir 169. grein, en sem þó er ástæða til að

halda að mundu stofna lífi, heilbrigði eða velferð sjálfrar hennar, eða þeirra, sem henni eru nánastir, í hættu, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum.

171. grein.

Hver, sem kemst yfir kvennmann, sem er í því ástandi, að hún er svipt sjálfræði sínu, eða að hún ekki getur staðið á móti samræðinu, skal sæta sömu refsingu, og sett er í 169. grein, ef að hann hefir sjálfur komið henni í þetta ástand, til þess, að komast yfir hana; að öðrum kosti varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum, eða fangelsi við vatn og brauð, ef óorð er á konunni og málsbætur eru.

172. grein.

Ef að maður fær kvepnmann á vald sitt með brögðum eða ofríki, til þess að koma henni til að hafa holdlegt samræði við sig, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum; samt má færa hegningu þessa niður í fangelsi við vatn og brauð, ef óorð er á kvennmanninum og málsbætur eru, en ekki skemur en ferna 5 daga. Hafi það verið gjört, til þess að fá hana til að ganga að eiga sig, þá má færa hegninguna niður allt að helmingi eptir málavöxtum.

173. grein.

Tæli maður kvennmann til holdlegs samræðis með því að telja henni trú um, að þau hafi gipzt á lögmætan hátt, eða með því að færa sér í nyt, að hún er í einhverri annari villu, svo að hún heldur, að þau hafi samræði í hjónabandi, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum.

174. grein.

Fremji maður saurlífi með stúlkubarni, sem ekki er orðin 12 ára gömul, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggji við því.

175. grein.

Hver, sem tælir stúlkubarn, sem er á aldurskeiði frá 12 til 16 ára, til saurlífs, skal sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi, eða hegningarvinnu allt að 4 árum, ef miklar

sakir eru. Opinbera málssókn skal samt því að eins hefja, að foreldrar eða forráðamaður krefjist þess.

176. grein.

Nemi maður ógipta stúlku, sem ekki er orðin 18 ára, á burtu að vilja hennar, en í óleyfi foreldra hennar eða forráðamanns, til þess að fremja saurlífi með henni eða til þess að ganga að eiga hana, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en 1 mánaðar einföldu fangelsi, eða þá betrunarhúsvinnu allt að 1 ári, ef tilgangurinn var sá, að fremja saurlífi, og aðrar miklar sakir eru. Opinbera málssókn skal samt ekki hefja, nema foreldrar eða forráðamaður krefjist þess, og fellur hún niður, ef sá, sem í hlut á, gengur að eiga stúlkuna með samþykki foreldra eða forráðamanns.

177. grein.

Ef að nokkur maður, þegar svo er ástatt, sem gjört er ráð fyrir í 162.—171., 174. og 175. grein, fremur saurlífnaðarverk, en án þess að holdlegt samræði eigi sér stað, þá skal beita vægari hegningu að tiltölu.

178. grein.

Samræði gegn náttúrlegu eðli varðar betrunarhúsvinnu.

179. grein.

Ef að karlmaður og kvennmaður halda áfram hneykslanlegri sambúð, þó að yfirvöldin hafi áminnt þau um að skilja, skulu þau sæta fangelsi.

180. grein.

Ef að kvennmaður ranglega kennir manni barn, skal hún sæta fangelsi, eða sektum, ef málsbætur eru. Sömu hegningu skal sá karlmaður sæta, sem ranglega gengst við barni, svo og kvennmaður sá, sem ranglega læzt vera móðir að barni annars kvennmanns.

181. grein.

Kvennmenn, sem leita sér atvinnu með saurlífi þrátt fyrir áminningu lögreglustjórnarinnar, skulu sæta fangelsi.

182. grein.

Ef að nokkur karlmaður eða kvennmaður, sem veit eða grun-

ar, að hann eða hún hafi fransós, fremur holdlegt samræði við kvennmann eða karlmann, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru.

183. grein.

Þeir, sem koma saman körlum og konum til samlags, og þeir, sem leyfa karlmanni og kvennmanni inn í hóbýli sín fyrir borgun, til þess að fremja þar saurlífi, eða í forboði lögreglustjórnarinnar hafa kvennmenn í húsum sínum, sem hafa ofan af fyrir sér með lauslæti, skulu sæta betrunarhúsvinnu eða fangelsi við vatn og brauð.

184. grein.

Foreldrar, forráðamenn, kennarar eða aðrir, sem tæla til lauslætis börn sín eða þá, sem þeir eru forráðamenn fyrir eða þeim er trúað fyrir til umsjónar eða fósturs, skulu sæta hegningarvinnu allt að 6 árum.

Ef kvæntur maður þröngvar konu sinni til holdlegs samræðis við aðra menn eða útveggar þeim færi á, að komast yfir hana fyrir utan vitorð hennar eða vilja, þá varðar það betrunarhúsvinnu. Hvetji hann í ávinningsskyni konu sína til þess, að hafa holdlegt samræði við aðra menn, skal hann sæta fangelsi við vatn og brauð.

185. grein.

Hver, sem birtir á prenti klámrit, skal sæta fangelsi eða sektum. Sömu hegningu skal sá sæta, sem selur, útbýtir eða dreifir á annan hátt út klámmyndum, eða hefir þær opinberlega til sýnis.

186. grein.

Hver, sem með sauruglegu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til almenns hneykslis, skal sæta fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu.

Sautjándi kapítuli.

Um maundráp.

187. grein.

Hver sá, sem af ásettu ráði tekur annan mann af lífi, skal sæta typtunarhúsvinnu 8 ár eður fleiri eða æfilangt, eða lífláti, ef miklar sakir eru.

188. grein.

Hafi banamaðurinn unnið verkið í ákaflegri bræði, sem hinn, er drepinn var, hafði vakið hjá honum með misþyrmingu eða stórrí mótgjörð við sjálfan hann eða þá, sem honum eru nánastir, má færa refsinguna niður í 2 ára betrunarhúsvinnu, eða fangelsi, ef mjög miklar málsbætur eru, ekki samt skemur en 1 ár.

189. grein.

Hafi maður af ásettu ráði veitt öðrum manni líkamlegar meiðingar og þær hafi leitt hann til bana, þá skal sá, er misgjörði, sæta hegningarvinnu í 2 ár eða fleiri allt að 12 árum, þó hann ekki hafi viljað dauða hins, ef hann samt hlaut að sjá fyrir, að það væri líklegt eða ekki ósennilegt, að tiltekt sín mundi verða hinum að bana.

190. grein.

Hafi maður af ásettu ráði veitt öðrum manni líkamlegar meiðingar, er leiða hann til bana, og hann hefir unnið verkið í ákaflegri bræði, sem hinn, er drepinn var, hafði vakið hjá honum með misþyrmingu eða stórrí mótgjörð við sjálfan hann eða þá, sem honum eru nánastir, má færa hegninguna niður jafnvel í fangelsi, ef aðrar fleiri málsbætur eru, ekki samt vægara en 6 mánaða einfalt fangelsi.

191. grein.

Hver, sem tekur annan mann af lífi með ráðnum huga, hefir fyrirgjört lífi sínu.

192. grein.

Ef að maður af ásettu ráði drepur föður sinn eða móður eða annan ættingja sinn í beinan ættlegg upp á við, eða ef maður drepur konu sína eða kona mann sinn, og þau eru samvistum, þá varðar það lífláti eða typtunarhúsvinnu æfilangt. Samt má færa hegninguna niður í typtunarhúsvinnu í 8 ár, ef sérlegar málsbætur eru, og jafnvel niður í 2 ára hegningarvinnu, ef svo er ástatt, sem gjört er ráð fyrir í 188. grein.

193. grein.

Ef að móðir af ásettu ráði deyðir barn sitt óskilgetið í fæðingunni eða undir eins og það er fætt, þá skal hún sæta 2 til 12 ára hegningarvinnu; en hafi hún verið búin að ásetja sér á undan

fæðingunni að deyða barnið og framkvæmt það síðan, skal beita hegningarvinnu í 4 ár eða fleiri eða æflangt.

194. grein.

Óléttur kvennmaður, sem af ásettu ráði eyðir burði sínum, eða deyðir hann í móðurkviði, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem í sama tilgangi brúkar meðul við móðurina að vilja hennar, og það hefir sömu afleiðingar.

Sè það gjört án vitorðs hennar eða vilja, þá varðar það hegningarvinnu í 4 ár og allt að 16 árum, eða æflangt, ef mjög miklar sakir eru.

195. grein.

Ef kvennmaður, sem hefir orðið barnshafandi utan hjónabands, elur barn í dulsmáli, og það reynist á eptir, að barnið er daupt, en það verður þó ekki sannað, að það hafi dáíð á undan fæðingunni, þá skal hún sæta betrunarhúsvinnu, ef ekki liggur að öðru leyti þyngri hegning við athæfi hennar, eða þá fangelsi, ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 4 mánaða einföldu fangelsi.

196. grein.

Ef að kvennmaður, sem hefir orðið barnshafandi utan hjónabands, annars fer óviðurkvæmilega að ráði sínu í barnsburðinum, og það reynist á eptir, að barnið er daupt, en það verður þó ekki sannað, að barnið hafi dáíð á undan fæðingunni, þá skal hún sæta betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, eða fangelsi, ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi.

197. grein.

Hver, sem deyðir annan mann fyrir brýna beiðni hans, skal sæta betrunarhúsvinnu eða fangelsi, ef mjög miklar málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi.

Ef nokkur hjálpar öðrum manni til þess, að bana sjálfum sér, þá skal hann sæta fangelsi.

198. grein.

Beri maður út nýfætt barn eða yfirgefi mann, sem hann átti að sjá um, í því ástandi, að hann getur enga björg sér veitt, þá

varðar það betrunarhúsvinnu, eða ef málsbætur eru, einkum ef það verk eigi hefir valdið lífi eða heilbrigði þess, er fyrir hefir orðið, hættu, þá fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Hafi það hlotizt af athöfn þessari, að barnið, sem borið var út, eða maðurinn, sem yfirgefinn var, hafi beðið bana eða töluverða líkamlega skemmd (206. gr.), án þess þó að til þess væri ætlazt, má færa hegninguna upp allt að 12 ára typtunarhúsvinnu.

199. grein.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem annaðhvort úthýsir ferðamanni eða segir honum rangt til vegar, þegar svo er ástatt, að hann hefði átt að geta séð, að ferðamaðurinn af því mundi komast í það ástand, að hann gæti enga björg sér veitt.

200. grein.

Ef að manns bani hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en hálf mánaðar einföldu fangelsi eða sektum ekki minni en 10 rd., ef að verkið ekki er svo vaxið, að þyngri hegning liggji við því. Sè mjög miklar sakir, má beita betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

201. grein.

Láti nokkur farast fyrir að koma manni til hjálpar, sem er staddur í lífshásku, þó hann gæti gjört það án þess, að stofna lífi eða heilbrigði sjálfs síns í hásku, þá varðar það fangelsi eða sektum, ef maðurinn bíður bana. Sömu hegningu skal sá maður sæta, sem ekki annast um, að neytt sè þeirra hjargarmeðala, sem fyrir hendi eru, til þess að lifga hengda menn eða drukknada, eða þá, sem á annan hátt eru eins og dauðir.

Átjándi kapítuli.

Um líkamlegt ofbeldi og líkamlegar meiðingar.

202. grein.

Hver, sem veður upp á annan mann með höggum og barsmiði eða öðru líkamlegu ofbeldi, en veiti honum samt ekki áverka, eða annan skaða, skal gjalda sektir, ef sá, sem misgjört er við, höfðar mál og krefst þess; þó má beita fangelsis-hegningu eptir málavöxtum, einkum ef ofbeldið hefir verið fyrir hugað.

203. grein.

Sè slíkt ofbeldi haft í frammi við foreldra eða aðra ættingja í beinan ættlegg upp á við, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en 4 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

204. grein.

Ef maður misþyrmir konu sinni eða kona manni sínum, og þau eru samvistum, þá varðar það fangelsi, þó ekki hljótist áverki eða annar skaði af því, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem misþyrmir börnum sínum eða annara börnum, sem honum er trúað fyrir til umönnunar.

205. grein.

Veiti nokkur öðrum manni áverka eða heilsutjón, en það kveður þó ekki eins mikið að því, eins og gjört er ráð fyrir hér á eftir í 206. grein, þá varðar það fangelsi, eða hegningarvinnu, ef miklar sakir eru, og í tilfellum þeim, sem um er rætt í 203. og 204. grein, má beita hegningarvinnu allt að 4 árum. Hafi ofbeldisverkið ekki verið framið af fyrirhuguðu ráði, má færa hegninguna niður í sektir, ef aðrar málsbætur eru, ekki samt minni en 10 rd.

Í tilfellum þeim, sem hér er rætt um, má málssókn falla niður, ef sá krefst þess, sem misgjört er við, og ekki hefir orðið neitt tjón að marki.

206. grein.

Ef maður limlestir annan mann, blindar hann eða gjörir heyrnarlausan, eða gjörir honum svo mikinn skaða, að honum verður ónýtt hönd eða fótur, auga eða annar limur jafnáríðandi, eða að líkams- eða sálarkraptar hans veikjast svo mjög að öðru leyti, að hann er óhæfur til að gegna embættisskyldum sínum eða hversdagslegum störfum, annaðhvort fyrir fullt og allt, ellegar um langan ótiltekinn tíma, þá varðar það hegningarvinnu allt að 12 árum, ef ofbeldismaðurinn annaðhvort vildi gjöra hinum slíkan skaða, eða hann hlaut að sjá fyrir, að það væri líklegt eða ekki ósennilegt, að slíkt hlytist af verki hans.

207. grein.

Hafi maður framið annað eins ofbeldisverk, og um er rætt í 206. grein, í ákaflegri bræði, er sá, sem fyrir ofbeldinu varð, hafði

vakið hjá honum með misþyrmingu eða annari stórrí misgjörð við sjálfan hann eða þá, sem honum eru nánastir, má færa hegninguna niður í fangelsi, ef aðrar málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einfalt fangelsi.

208. grein.

Ef að tveir menn eða fleiri berja hver á öðrum, eða hafa í frammi hver við annan annað ofbeldi, sem 202. grein á við um, og höfðuð er málssókn út af því, þá má hegningartilverknaður annars málsþarfsins eða beggja falla niður eptir því, hvernig á stendur.

Ef manni er í áflogum gjörður annar eins skaði og 206. grein ræðir um, má færa hegninguna niður jafnvel í 2 mánaða einfalt fangelsi, ef málsbætur eru að öðru leyti.

209. grein.

Ef önnur eins líkamleg meiðing, og um er rætt í 206. grein, hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það fangelsi eða sektum.

Nítjándi kapítuli.

Um einvígi.

210. grein.

Hver, sem heyrir einvígi, skal sæta einföldu fangelsi. Ef maður vegur annan mann, eða veitir honum töluverðan áverka í einvígi (206. grein), þá varðar það að minnsta kosti 3 mánaða fangelsi. Hafi þeir komið sér saman um, að halda einvíginu áfram, þangað til annarhvor þeirra biði bana, má færa hegninguna upp allt að 5 ára ríkisfangelsi.

Hafi nokkur í einvíginu, með því af ásettu ráði að brjóta á móti siðvenju eða samkomulagi, valdið bana hins eða veitt honum áverka, þá skal beita hinni almennu lögákveðnu hegningu, sem við á eptir málavöxtum.

211. grein.

Einvígisvottar skulu sæta einföldu fangelsi, ekki skemur en 2 mánuði, ef það var á þeirra vitorði, að halda skyldi einvíginu áfram, þangað til annarhvor biði bana, og þeir hafa ekki staðið á móti því, að slíku samkomulagi væri fram fylgt, eða ef þeir af á-

settu ráði brjóta á móti skyldum þeim, er hvíla á þeim eptir siðvenju eða samkomulagi.

Tuttugasti kapítuli.

Um að raska frelsi manna.

212. grein.

Ef að maður með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi ólöglega neyðir annan mann til að gjöra eitthvað, þola eitthvað, eða láta hjá líða að gjöra eitthvað, þá varðar það sektum eða fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að einu ári, ef miklar sakir eru, ef að breytni hans ekki er svo vaxin, að þyngri hegning liggi við henni.

213. grein.

Hver, sem heimildarlaust bindur mann, eða byrgir hann inni, eða á annan hátt sviptir hann frelsi sínu, skal sæta fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru. Hafi þetta athæfi valdið því, að maður hafi verið sviptur frelsi sínu um nokkuð langan tíma, eða það hafi haft skaðleg áhrif á geðsmuni hans eða heilsufar, eða ef maður er fluttur burtu í önnur lönd, eða settur á afskekktan stað, svo að hann getur ekki komizt burtu þaðan af sjálfs síns rammleik, eða fenginn mönnum á vald, sem ekki eiga neinn rétt á því, þá má beita hegningarvinnu á herra stigi, og ef miklar sakir eru, getur hegningin jafnvel orðið 12 ára typtunarhúsvinna.

214. grein.

Í tilfellum þeim, sem um er rætt í 212. grein og fyrri kafla 213. greinar, skal því að eins höfða opinbera málssókn, að álíta megi, að unnið sé til þyngri hegningar, en sekta eða einfalds fangelsis. Hafi verið höfðuð opinber málssókn, og dómendurnir álíta, að ekki sé unnið til þyngri refsingar, skal því að eins kveðið á um hegningu, að sá, sem misgjört er við, krefjist, að hinn sé dæmdur, sem málið er höfðuð á móti.

215. grein.

Ef að nokkur með brögðum eða valdi sviptir foreldra eða aðra vandamenn barni, sem er yngra en 15 ára, eða heldur því fyrir þeim, þá varðar það fangelsi ekki vægara en 2 mánaða einföldu

fangelsi, eða hegningarvinnu allt að 8 árum, ef miklar sakir eru, einkum er það er gjört í ábata-skyni eða í ósiðsömum tilgangi.

216. grein.

Að því er snertir refsingu fyrir að verzla með svertingja og hlutdeild í þeim glæp, skal standa við það, sem fyrir er mælt í tilskipun 3. júlímán. 1835, er hún er borin saman við 2. kap. 12. —17. grein í lögum þessum.

Tuttugasti og fyrsti kapítuli.

Um ærumeiðingar.

217. grein.

Ef maður meiðir æru annars manns, annaðhvort með því að dróttu að honum ástæðulaust, að hann hafi framið þau verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, eða nefna hann þeim nöfnum, sem að eins væri heimild til, ef hann hefði breytt þannig, þá varðar það sektum frá 10 rd. til 200 rd. eða einföldu fangelsi í hálfan mánuð eða lengur, allt að 6 mánuðum.

218. grein.

Sè þetta gjört á prenti eða á annan þann hátt, að ærumeiðingin breiðist út, eða á þeim stað eða tíma, að það eykur mjög það, sem meiðandi er í orðunum, þá varðar það einföldu fangelsi, ekki skemur en 3 mánuði, eða sektum ekki minni en 50 rd.

219. grein.

Fyrir annan ástæðulausan áburð, sem hlýtur að verða virðingu þess, er fyrir verður, til hnekkis, og fyrir ókvæðisorð eða skamm-aryrði, svo og fyrir hverja móðgun í látæði eða annari athöfn, sem lýsir óvirðingu, skal gjalda sektir allt að 200 rd., eða það varðar einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum.

220. grein.

Í tilfellum þeim, sem um er rætt í 217.—219. grein, á þar á ofan að dæma hin óviðurkvæmilegu orð ómerk, ef sá krefst þess, sem misboðið er.

221. grein.

Ef að móðguninni er snúið upp á þann, sem móðgar, sjálf-

an, mega dómendurnir annaðhvort dæma báða málsparta eða annan þeirra í vægari hegningu eða jafnvel láta hegninguna falla allveg niður eptir málavöxtum.

222. grein.

Að skýra svo frá opinberlega um hagi einstakra manna og heimilsástæður, að það raski friði manna á milli, varðar sektum frá 5 rd. til 100 rd. eða einföldu fangelsi allt að 3 mánuðum.

223. grein.

Hver, sem raskar friðhelgi heimilisins með því, að ryðjast heimildarlaust inn í híbýli annars manns, eða að synja að fara út úr þeim, þegar skorað er á hann að gjöra það, skal sæta sektum allt að 100 rd., eða einföldu fangelsi allt að 3 mánuðum.

224. grein.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem heimildarlaust hnýsist í bréf annars manns.

225. grein.

Út af athæfi því, sem um er rætt í þessum kapítula, getur enginn höfðað málssókn nema sá, sem misboðið er, eða sá, sem að lögum hefir heimild til að vera fyrir hans hönd. Sè sá dáinn, sem meiðyrtur er, þá á það hjónanna, sem eptir lifir, foreldrar, börn eða systkin rétt á, að höfða málssókn út af meiðyrðunum, hvort sem þau hafa verið látin uppi að honum lifandi eða eptir að hann var dáinn.

Tuttugasti og annar kapítuli.

Um rangar sakargiptir og kærur.

226. grein.

Hver, sem kemur því til leiðar með röngum uppljóstri um að lagabrot sè framið, að hið opinbera fer að gjöra gangskör að, að komast fyrir það, skal sæta fangelsi eða sektum, ef að hann ekki hefir ætlað sèr að koma neinu öðru illu af stað með því.

227. grein.

Hver, sem móti betri vitund segir yfirvaldi frá um mann, að

hann hafi drýgt glæp, sem hann er saklaus af, skal sæta fangelsi, eða hegningarvinnu allt að 6 árum eptir málavöxtum, einkum ef líflát eða hegningarvinna er í lögum lögð við glæp þeim, sem sagt var að drýgður hafi verið.

228. grein.

Hver, sem ber bersýnilega rangar kærur upp við konung, stjórnarráðin eða yfirvöldin eða við alþingi, skal sæta fangelsi eða sektum, eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári, ef miklar sakir eru, nema þyngri hegning liggi við, samkvæmt niðurlagsákvörðuninni í 227. grein. Sé það málaflutningsmaður eða einhver annar embættismaður, sem verður brotlegur á þennan hátt, eða tælir aðra eða hjálpar þeim til þess, þá skal dæma hann þar á ofan eptir atvikum af embætti.

229. grein.

Ef að maður hefir óviðurkvæmileg eða ósæmileg orðatiltæki í bænarskrá eða kæruskjali til konungs, stjórnarráðanna eða yfirvaldanna eða til alþingis, þá varðar það sektum.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem hefir ritað á bænarskrá eða kæruskjal, að hann hafi samið, en það er ósatt.

Tuttugasti og þriðji kapítuli.

Um þjófnað og gripdeild.

230. grein.

Hver, sem verður brotlegur í einföldum þjófnaði, skal í fyrsta skipti sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga, samt má þyngja hegninguna allt að 2 ára betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru, einkum ef það, sem stolið er, er mikils virði, ef að innsigli hefir verið brotið, eða hirzla brotin eða stungin upp, eða henni verið lokið upp með þjófalykli eða stolnum lykli, ef stolið hefir verið frá skipbrotsmönnum, í eldsvoða eða þess konar misferlum, eða ef þjófurinn var í þjónustu þess, sem hann stal frá, eða hann að öðru leyti hafði sérlegt færi á að drýgja þjófnaðinn vegna einhvers þess, sem þeir áttu saman að sælda.

231. grein.

Stórþjófnaður varðar hegningarvinnu allt að 8 árum í fyrsta skipti, sem hann er framinn; en það er stórþjófnaður:

1. ef maður stelur hestum, nautpeningi eða sauðfè út á víðavangi eða úr hesthúsum eða búfjárhúsum ;
2. ef maður stelur úr kirkju munum, sem til kirkjunnar heyra eða eru til þess ætlaðir, að vera notaðir við einhverja kirkjulega athöfn, svo og ef maður brýtur gjafastokk kirkjunnar upp og stelur úr honum;
3. ef maður stelur nokkru því, sem sent er með pósti, meðan það er undir umsjón póststjórnarinnar, og heyrir þar undir einnig bréfþjófnaður ;
4. ef að þjófurinn hefir með ofbeldi, eða stingtolum, þjófalyklum eða stolnum lykklum komizt inn í hús, garð, er til þess heyrir, herbergi, lokuð loptsrúm eða kjallararúm eða niður í skip, eða hann hefir gjört það með því, að klifra yfir hús, múr eða einhverja aðra slíka girðingu, eða með því, að fara inn um glugga, reykháfa eða önnur þess konar op, sem ekki eru ætluð til að ganga inn um. Hafi þjófurinn á einhvern þann hátt, er nú var sagt, á næturþeli komizt inn á einhvern þann stað, er menn búa, eða herbergi, sem þar eru og menn búa í, eða hann hefir læðzt þar inn til þess, að geta stolið á næturþeli, á að hafa til-lit til þess; þegar hegningin er ákveðin, henni til þyngingar ;
5. ef þjófurinn hefir verið undir það búinn, að taka til vopna eða annara þess konar háskalegra verkfæra sèr til varnar.

232. grein.

Hver, sem einu sinni hefir verið dæmdur fyrir þjófnað, og verður síðan brotlegur í einföldum þjófnaði, skal sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en þrenna 5 daga, eða betrunarhúsvinnu allt að 4 árum.

Sè það stórþjófnaður, sem hann nú verður brotlegur í, þá varðar það hegningarvinnu 8 mánuði og þaðan af lengur allt að 10 árum.

233. grein.

Hafi maður tvisvar verið dæmdur fyrir þjófnað og verði þar á eptir brotlegur í einföldum þjófnaði, skal hann sæta hegningarvinnu allt að 6 árum. Sè það stórþjófnaður, sem hann nú verður brotlegur í, skal hann sæta hegningarvinnu í 1 ár og þaðan af lengur allt að 12 árum.

234. grein.

Steli maður í 4. sinn eða optar, þá varðar það hegningarvinnu

í 1 ár og þaðan af lengur allt að 10 árum, ef seinasti þjófnaður inn er einfaldur, en ef það er stórbjófnaður, þá í 2 ár eða lengur allt að 16 árum, eða æfilangt, ef mjög miklar sakir eru.

235. grein.

Ef barn stelur, sem er 10 til 15 ára, skal því refsað með hýðingu með vendi eða einföldu fangelsi, eða báðum þeim refsingum saman.

236. grein.

Fyrir að taka burt rótföst tré eða nokkuð af þeim, skal refsað eins og fyrir annan þjófnað.

237. grein.

Ef að hluturinn, sem tekinn er, er svo lítils virði og honum að öðru leyti er svo varið, og atvikunum, þá er hann var tekinn, var svo sérstaklega háttað, að verkið fyrir þess sakir verður ekki nærri því eins saknæmt og þjófnaður almennt, — t. a. m. ef maður tekur aldin í garði annars manns eða á akri hans, eða matvæli eða drykk til þess að neyta þess þegar í stað, og engin önnur atvik eru, sem gjöra málsstað hans verri — þá varðar það sektum allt að 25 rd. eða einföldu fangelsi allt að 1 mánuði. Opinbera málssókn skal því að eins höfða, að sá krefjist þess, sem misgjört er við.

238. grein.

Ef að maður tekur hlut annars manns á ólöglegan hátt, án þess að ætla sér að kasta eign sinni á hann eða svipta eigandann honum, heldur að eins til þess að nota hann til einhvers um tíma, þá varðar það fangelsi eða sektum. Opinbera málssókn skal því að eins höfða, að sá krefjist þess, sem misgjört er við.

239. grein.

Hver, sem verður brotlegur í gripdeild, skal sæta sömu hegningu og fyrir þjófnað.

240. grein.

Verði maður brotlegur í hylmingu, með því að kaupa eða taka á annan hátt við þjófstolnum munum eða leggja launung á þá, en hann hefir þó ekki gjört það eptir samkomulagi á undan, þá varð-

ar það í fyrsta skipti fangelsi við vatn og brauð, eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári, í 2. skipti fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, 3. skipti fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga, eða betrunarhúsvinnu allt að 3 árum, og verði honum það optar, þá fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en ferna 5 daga, eða hegningarvinnu allt að 6 áram.

241. grein.

Ef maður leggur í vana sinn að kaupa eða taka á annan líkan hátt við þjófstolnum munum, eða hann hefir það fyrir atvinnuveg, þá skal hann í fyrsta skipti sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en ferna 5 daga eða hegningarvinnu allt að 4 árum, og má þyngja hegninguna allt að 8 árum, ef hann verður optar brotlegur.

242. grein.

Verði maður annars samsekur með öðrum í þjófnaði, skal honum refsað eptir því, sem fyrir er mælt í 5. kap. laga þessara, á þann hátt, að, ef hann hefir verið dæmdur áður fyrir þjófnað eða hlutdeild í þjófnaði einu sinni eða optar, skal ákveða hegninguna að tillölu við refsingar þær, sem lagðar eru við þjófnaði, drýgðum í 2. skipti eða optar.

Verði maður, sem áður hefir verið dæmdur fyrir aðra hlutdeild í þjófnaði, en hylmingu, brotlegur í þjófnaði, má ekki dæma hann í vægari hegningu, en þó að hann nú hefði aptur orðið brotlegur í þess konar hlutdeild.

243. grein.

Þeir dómur, sem áður hafa verið lagðir á mann fyrir þjófnað eða aðra hlutdeild í þjófnaði, en hylmingu, skulu teknir til greina til þyngingar hegningunni, ef hann á eptir verður brotlegur í hylmingu, eins og hefði hann þá verið dæmdur fyrir hylmingu.

Hafi maður, sem nú á að dæma fyrir þjófnað eða hlutdeild í þjófnaði, áður verið dæmdur fyrir hylmingu, má að minnsta kosti ekki dæma hann í vægari hegningu, en þó að hið nýja afbrot væri hylming.

244. grein.

Ef maður hefir komizt ráðvandlega að þjófstolnum munum, en leggur launung á þá, þegar þeim er lýst, og það er líklegt eptir

málavöxtum, að honum hafi ekki gengið annað til, en uppburðarleysi í svipinn eða hræðsla, skal hann að eins sæta sektum eða einföldu fangelsi, og jafnvel falla alveg niður, ef hann kemur sjálfkrafa með munina.

Tuttugasti og fjórði kapítuli.

Um rán og hótanir.

245. grein.

Hver, sem með líkamlegu ofbeldi eða hótunum um, að beita því þegar í stað, tekur af manni eða neyðir út úr manni peninga, fjármuni, skriflega skuldbinding eða annað skjal, sem er undirstaða réttinda, eða gæti bakað þeim, sem á er ráðizt, eða öðrum skuldbindingar, eða svipt hann eða aðra réttindum, svo og hver sá, sem hefir slíkt ofbeldi eða hótanir í frammi, til þess að fullkomna að komast yfir eign annars manns, eða til þess að koma því, sem hann hefir tekið, á vissan stað, skal sæta hegningarvinnu í 1 ár og þaðan af lengur allt að 10 árum. Hafi manni verið misþyrmt að marki, eða sérlegur háski að öðru leyti verið búinn af verkinu, og ef sá, sem misgjörir, hefir áður verið dæmdur fyrir rán, stórbjófnað eða margítrekaðan þjófnað, getur hegningin komizt upp í 16 ára typtunarhúsvinnu, og sèu mjög miklar sakir, þá í typtunarhúsvinnu æfilangt.

246. grein.

Gjöri maður sig brotlegan í ránskap á sjó eða gjöri út skip til þess, þá varðar það typtunarhúsvinnu æfilangt, eða lífláti eptir málavöxtum, einkum ef manns-bani hefir hlotizt af atlögunni.

247. grein.

Hver, sem hótar manni tjóni á lífi, limum, frelsi, æru eða fjármunum, í því skyni að afla sèr eða öðrum ávinnings, en at-hæfi hans verður samt ekki heimfært undir 245. grein, skal sæta hegningarvinnu allt að 6 árum, eða fangelsi, ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi.

248. grein.

Ef að maður, sem áður hefir verið dæmdur samkvæmt 245.—247. grein, þar á eptir verður brotlegur í þjófnaði, þá skulu þeir dómar hafa sömu áhrif, og hefðu þeir verið þjófnaðardómar.

Enn fremur skulu áfellisdomar fyrir hlutdeild í ráni og fyrir hylming og aðra hlutdeild í þjófnaði settir jafnfætis hvorir öðrum að því er snertir áhrif þau, er ítrekun glæpa hefir samkvæmt 240., 242. og 243.

Tuttugasti og fimmti kapítuli.

Um ólögsmæta meðferð á fundnum fjármunum og ýmsar misgjörðir samkynja.

249. grein.

Hver, sem ekki lýsir munum, sem hann finnur, skal sæta fangelsi, og má færa hegninguna upp allt að 2 ára betrunarhúsvinnu, ef mjög miklar sakir eru, sèr í lagi ef það verður optar en einu sinni. Hins vegar má færa hegninguna niður í sektir eða jafnvel láta hana falla alveg niður, ef hluturinn, sem fannst, er lítills virði og öll atvik að öðru leyti eru til afbötunar.

250. grein.

Ákvarðanirnar í næstu grein á undan eiga einnig við um þann mann, sem leggur launung á eða kastar eign sinni á fjármuni annars manns, sem á annan hátt eru komnir af hendingu í vörzlu hans.

251. grein.

Dragi maður undir sig fjármuni af skipbroti eða fari á annan hátt óráðvandlega með þá, skal hann sæta fangelsi við vatn og brauð, eða einföldu fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru; samt má færa refsinguna upp allt að 4 ára hegningarvinnu, ef miklar sakir eru.

252. grein.

Ræni maður lík, en athæfi hans er samt svo vaxið, að það ekki verður álitid þjófnaður, þá varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

Tuttugasti og sjötti kapítuli.

Um svik.

253. grein.

Ef að nokkur hefir af öðrum manni peninga eða fjármuni með því, að segjast vera annar en hann er, eða með því að látast hafa

heimild til að reka erindi annars manns, eða ef nokkur tekur svik-samlega við því, sem annar maður heldur að hann sé skyldur til að borga eða selja honum í hendur, af því að sá maður hefir ekki rétta vitneskju um, hvernig á stendur, eða ef nokkur tælir annan mann með rangri sögusögn til þess að kaupa eða taka við hlut, er hann heldur sé allur annar eða miklu meira virði, en hann er, eða ef nokkur tekur vörur að láni, og ætlar sér ekki að borga þær, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, og má þyngja refsing-una allt að 6 ára hegningarvinnu, ef mjög miklar sakir eru, og eins ef manni verður sá glæpur á optar.

254. grein.

Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem til þess að halda fyrir manni því, sem hann hefir lögmætt tilkall til, synjar að hafa tek-ið við því, sem honum hefir verið trúað fyrir að láni, hvort sem það er peningar eða annað, eða til leigu eða geymslu eða að veði eða á annan slíkan hátt, sömuleiðis hver sá, sem í sviksamlegum tilgangi þrætir fyrir, að honum hafi verið skilað einhverju aptur eða borgað eitthvað, sem þó hefir verið gjört, eins hver, sem dregur undan og undir sig fjármuni dánarbús, eða dregur dulur á kröfu, sem því ber, og hann er skyldur að segja til, eða kemur fram með ósannar kröfur í dánarbúi eða í öðru því tilfelli, er vænta má að þær verði teknar gildar af því að þeir, sem í hlut eiga, vita ekki, hvernig á stendur, eða sviptir mann í sviksamlegum tilgangi því, sem hann þarf til að koma fram lögmætri kröfu eða verjast rangri kröfu, með því að ná frá honum skjölum eða eyði-leggja þau eða gjöra þau einskis nýt, eða selur eða veðsetur muni sína til málamyndar, til þess að svipta skuldaheimtumenn sína færi á að fá það, sem þeim ber.

255. grein.

Sömu hegningu skal enn fremur hver sá sæta, sem í svik-samlegum tilgangi selur eða veðsetur eða tekur undir sig á annan sviksamlegan hátt, svo eignarréttindi hins rétta eiganda gætu far-izt, einhverja þá fjármuni, sem honum hefir verið trúað fyrir að láni eða leigu eða til geymslu eða umráða eða að veði, eða annar maður hefir eignast eitthvert það tilkall til, að réttindi þau, sem tæður gjörningur hefði átt að veita, ekki verða rýmd saman við

það, svo og hver sá, sem sviksamlega flytur burtu eða felur kyrrsetta fjármuni.

256. grein.

Hafi maður heimildarlaust notað annars manns peninga í sjálfs síns þarfir, en ekki samt komizt að þeim, til þess að geta notað þá, með því að brjóta upp innsigli eða lás fyrir þeim, og hann heldur ekki sviksamlega ber á móti því, að hann hafi tekið við þeim, þá er það komið undir þeim, sem misgjört er við, hvort að hann vill láta höfða málssókn út af því, og eins getur hann, þang- að til dómur er upp kveðinn, fallið frá að láta halda málinu lengra áfram, og ef að sá, sem misgjörði, bætir það upp, sem hann hefir eytt, áður en dómur hefir verið lagður á málið fyrir lögsta dóm- stóli, þá fellur allur tilverknaður til hegningar niður.

257. grein.

Hegningu þeirri, sem sett er í 253. grein, skal sömuleiðis hver sá sæta, sem hefir svik í frammi í spilum, og eins sá, sem hefir af manni peninga eða fjármuni með signingum, þulum, sær- ingum, spám eða fyrir önnur slík hindurvitni.

258. grein.

Ef að svo lítið kveður að svikum, sem annars hefði átt að refsa eptir 253. grein, eða ef atvikum þeim, er að því liggja, er að öðru leyti svo sérstaklega varið, að þau eru miklu minna hegningarverð en svik jafnaðarlega, má beita hegningu í einföldu fangelsi allt að 2 mánuðum, eða sektum allt að 25 rd., ef sérleg- ar málsbætur eru. Opinberri málssókn má sleppa, ef sá er því samþykkur, sem misgjört er við.

259. grein.

Sviksamlegar athafnir, sem eru áþekkar þeim, sem um er rætt í 253.—257. grein, en ekki verða samt álitnar þeim alveg jafnar, varða sektum eða fangelsi. Opinberri málssókn má sleppa, ef sá er því samþykkur, sem misgjört er við.

260. grein.

Hver, sem dregur undir sig sviksamlega nokkuð, sem sent er með pósti og er undir umsjón hans, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum.

261. grein.

Hver sá, sem hefir nokkur svik í frammi, er hann festir sér eða hefir fest sér ábyrgð á tjóni á sjó eða af eldsvoða eða öðru tjóni, skal sæta hegningarvinnu allt að 6 árum eða fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga, hvar svo sem ábyrgðin er fengin.

262. grein.

Ef að bú manns er tekið til skipta sem þrotabú, og hann eptir það eða um þær mundir, er hann hlaut að sjá fyrir, að gjaldþrotið vofði yfir, hefst af sérdrægni nokkuð það að, er miðar til þess, að lögmætar eigur eða kröfur búans ekki renni inn í það, eða að komið verði fram með rangar kröfur við búid, eða ef nokkur maður um það leyti, er síðast var á vikið, útvegar sér ný lán í sama tilgangi, þá varðar það hegningarvinnu allt að 6 árum eða fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga.

263. grein.

Ef að nokkur maður, sem svo er ástatt fyrir, sem segir í næstu grein á undan, hefst nokkuð það að, er miðar til að draga ólöglega taum sumra skuldaheimtumannanna hinum til tjóns, en án þess að ætla sjálfur að ábatast á því, t. a. m. með því að selja muni fyrir of lítið andvirði að tiltölu, eða með því að nota það, sem hann hefir undir hendi, til þess að borga sumum skuldaheimtumönnunum fremur öðrum, eða með því að gefa út skjöl, er ættu að gefa sumum af skuldaheimtumönnunum réttindi fram yfir hina, þá er þrotabúinu er skipt, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð, eða einföldu fangelsi, ef málsbætur eru, ekki samt skemur en í mánuð.

264. grein.

Ef að nokkur maður, sem er skyldur að hafa verzlunarbækur, og bú hans hefir verið tekið til skipta sem þrotabú, verður uppvís að, að hafa falsað bækur þessar, komið þeim undan eða ónýtt þær, eða fært óráðvandlega til í þær, eða látið í sviksamlegum tilgangi hjá líða að færa til í þær, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

Hafi sá, sem orðinn er gjaldþrota, sýnt sig í stórkostlegri óreglusemi að því, hvernig hann hefir haldið verzlunarbækur sínar, skal honum refsað í einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum.

265. grein.

Ef að nokkur maður, er bú hans er tekið til skipta sem þrotabú, verður uppvís að, að hafa bakað skuldaheimtumönnum sínum mikilvægt tjón með eyðslusamlegum lifnaði, með því að spila um mikið fè, með hættulegum fyrirtækjum, sem eru efnahag hans of vaxin, eða með annari þess konar gálauslegri breytni, þá skal honum refsað í fangelsi, ef nokkur, sem á skuld að heimta í búinu, fer fram á það.

Tuttugasti og sjöundi kapítuli.

Um peningafals, um að skrifa eptir skjölum eða falsa þau og um annað fals.

266. grein.

Hver, sem býr til eptirmynd danskra peninga eða seðla þjóðbankans, skal sæta 2 til 12 ára hegningarvinnu, og hver, sem falsar þá, 1 til 6 ára hegningarvinnu.

Glæpurinn er fullkomnaður, undir eins og búið er að búa til eða falsa peninginn eða seðilinn, þó ekki sè búið að láta hann úti.

267. grein.

Hver, sem býr til eptirmynd útlendra peninga eða útlendra bréfpendinga, skal sæta hegningarvinnu í 1 ár og allt að 8 árum, þó ekki hafi átt að láta þá úti á Íslandi, og hver, sem falsar þá, skal sæta hegningarvinnu allt að 4 árum.

268. grein.

Eigi nokkur maður þátt í peningafalsi, sem drýgt hefir verið erlendis með þeim atvikum, að frumkvöðlinum ekki verður refsað í hinu danska ríki, og hlutdeild hans er í því fólgin, að koma út falspeningunum á Íslandi, skal hann sæta sömu refsingu, og hefði hann sjálfur búið peningana til.

269. grein.

Ef að nokkur maður lætur úti peninga, sem hann veit eða hefir grun um að sèu eptirmyndaðir eða falsaðir, en breytni hans verður samt ekki álitin hlutdeild í sjálfu peningafalsinu, þá varðar það betrunarhúsvinnu allt að 2 árum eða fangelsi. Hafi hann

sjálfur haldið, að peningarnir væru ósviknir, þegar hann fékk þá, skal hann sæta fangelsi eða sektum.

270. grein.

Hver, sem skrifar ranglega annars manns nafn undir erfðaskrá, samning, skuldabréf, framsal, ávísun, ábyrgð, umboðsbréf, kvittun eða annað þess konar skjal, sem miðar til að veita einstökum mönnum réttindi eða losa þá undan skuldbindingum, skal sæta 1 til 8 ára hegningarvinnu; samt má færa hegninguna niður í fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en ferna 5 daga, ef um lítilræði er að tefla, eða mjög miklar málsbætur eru að öðru leyti, einkum ef sá, sem misgjörir, hvorki hefir bakað öðrum tjón, nè ætlað sér að gjöra það.

271. grein.

Sè það ríkisskuldabréf, víxlbréf eða annað þess konar skjal, ætlað til að ganga manna á meðal, sem glæpurinn hefir komið fram á, þá varðar það 1 til 12 ára hegningarvinnu.

Sömu hegningu varðar það, ef nokkur maður á sama hátt ranglega býr til stjórnarráðs eða yfirvalds úrskurð, dómsgjörðir eða nokkurt annað opinbert skjal, er ætti að setja skuldbindandi reglu eða gjöra út um eitthvað, eða þá hafa lagasönnun í sér fölgna.

272. grein.

Skrifi nokkur annars manns nafn ranglega undir bænarskrár, vottorð, vegabréf eða önnur skjöl, sem eptir eðli sínu eru ekki eins mikils varðandi og skjöl þau, sem getið er um í 270. og 271. grein, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvöna 5 daga eða hegningarvinnu allt að 4 árum.

273. grein.

Samt má færa niður hegningar þær, sem settar eru í 270.—272. grein, um helming eptir málavöxtum, ef að skjal það, er falsað var, hefir ekki verið sérlega hættulegt sökum bersýnilegra galla, sem á því eru.

274. grein.

Hver, sem skrifar eptir nafni konungs, skal sæta hegningarvinnu, ekki samt skemur en í 2 ár.

275. grein.

Hver, sem ranglega fyllir eyður í skjali, sem gjört er í nafni annars manns og hann hefir ritað nafn sitt undir, en ekki enn þá ætlazt til að væri látið af hendi, eður setur innsigli á það, er þess þarf við til þess að skjalið hafi fullt gildi, skal sæta sömu hegningu, eins og hefði hann ritað nafn ranglega undir það.

276. grein.

Sá, sem falsar efni nokkurs skjals, skal einnig sæta sömu hegningu, og ef hann hefði ritað ranglega nafn annars manns undir það. Sè fölsunin svo auðsèð, að menn ekki gætu blekkzt af henni nema af stakri óvarkárni, má færa hegninguna niður allt til helminga eptir málavöxtum.

277. grein.

Ef maður ritar undir skjal nöfn, er hann finnur sjálfur upp, eiga við það ákvarðanir þær, sem settar eru um að rita ranglega nafn annars manns undir skjal af sama tægi, en þannig, að hegningin sè færð niður að tiltölu allt að helmingi eptir málavöxtum.

278. grein.

Afbrot þau, sem um er rætt í 270.—277. grein, ber að álíta fullkomnuð, undir eins og falsarinn hefir notað skjalið eða látið það frá sèr, til þess að annar maður noti það, án þess að tillit sè haft til þess, hvort nokkur maður hefir verið svikinn á því.

279. grein.

Hver, sem í sviksamlegum tilgangi býr til ranga mæla, kvarða eða vogir, eða breytir réttum mælum, kvörðum eða vogum, og eins hver, sem notar þess konar röng eða fölsuð áhöld til þess að svikja menn með þeim, skal sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum. Ef að mjög miklar sakir eru, og eins ef glæpurinn er ítrekaður, má þyngja hegninguna allt að 6 ára hegningarvinnu.

Hver, sem notar í atvinnuvegi sínum vogir eða mæla eða kvarða, sem ekki eru löggiltir á réttan hátt, eða hafa breytzt með tímanum eða af sliti, skal sæta sektum allt að 50 rd. í fyrsta skipti, og hærri sektum eða fangelsi, ef optar verður.

280. grein.

Sömu hegningu, og sett er í fyrra lið næstu greinar á undan, skal enn fremur hver sá sæta, sem falsar vörur, eða ranglega setur á vörur eða aðra hluti opinberan stimpil eða mark, sem á að vera sönnun fyrir því, að þær séu ósviknar eða góðar, eða með svikum kemur því til leiðar, að slíkur stimpill eða mót sé sett á hluti, sem ekki eru til þess fallnir, eða setur heimildarlaust mark eða stimpil annars manns á vörur, sem eru miklum mun lakari en stimpillinn eða markið með sér ber.

Sèu vörur þær, sem stimpill eða mark annars manns hefir verið sett heimildarlaust á, ekki að neinu marki lakari, skal beita hegningu þeirri, sem sett er í seinna lið 279. greinar, og skal þar að auki ekki höfða málssókn út af því, nema sá krefjist þess, sem orðið hefir fyrir órétti með því. Hegningar-ákvörðun sú, er nú var nefnd, skal einnig eiga við um lítilsvarðandi vörufalsanir, er koma fyrir í smáverzlun, og manni að eins hefir verið gjört lítið tjón með.

281. grein.

Hver, sem í sviksamlegum tilgangi flytur, setur niður eða tekur burtu markasteina ellegar falsar nokkurt annað mark, sem lýsir takmörkum fasteigna, eða réttindum, sem þeim fylgja, skal einnig sæta hegningu eptir fyrra lið 279. greinar.

Tuttugasti og áttundi kapítuli.

Um brennu.

282. grein.

Ef að maður læggur eld í hús eða skip, hvort sem það er hans eign eða annars manns, þegar svo er ástatt, að hann hlaut að sjá, að mönnum var af því bersýnilegur lífsháski búinn, eða það er gjört til þess að stuðla til uppreisnar, ráns eða annars athæfis, sem raskar skipulagi mannlegs félags, eða til þess að koma til leiðar yfirgripsmikilli eyðingu, þá varðar það typtunarhúsvinnu ekki skemur en 8 ár, samt getur hegningin orðið líflát, ef nokkur hefir týnt í eldsvoðanum.

283. grein.

Leggi maður eld í hús eða skip annars manns, þegar öðru-

vísi er ástatt, þá varðar það hegningarvinnu í 2 ár og þaðan af fleiri allt að 12 árum.

Sömu hegning skal hver sá sæta, sem til þess að svíkja brunabóta-ábyrgðina eða í öðrum hegningarverðum tilgangi leggur eld í hús eða skip sjálfs síns eða hús eða skip annars manns að beiðni hans eða með samþykki hans; þó má færa hegninguna niður, þegar svo er ástatt, sem nú var sagt, í 1 árs hegningarvinnu, ef málsbætur eru, einkum ef húsið er afskekkt og enginn annar býr í því.

Til húsa skal telja ekki að eins þau hús, sem menn búa í, eða að öllu eða nokkru leyti er ætluð til íbúðar, ásamt með útihúsum þeim, sem til þeirra heyra, heldur einnig kirkjur, mylnur, verk-smiðjur, forðabúr og öll önnur hús, sem þar eru á borð við.

284. grein.

Hafi verið lagður eldur í skóg, mómýri, heiði, akur eða engi, tímbur- eða víðarbyrgðir, korn- eða heyhlaða, kofa eða byrgi, elleggar aðra þess konar hluti, þá varðar það hegningarviunu allt að 8 árum; samt má færa hegninguna niður í fangelsi við vatn og brauð, ekki skemur en tvenna 5 daga, ef það, sem kveymt hefir verið í, er mjög lítills virði, og málsbætur eru að öðru leyti.

Hafi verið svo ástatt, þegar eldurinn var lagður í, að sá, sem verkið vann, hlaut að sjá, að mönnum var af því bersýnilegur lífs-háski búinn, eða hafi það gjört verið til þess, að koma til leiðar öðru eins tjóni eða eyðingu, og um er rætt í 282. grein, þá skal beita hegningar-ákvörðuninni í þeirri grein.

285. grein.

Glæpir þeir, sem um er rætt í 282.—284. grein, eru fullkomnaðir, undir eins og kviknað er í þeim hlut, sem glæpurinn er fólgin í að leggja eld í, án þess að það komi til greina, hvort eldurinn hefir læst sig út meira eða minna.

286. grein.

Hver, sem veldur eldsvoða með því að gæta ekki almennrar varkárni, skal sæta fangelsi, en þó fellur sú refsing niður, ef hann bætir skaðann.

Tuttugasti og níundi kapítuli.

Um verk, er skipbrot, flóð eða annað mikið misferli getur hlotizt af.

287. grein.

Hver, sem í þeim tilgangi að villa farmenn eða gjöra þeim skaða, ónýtir, tekur burt eða skemmir vita, sjávarljósker eða annað merki eða mið, sem sett er upp farmönnum til leiðbeiningar, slökkur vita eða sjávarljósker, setur upp villu-merki eða mið, eða fyllir upp í eða stíflar rétta siglingarleið á sjó eða í vatnsfalli, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 4 ár.

Sè nokkuð af því, sem nú var nefnt, að vísu gjört af ásettu ráði, en ekki í tæðum tilgangi, skal sá, sem misgjörir, sæta fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

288. grein.

Ef maður veldur skipbroti, eða að skipi hlekkist á á sjó á annan hátt, og svo er ástatt, að mönnum með því er stofnað í bersýnilegan lífsháska, þá varðar það typtunarhúsvinnu ekki skemur en 8 ár, og getur hegningin orðið líflát, ef nokkur maður ferst af því. Verði það með öðrum atvikum, skal beita hegningarvinnu á vægara stigi.

289. grein.

Hver, sem ónýtir eða skemmir vatnsveitustokka eða lætur opið sýki, flóðgarð eða flóðgáttarstíflu eða annað þess konar vatnsvirki með þeim huga, að hleypa vatnflóði yfir, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum; samt má hegningin verða þyngri, ef mikill skaði hlýzt af því, og jafnvel líflát, ef nokkur maður ferst af því.

Sè það gjört með ásettu ráði, en ekki í þeim tilgangi, að hleypa vatnsflóði yfir, þá varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

290. grein.

Hver sá, sem af ásettu ráði skemmir járnbraut, flutningstílfærurnar eða hin önnur tæki brautarinnar, leggur eitthvað eða fleygir einhverju á brautina, færir járnsporin úr skorðum, hermí eptir bendingunum, kemur gufuvögnum eða öðrum brautarvögnum heimildarlaust á stað, eða hefst nokkuð annað að, er gæti stofnað flutningnum á brautinni í háska, skal sæta hegningarvinnu allt að

8 árum; samt má hegningin verða þyngri, ef mikill skaði hlýzt af því, og jafnvel líflát, ef nokkur maður bíður bana.

Ef að athöfn hans var svo vaxin, að hún gat ekki stofnað flutningnum í neinn verulegan háska, eða ef ætla má, að það þó hafi verið fjærri hyggju hans og áformi, þá skal hann sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári, ef mjög miklar sakir eru, ef að engin önnur hegningar-ákvörðun leggur við þyngri refsingu.

291. grein.

Hafist nokkur maður af gáleysi nokkuð það að, sem um er rætt í 287.—290. grein, þá varðar það fangelsi eða sektum.

292. grein.

Hafi nokkur maður eitruð eða önnur hættuleg efni í vörur, sem ætlaðar er til sölu, eða til þess að aðrir noti þær, þannig að heilbrigði manna sé þar af hætta búin, þá varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru, einkum ef að nokkur hefir beðið tjón af því ellegar jafnvel látizt, nema að þyngri hegning liggir við eptir einhverri annari hegningar-ákvörðun.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem hefir vörur á boðstólum, er hann veit að þess konar efni hafa verið höfð í á tæðan hátt.

Verði slíkt af gáleysi, þá varðar það sektum.

293. grein.

Hver, sem veldur næmum sjúkdómi ellegar því, að hann dreifist út, með því að brjóta á móti lagaákvörðunum, sem settar eru, eða varúðarreglum, sem yfirvöldin hafa skipað fyrir um til þess að af stýra næmum sjúkdómum eða útbreiðslu þeirra, skal sæta fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

294. grein.

Verði nokkur maður uppvís að, að dreifa út af ásettu ráði næmum sjúkdómi í húsdýrum, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum.

Hver, sem brýtur á móti lagaákvörðunum þeim, sem settar eru, eða varúðarreglum þeim, sem yfirvöldin hafa skipað fyrir um til þess að af stýra útbreiðslu næms sjúkdóms í húsdýrum, og með

Því gefur tilefni til, að slíkur sjúkdómur dreifist út, skal sæta fangelsi eða sektum ekki minni en 20 rd.

295. grein.

Hver, sem af ásettu ráði tekur burtu, ónýtir eða skemmir brýr, ferjur, brunna, vatnsveitustokka, landfestar eða merki, handrið eða annað, sem sett er til þess að af stýra eða vara við hætту á vegi, götu eða öðrum stað, þar sem allir mega koma, skal sæta fangelsi eða sektum.

Þrítugasti kapítuli.

Um það, er menn ónýta eða skemma eigur annara og um illa meðferð á skepnum.

296. grein.

Hver, sem af ásettu ráði tekur burtu, ónýtir eða skemmir opinber minnismarki eða hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota, t. a. m. gróðursett tré, girðingar, ljósker til að lýsa á strætum eða vegum, leiðarvísa, vörður eða mílustikur, skal sæta sektum eða fangelsi.

297. grein.

Hver, sem af ásettu ráði annaðhvort skemmir rafsegulþráð, eða tæki þau, sem til hans heyra, ellegar gjörir nokkuð það, er stöðvar eða veikir straum rafsegulmagnsins eða tálmar notkun tilfæringanna, skal sæta fangelsi, eða sektum, ef málsbætur eru, ekki samt minni en 25 rd., nema að verkið sé svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

Verði það af gáleysi, varðar það sektum allt að 50 rd. eða einföldu fangelsi allt að 1 mánuði. Samt getur refsingin fallið niður, ef að sá, sem í hlut á, samstundis skýrir næsta lögreglustjóra, eða einhverjum af embættismönnum þeim eða þjónum, sem skipaðir eru til umsjónar vegum eða hraðfrættum, frá, hvernig farið hafi.

298. grein.

Ef að nokkur maður annars af ásettu ráði ónýtir eða skemmir eigur annars manns, skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef að breytni hans ekki á undir aðra þyngri hegningar-ákvörðun. Opinbera málssókn skal því að eins höfða, að almennum friði hafi verið raskað eða brotið á móti ákvörðunum um lögreglu.

299. grein.

Hver, sem verður brotlegur í þrælslegri misþyrmingu eða annari grimmdarfullri og miskunarlausri meðferð á skepnum, einkum húsdýrum, skal sæta sektum allt að 100 rd. eða einföldu fangelsi allt að 4 mánuðum.

Þrítugasti og fyrsti kapítuli.

Um málssókn út af misgjörningum, varnarnauðung, skaðabætur og fl.

300. grein.

Út af misgjörningum þeim, sem um er rætt í lögum þessum, skal höfða opinbera málssókn, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt.

Hafi verið drýgð yfirsjón, sem ekki liggur við þyngri refsing en sektir, eptir því sem fyrir er mælt í lögum þessum, skal samt amtmanni þeim, sem í hlut á, heimilt að láta málssókn niður falla, ef að sá, sem misgjörir, býður fram og greiðir fésekt, sem er innan takmarka sektar þeirrar, er lögð er við yfirsjóninni í lögum, og amtmanni finnst hæfileg eptir málavöxtum, og hann þar á ofan geldur kostnað þann, sem á kann að hafa fallið út af rannsókninni.

301. grein.

Ef nokkur heitist við annan mann, eða hótar honum brennu eða öðrum óföllum, þá eiga yfirvöldin, ef að heitingin eða hótunin ekki á undir neina af hegningar-ákvörðunum í lögum þessum, og ef sá krefst þess, sem í hlut á, að hlutast um, að ákveðið sé með dóms-úrskurði, hvort heitingarmaðurinn á að setja veð út af því, og efsvo er, þá hversu mikið, eða, ef hann ekki gjörir það, hvort að eigi að setja hann í gæzluvarðhald á opinberan kostnað. Hafi maður verið dæmdur á þennan hátt til að setja veð, og hann álitur seinna, að nú eigi að leysa sig undan því, af því að málavextir séu orðnir aðrir, á að höfða aptur opinbera málssókn og sami dómstóllinn að skera úr því, nema að sá, sem heitzt var við, lýsi því yfir fyrir fóteta, að hann sé því samþykkur, að veðsetningin sé gefin upp.

302. grein.

Hver, sem verður brotlegur í glæp, er skyldur að gjalda þeim, sem bíður tjón, skaðabætur.

303. grein.

Sá, sem veitir öðrum manni líkamlega meiðing af ásettu ráði eða af því að hann gætir ekki tilhlýðilegrar varkárni, er ekki að eins skyldur að bæta honum upp lækningarkostnað og atvinnumissi, heldur má dæma hann þar á ofan til að gjalda þeim, sem fyrir skaðanum varð, þóknun, er til tekin sè í dóminum, bæði fyrir þjáningar þær, sem hann hefir tekið út, og fyrir óhægindi þau, lýti og óþryði, er leiða kunna af skaða þeim, sem hann hefir beðið.

304. grein.

Sömuleiðis má, ef þess er krafzt, dæma þann, sem veldur dauða annars manns á þann hátt, að honum verður gefin sök á því, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bætunum annaðhvort tiltekna upphæð eitt skipti fyrir öll, eða framfærslutillag, er haldist um tiltekinn tíma.

305. grein.

Á sama hátt má eptir atvikum dæma þann, sem hefir meitt æru annars manns, eða orðið brotlegur í misgjörningum þeim, sem um er rætt í 167.—176. gr. sbr. 177. gr. í 16. kap. laga þessara, til að gjalda þeim, sem misgjört er við, hæfilega þóknun fyrir, að hann með því hefir farið með eða raskað stöðu hans eða högum.

306. grein.

Hver, sem hefir ofbeldi í frammi við foreldra sína eða ættingja í beinan ættlegg upp á við, hefir fyrirgjört arftökurètti sínum eptir þann, er hann á þann hátt hefir misgjört við, nema sá, sem í hlut á, lýsi yfir þeim skýlausum vilja sínum, að erfðirnar engu að síður skuli standa óhaggaðar.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa orðið brotlegur við þessa ættingja sína í stórmótgjörðum þeim, sem um er rætt í 217. og 218. gr. í 21. kap. laga þessara, þá skal sömuleiðis, ef gjörð er réttarkrafa um það, dæma hann til að hafa fyrirgjört arftökurètti sínum eptir þann, sem hann misgjörði við.

Í báðum þessum tilfellum má samt með testamentisgjörð að öllu eða nokkru leyti veita þeim, sem misgjörði, aptur arftökurètt þann, sem hann hefir fyrirgjört.

Þrítugasti og annar kapituli.

Um það, hve nær lög þessi verði gild, um réttarskiptin og það, hverjar eldri ákvarðanir séu úr lögum numdar.

307. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágústmán. 1870. Þangað til að búið er að koma upp hegningarhúsi á Íslandi og fangelsum þeim, sem með þurfa, skal þó í þeim tilfellum, þar sem lögin setja annaðhvort hegningarvinnu í 2 ár eða skemur eður fangelsishegningu, hýðing og sektir koma í þess stað samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tilskipun 24. janúarmán. 1838 4. og 5. grein, en aptur skal hegningarvinna lengri tíma en 2 ár út tekin í hegningarhúsunum í Danmörku eins og að undanfögnu. Til hins sama tíma skal ekki beita ákvörðununum í öðrum og þriðja kafla 31. greinar í lögum þessum, en þar á móti skal um borgun sekta eptir dómi og afplánun þeirra, ef til þess kemur, farið eptir 9. grein í tæðri tilskipun. Konungi er áskilinn réttur á að ákveða með tilskipun, hve nær þessar ákvarðanir um stundarsakir skuli falla úr gildi.

308. grein.

Ef að glæpur að vísu hefir verið drýgður fyrir þann tíma, sem um er rætt í 307. grein, en ekki búið að upp kveða ályktardóm í málinu út af honum, þá skal kveða á um hegninguna eptir lögum þessum, ef að hún verður vægari eptir þeim, en eptir eldri lögum.

309. grein.

Ef að maður, sem áður hefir verið dæmdur í hegningu eptir hinum fyrri lögum fyrir glæp, sem lögð er við aukin refsing í lögum þessum, ef hann er ítrekaður, aptur verður brotlegur í sama glæp, þá skal dæma hann í sömu refsing, og ef hinn fyrri dómurinn hefði verið kveðinn upp eptir þessum lögum.

310. grein.

Upp frá þeim tíma, sem nefndur er í upphafi 307. greinar, falla þær ákvarðanir í dönsku lögum Kristjáns konungs V., er nú skal greina, úr gildi, að því leyti sem það ekki áður er orðið: úr 1. bók 4. kap. 6. art., 5. kap. 3. art., 8. kap. 7. og 8. art., 9. kap. 11. art., 13. kap. 9. og 10. art., 14. kap. 1. art., 19.

kap. 3. og 6. art., 21. kap. 17. art., 23. kap. 1. art., 24. kap. 4.—7., 10.—16., 29., 48.—50. art., 25. kap. 29. art.;

úr 2. bók 10. kap. 4. art., að því er snertir þá, sem fyrirfara sjálfum sér;

úr 3. bók 1. kap. 6. art., 10. kap. 4. art., 16. kap. 7. art., 9. art. 8. gr. og 16. art. 9. gr., 20. kap. 3. art.;

úr 4. bók 3. kap. 2. art.;

úr 5. bók 2. kap. 87. og 89. art., 3. kap. 11. art., 7. kap. 15. art., 8. kap. 3. og 4. art., 9. kap. 2. og 5. art.;

úr 6. bók 1. kap. 1. og 3.—13. art., 4.—9. kap., 10. kap. 1. art., 11. kap., 12. kap. 1.—7., 9. og 10. art., 13. kap. 1., 6.—18., 22.—30. art., 14. kap. 1.—6. og 8.—19. art., 15. kap. 1.—8., 13.—22. art., 16. kap., 17. kap. 3., 12., 20.—30. og 32.—41. art., 18. kap., 19. kap. 1.—5. art., 20. kap. 1.—3. art., 21. og 22. kap.

Enn fremur hegningar-ákvarðanirnar í þessum artíkulum í dönsku lögum Kristjáns konungs V.:

í 1. bókar 1. kap. 1., 5. og 6. art., 5. kap. 9. art., 8. kap. 4., 5. art. og 10. art. niðurlagið, 13. kap. 11. og 20. art., 19. kap. 5. og 9. art., 23. kap. 6. art., 24. kap. 9., 35., 43. og 55. art., 26. kap. 1. art.;

í 2. bókar 3. kap. 8. art., 5. kap. 20. art., 9. kap. 26. art., 17. kap. 22. art.;

í 3. bókar 1. kap. 2. art., 4. kap. 6. art., 16. kap. 9. art. 7. gr., og 16. art. 2. gr.;

í 4. bókar 2. kap. 13. art., 4. kap. 4. og 5. art., 5. kap. 3. art., 6. kap. 6. art.;

í 5. bókar 2. kap. 78. art., 3. kap. 34. og 37. art., 8. kap. 12. art., 11. kap. 7. art.;

í 6. bókar 13. kap. 2. og 3. art., 14. kap. 7. art., 15. kap. 9., 10. og 12. art., 17. kap. 11. og 15. art.

311. grein.

Enn fremur fellur úr gildi frá þeim tíma, sem nefndur er í upphafi 307. greinar, það sem nú skal greina af lagaákvörðunum, sem eru yngri en dönsku lög Kristjáns konungs V., og ekki eru áður úr lögum numdar:

tilsk. 4. marzm. 1690 um hegningu þjófa og ótrúrra þjóna;

— 6. febr. 1694 um að aptra og af stýra óskunda og manndrápi;

- tilsk. 31. ágústm. 1695 um vitnisburði og ábyrgð fyrir hjónabandi;
 — 21. sept. 1695 um þá, sem láta menn handtekna fyrir morð eða manndráp sleppa úr varðhaldi;
 — 16. okt. 1697 um refsingu á stórum morðingjum;
 bann 23. okt. 1700 gegn því að gefa gjafir og taka við þeim;
 tilsk. 21. marzm. 1705 um meðferð á strönduðum skipum og fjármunum 2. gr.;
 opið bréf 21. maím. 1726 um danska þegna, sem eru í útlendri herþjónustu;
 tilsk. 23. des. 1735 um temere litigantes m. fl. 4. og 5. gr.;
 — 9. ágústm. 1737 um aftöku og greptrun sakamanna;
 — 27. jan. 1738 um þyngri refsingu á stórum morðingjum;
 — 17. marzm. 1741 um einvígis-boð og hólmgöngur;
 — 9. júlím. 1745 um kennara, sem barna stúlkur, er þeir kenna;
 — 2. sept. 1745 um legorð, framin af ófermdum eða með þeim;
 — 7. febr. 1749, er skýrir nákvæmar ofan nefnda tilsk. 16. okt. 1697;
 — 18. marzm. 1751 um hegning fyrir lauslæti;
 — 19. nóv. 1751 um húðstrýkta menn og brunamerkta;
 — 1. febr. 1757 um ofnautn brennivíns 7. gr.;
 — 18. des. 1767 um hegningu sakamanna, sem deyða aðra menn til þess að sæta lífláti;
 — 21. okt. 1791 um aftöku með öxi;
 — 31. jan. 1794 um það, að menn ætla, að óvirðing sè í að flá skepnur 3. gr.;
 opið bréf 15. júlím. 1801 um skemmdir á landfestahringum o. fl.;
 — 19. apr. 1805 um útlenda menn, sem dæmdir eru í hegningarvinnu;
 reglugj. 21. nóv. 1810 um yfirsetukonur 41. gr.;
 tilsk. 12. júním. 1816 um hengingu í fangelsi við vatn og brauð;
 — 11. marzm. 1818 um bandingja, sem komast út úr hegningarhúsunum o. fl. 4. og 5. gr.;
 — 9. júním. 1819 um ólöglegan liðsafnað;
 — 4. ágústm. 1819 um skyldu manna að bjarga mönnum, er sýnast dauðir, o. fl. 4. g.;
 opið bréf. 6. okt. 1819 um yfirsjónir gegn sóttvörnum;
 tilsk. 15. des, 1820 um bænarskrár og kæruskjöl 4.—7. gr.;
 — 24. sept. 1824 um búshluta missis hegningu o. fl.;
 — 20. apr. 1825 um hegningu fyrir ránskap á sjó 1. og 2. gr.

aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, 82. gr.;
 tilsk. 21. des. 1831, II. um aftekning útlegðar-straffsins að frá-
 skildu niðurlagi 2. greinar og 9. grein;
 — 4. okt. 1833 um þau afbrot, er miða til að meiða annara
 manna líkama og frelsi;
 — 28. des. 1836 um skipströnd 37. gr. IV. nr.:
 — 24. jan. 1838 viðvikjandi misgjörningamálum á Íslandi 3., 4.
 og 5. (hinar tvær síðast nefndu greinir samt ekki fyr, en þessi
 lög öðlast fullkomlega lagagildi, sbr. 307. gr.) 6.—8., 9. (hin
 síðast nefnda greinin heldur ekki fyr en þessi lög öðlast full-
 komlega lagagildi), 10. (samt að eins að því, er snertir yfir-
 sjónir þær, sem um er rætt í þessum lögum), 11. og 12. gr.;
 — 11. apr. 1840 viðvikjandi straffi fyrir þjófnað, svik o. fl.:
 — 15. apr. 1840 viðvikjandi straffi fyrir meinsæri að 14. gr. frá-
 skilinni;
 — 26. marzm. 1841 um straff fyrir illvirkisbrennur;
 opið bréf 24. sept. 1841 um hald á stolnum munum;
 tilsk. 9. maím. 1855, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breyt-
 ingum lög 3. jan. 1851 um prentfrelsi 5.—10. og 12. gr.;
 opið bréf 4. jan. 1861, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breyt-
 ingum lög 30. nóv. 1857 áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um
 betrunarhúsvinnu;
 tilsk. 15. marzmán. 1861 um vegina á Íslandi 30. grein;
 opið bréf 29. ágústm. 1862, er lögleiðir á Íslandi lög 21. jan.
 1857 um hegningu fyrir illa meðferð á skepnum.

312. grein.

Enn fremur falla hegningarákvarðanirnar í þessum lögum úr
 gildi, að svo miklu leyti sem þær eru enn gildar:

tilsk. 21. marzm. 1705 um meðferð á strönduðum skipum og fjár-
 munum 3.—5. og 7. gr.;
 — 15. maím. 1705 um afnám ýmissa ósiða á Íslandi 7. gr.;
 konungsbréf 24. des. 1710 um hlýðni við skipanir konungs;
 kammerréttar-tilskipunin 18. marzm. 1720 1. kap. 12. og 18. gr.,
 2. kap. 9. gr. 2. nr.;
 opið bréf 6. febr. 1722 um vín- og veitingahús;
 tilsk. 5. marzm. 1734 um börnun og heimtun hjónabands út af
 henni 7. gr.;
 — 26. febr. 1739 um hegningu ótrúrra reikningamanna;

- tilsk. 31. júlím. 1739 um hina konunglegu embættismenn 1. gr.;
 hæstarættar-reglugjörð 7. des. 1771 13. gr.;
 opið bréf 7. marzm 1787 um íslenska sjópassa 7. gr., að því er
 snertir hegninguna fyrir að láta hjá líða að segja frá yfirsjón-
 um þeim, sem þar er um rætt;
 tilsk. 30. jan. 1793 um skattheimtu og reikninga o. fl. í Danmörku
 9., 20. og 32. gr.;
 — 3. júním. 1796 um rættarfarið 26. gr.;
 opið bréf 27. maím. 1808 um skýrslur um uppkomu næmra sjúk-
 dóma 1. og 5. gr.;
 tilsk. 7. nóv. 1809 um latínuskólana 69. gr.;
 — 27. marzm. 1831 um hafnsögumenn 31. gr. 2. og 3. máls-
 grein;
 — 21. des. 1831 V., er nákvæmar ákveður um d. l. 6.—13.—3.

313. grein.

Loks fellur úr gildi frá þeim tíma, sem nefndur er í upphafi
 307. greinar, allt það, sem annars kann að koma í bága við efni
 þessara laga í þeim lögum og tilskipunum, sem hingað til hafa
 verið gild.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.
 Gefið í vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 25. dag
 júnímánaðar 1869.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

C. Nutzhorn.

TILSKIPUN

Handa Íslandi um afplánun fêsekta í öðrum málum en sakamálum.

VÉR KRISTJÁN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur kon-
 ungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slësvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
 Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Eptir að
 vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frum-
 varp, sem fyrir það hefir verið lagt, til laga handa Íslandi, um

afplánun fêseкта í öðrum málum en sakamálum, þjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Ef að nokkur sá, sem samkvæmt dómi eða úrskurði fyrir utan sakamál ellegar samkvæmt sætt eða yfirvalds-úrskurði á að gjalda fêsekt í hegningarskyni, lætur farast fyrir að greiða hana að öllu eða nokkru leyti, þá skal hann afplána það, sem óborgað er — án þess að reynt sé áður að heimta það með aðförum — í einföldu fangelsi 1 dag fyrir hvern 1 ríkisdal upphæðarinnar allt að fullum 10 rd., 1 dag fyrir hvern 1½ rd. af þeim hluta upphæðarinnar, sem er milli 10 og 25 rd., og 1 dag fyrir hverja 2½ af því, sem umfram er.

Fêsekt, sem ekki nær 2 rd., skal afplánuð með 2 daga einföldu fangelsi; en annars skal, þá er fêsektir afplánast, að eins tekinn til greina sá hluti þeirra, er samsvarar fangelsis-hegningu heilan dag.

Fari sá, sem misgjört hefir, þess á leit við fóeta, og heilsu-
far hans er því ekki til fyrirstöðu, skal breyta einfalda fangelsinu í fangelsi við vatn og brauð jafnlengi að tiltölu, þannig, að 1 dags fangelsi við vatn og brauð komi í stað einfalds fangelsis í 6 daga; ekki má maður samt sitja skemur en 2 daga í fangelsi við vatn og brauð til þess að afplána sektir. Eigi maður að sitja lengur en 12 daga í einföldu fangelsi, og dagatölunni þar á ofan ekki verður fullskipt með 6, fellur afgangurinn burtu, ef hann er minni en 3 dagar, en skal talinn jafn 1 dags fangelsi við vatn og brauð, ef hann er 3 dagar eða þar yfir.

2. grein.

Þegar svo er, að sá, sem misgjört er við, á að fá fêsektina, er það á hans valdi, að láta taka hana hjá þeim, sem misgjört hefir, með lögtaki, en að öðru leyti eiga ákvarðanir þær, sem settar eru í 1. grein, við um afplánun þess hluta fêsektarinnar, sem ekki er borgaður eða næst með lögtaki, ef að sá, sem fengið hefir dóminn, leitar háyfirvaldsins út af því.

3. grein.

Þegar manni er boðið með dómi eða yfirvalds-úrskurði lög-
um samkvæmt að gegna einhverri skyldu við hið opinbera og lögð

við áframhaldandi fêsekt, en hann hvorki vinnur verkið, nè geldur sektina, skal einnig afplána slíka fêsekt eptir ákvörðununum í 1. gr., ef að valdstjórn sú, sem á heimtingu á, að dómnnum eða úrskurðinum sè fullnægt, krefst þess; en þess ber samt að gæta, að afplánanin í fyrsta skipti ekki fari fram úr 1 mánaðar einföldu fangelsi, og að 4 vikur verða að líða frá því, að búið er að út taka þessa hegningu, þangað til að láta má afplána að nýju, en þá má heimta, að öll sú sektar-upphæð, sem safnast hefir saman frá því, að hin fyrsta framkvæmd afplánunarinnar var á enda, sè afplánað samkvæmt ákvörðununum í 1. grein, og svo framvegis á sama hátt, í hvert skipti sem 4 vikur eru liðnar frá því, að hin síðasta afplánanin var á enda.

4. grein.

Ákvarðanirnar í 1. grein eiga einnig við, þegar maður er skyldaður með yfirvalds-úrskurði til að greiða tillög, sem afplána skal, ef þau ekki eru goldin; en samt skal, ef auðið er, heimta hið ógoldna tillag með fjárnámi hjá þeim, sem í hlut á, og verður þar á ofan aldrei krafizt, að minna sè afplánað, en það, sem ógoldið er fyrir eitt missiri, án þess að það komi til greina, þó áskilið hafi verið, að gjalda skyldi tillagið fyrir styttri tíma í hvert skipti.

5. grein.

Konungur til tekur nákvæmar með tilskipun, hve nær lagaboð þetta skuli öðlast gildi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða. Gefið í vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 25. dag júnímánaðar 1869.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

C. Nutzhorn.

TILSKIPUN

um hundahald á Íslandi.

VÈR KRISTJÁN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um það, hvernig eigi að halda hunda á Íslandi, þjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Sèrhver húsbóndi skal skýra frá á ári hverju, í kaupstöðunum um fardaga og í sveitunum á hreppaskilapingum á vorin, fyrsta sinn árið 1871, hversu margir hundar sèu á heimili hans, hvort sem hann á þá sjálfur eða einhver annar. Fjölgi hundarnir á árinu, þá er hann skyldur að segja lögreglustjóranum í kaupstöðunum og hreppstjórunum til sveita til þess, áður 3 vikur sèu liðnar. Að því er snertir hunda þá, sem heima-aldir eru, skal frestur þessi talinn frá því, er þeir eru orðnir fullra 4 mánaða, og að því er snertir aðfengna hunda, frá þeim degi, er þeir komu á heimilið.

2. grein.

Lögreglustjórnir í kaupstöðunum og hreppstjórnir í sveitum skulu árlega á hreppaskilapingum á vorin ásamt allt að 4 mönnum, sem kaupstaðar- eða hreppsúar kjósa, ákveða, hversu marga hunda hver húsbóndi þurfi til þess að hirða nautpening sinn, hesta eða sauðfè, og til þess að verja tún og engjar. Fyrir hvern hund, sem haldinn er fram yfir hina ákveðnu tölu, skal eigandi gjalda 2 ríkisdali á ári.

3. grein.

Lögreglustjóri sá eða hreppstjóri, sem í hlut á, skal halda sèrstaka bók, og rita þar í tölu og nöfn allra húsbænda í kaupstaðnum eða hreppnum, og skal þar um leið tilgreint, hversu marga hunda hann haldi, og skýrt frá, hvort greiða eigi gjald fyrir hundana eður eigi. Svo skal hann og sjá vandlega um, að ekki sè neinstaðar í kaupstaðnum eða hreppnum haldnir aðrir hundar eða fleiri en þeir, sem leyfilegt er að hafa afgjaldslaust samkvæmt 2. grein, eða sem sagt hefir verið til til greiðslu hins lögboðna gjalds.

Fyrir hvern annan hund, sem hittist, skal eigandinn gjalda 5 rikisdala fêsekt; fær uppljóstrarmaðurinn annan helming sektarinnar, en sveitarsjóðurinn hinn helminginn, og ber eigandanum þar á ofan að greiða hið lögboðna gjald fyrir hundinn. Finnist enginn eigandi að slíkum hundi, skal hundurinn drepinn.

4. grein.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnu, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullmeingað er, að meðtöldum hausum af höfuðsóttar-kindum, svo djúpt í jörð niður, að hundarnir geti ekki náð því, eða að brenna það. Brot gegn ákvörðun þessari varðar 1—5 rd. sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er uppljóstrar, en sveitarsjóðurinn hinn.

5. grein.

Af upphæð gjalds þess, sem um er rætt í 2. grein, sbr. 3. grein, skal fyrst taka kostnaðinn til að útvega bók þá, sem nefnd er í 3. grein. Af afgangnum fær lögreglustjóri sá eða hreppstjóri, sem í hlut á, annan helminginn, en sveitarsjóðurinn hinn helminginn. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn árið 1872; gjalddagi þess er hinn sami og annara sveitargjalda, og má taka það með lögtaki, ef það ekki er greitt í tækan tíma.

6. grein.

Fyrir tekjum þeim, sem sveitirnar fá samkvæmt þessari tilskipun, skal gjörður sérstakur reikningur á hverju ári, og skal fylgja honum til sönnunar eptirrit af bók þeirri, sem getið er um í 3. grein; skal reikningur þessi vera fylgiskjal með aðalsveitarreikningnum.

7. grein.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á móti ákvörðununum í tilskipun þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða. Gefið í vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 25. júní-mánaðar 1869.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L S).

C. Nutzhorn.

TILSKIPUN

handa Íslandi, um skipamælingar.

VÉR KRISTJÁN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um lagafrumvarp, er fyrir það hefir verið lagt í þeim tilgangi, samkvæmt 26. grein í lögum um skipamælingar 13. marzmán. 1867, að leiða þau í lög á Íslandi með nokkrum breytingum, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið :

1. grein.

Öll skip og bátar, sem eiga heima á Íslandi, og eru meira en 12 tons að rúmmáli, og ekki hafa mælingarbréf, gefið út á tolltökustað í Danmörku samkvæmt lögum 13. marzmán. 1867, skulu mæld, og rúmmál þeirra ákveðið eptir aðferð þeirri, sem ákvörðuð er hér á eptir. Skal hún einnig við höfð, þegar önnur skip eru mæld, sem eiga að segja til farms síns í höfnum á Íslandi. Undanþegin mælingu þar eru öll dönsk skip, sem eiga annarstaðar heima en á Íslandi, og hafa lögmæt dönsk mælingarbréf, sem og herskip og önnur stjórnarskip, dönsk og útlend, sem ekki eru höfð til vöruflutninga. Stjórnin kveður nákvæmar á um, að hve miklu leyti önnur útlend skip skuli mæld.

2. grein.

Að því leyti að ekki verður settur sérstakur embættismaður til þess að mæla skip og reikna út rúmmál þeirra, þá skulu lög-reglustjórnir í þeim 6 verzlunarstöðum, sem nefndir eru í 2. grein laga 15. aprilmán. 1854, um siglingar og verzlun á Íslandi, hafa starf það á hendi.

3. grein.

Mælingin skal fara fram í dönskum fetum og tugabrotum úr fetum.

4. grein.

Rúmmál skipsins, sem búið er að finna með mælingunni,

skal tiltekið í tons öldungis af sömu stærð og enskir register-tons, eins og þeir nú eru.

5. grein.

Það er tilgangurinn með mælingunni, að finna eins nákvæmlega eins og verður stærð allra þeirra rúma í skipinu að teningsmáli, sem notuð verða, og skal hún fram fara eptir hinni fullkomnu mælingar-aðferð, sem mælt er fyrir um í I. reglu; einungis þegar henni ekki verður komið við einhverra orsaka vegna, má við hafa mælingar-aðferð þá til bráðabyrgða, sem um er rætt í II. reglu. Hina síðarnefndu mælingar-aðferð ber þannig jafnaðarlega að eins við að hafa um þau skip, sem að öllu eður nokkru leyti eru fermd, þegar á að mæla þau, eða ef að einhverjar aðrar sérstaklegar tálmanir gjöra erfitt að mæla eptir fullkomnu aðferðinni.

6. grein.

I. regla. Þilfar það, sem efst er í skipum með ekki fleirum þilförum en tveim, og það, sem er annað að neðan í skipum með fleirum þilförum en tveim, heitir «mælingarþilfarið». Rúmið fyrir neðan þetta þilfar skal skoðað og mælt sem ein samföst heild. Sèu fleiri þilför, skulu rúmin, sem á milli þeirra verða, mæld hvert út af fyrir sig. Sömu leiðis skulu þau rúm mæld út af fyrir sig, sem eru á efsta þilfari skipsins.

Þegar stærð allra þessara rúma samtalinna er skipt með 91,59, fæst (aðal-)rúmmál alls skipsins. (91,59 dónsk teningsfet = 100 enskum teningsfetum = 1 register-ton).

A. Lengd skipsins skal mæld í beinni línu eptir yfirborði mælingar-þilfarsins frá innra fleti innri súðarinnar öðru megin við stafninn aptur að innra fleti skutviðanna miðskipa, eða, þegar svo stendur á, að súðinni þar. Frá þessari lengd skal dregið eins mikið og samsvarar hallanum á kinnungnum og skutviðunum, eptir sem þilfarið er þykkt til, og hallanum á skutviðunum allt að $\frac{1}{3}$ af bugðunni á bitanum. Lengd þeirri, sem finnst með þessu móti, skal síðan skipt í eins marga jafna parta, og kveðið er á í töflu þeirri, er hér fer á eptir:

- 1, skipum, er mælingarþilfar þeirra samkvæmt tæðri mælingu er 48,56 feta (50 ensk fet) langt eða minna, skal skipt í 4 jafna parta.
- 2, skipum, fram yfir 48,56 fet en ekki yfir 116,53 fet (120 ensk fet), skal skipt í 6 jafna parta.

- 3, skipum, fram yfir 116,53 fet, en ekki yfir 174,80 fet (180 ensk fet) skal skipt í 8 jafna parta.
- 4, skipum, fram yfir 174,80 fet, en ekki yfir 218,51 fet (225 ensk fet), skal skipt í 10 jafna parta.
- 5, skipum, fram yfir 218,51 skal skipt í 12 jafna parta.

B. *Pver-skurður* skipsins við hvern skurðarsting í lengdinni skal ákveðinn á þann hátt, er nú segir:

Dýptin skal mæld við hvern skurðarsting frá $\frac{1}{3}$ af bugðunni á bitanum undir þilfarinu — eða, ef pallar eru á þilfarinu, þá frá beinni línu, er sè framlenging af þilfarinu — til efri brúnarinnar á kjalviðnum innanvert við kjalgólfið, og skal dregin frá meðal-þykkt innri súðarinnar millum kjalborðsins og hvilu-borðsins.

Sè dýptin við mið-skurðarsting lengdarinnar ekki meiri en 15,54 fet (= 16 ensk fet), skal hverri dýpt skipt í 4 jafna parta, og hin lárættu breidd að innanverðu síðan mæld við hvern þessara þriggja skurðarstingja og eins við efri og neðri enda dýptarinnar, og skal ávallt mælt til meðal-þykktar þess hluta innri súðarinnar, sem er á milli mælingarstingjanna. Síðan skulu settar tölur á breiddir þessar og byrjað ofan að (þ. e. efsta breiddin verður: 1, og svo framvegis niður að neðstu breiddinni); 2. og 4. breiddin skal margfölduð með 4, og 3. breiddin með 2; þær tölur, sem þá koma út, skulu lagðar saman, og 1. og 5. breidd lögð við þá upphæð; talan, sem þá kemur út, skal margfölduð með þriðjunginum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna, og kemur þá fram *flatarmál þverskurðarins*.

Sè miðdýptin aptur á móti meira en 15,54 fet, skal hverri dýpt um sig skipt í 6 jafna parta, og mæla síðan lárættu breiddirnar, samkvæmt tilsoðgninni hér á undan, við hvern af þessum 5 skurðarstingjum og við efra og neðra enda dýptarinnar, og setja síðan tölur á þær ofan að; 2., 4. og 6. breidd skal margfölduð með 4, og 3. og 5. með 2; tölurnar, er þá koma út, skulu lagðar saman, og við upphæð þeirra allra lögð 1. og 7. breidd. Talan, sem þá kemur út, skal margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna, og kemur þá fram *flatarmál þver-skurðarins*.

C. Þegar húið er á þennan hátt að finna flatarmál þverskurðanna við hvern skurðarsting í lengd skipsins, skal reikningnum á rúmmáli skipsins haldið á fram, eins og nú segir:

Á þverskurðina skulu settar tölur í röð, þannig að 1 er við framenda lengdarinnar við stafninn.

Annar þverskurðurinn og allir þverskurðirnir, sem eru með jafnri tölu, hvort sem lengdinni er skipt eptir töflunni í 4 eða 12 parta eða þar á milli, skulu margfaldaðir með 4, og 3. þverskurðurinn og allir þverskurðirnir, sem eru með oddatölu, nema hinn fyrsti og síðasti, margfaldaðir með 2. Tölur þær, sem koma af margfölduninni, skulu lagðar saman, og fyrsti og síðasti þverskurðurinn, að svo miklu leyti þeir nema nokkru, lagður við upphæð þeirra; talan, sem þá kemur fram, skal því næst margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli þverskurðanna. Kemur þá fram stærð rúmsins fyrir neðan mælingar-þilfarið að teningsmáli, og þegar henni er skipt með 91,⁵⁹, kemur fram *rúmmál skipsins fyrir neðan mælingar-þilfarið*, til tekið í tons.

D. Að því er snertir palla á þilfarinu, kompur eða önnur rúm á efsta þilfarinu, sem eru lokuð umhverfis, og verða höfð til að koma fyrir í farmi eða vistum eða til klefa eða hæginda handa farþegum, skal rúmmálið ákveðið, eins og nú segir:

Meðallengd slíkra rúma að innanverðu skal mæld og henni skipt í 2 jafna parta; á hæðinni miðri skulu mældar 3 breiddir að innanverðu, það er að segja, sin við hvorn enda og ein á miðjunni á lengdinni; endabreiddirnar skulu lagðar saman, við það aptur lögð miðbreiddin fjórfölduð, og öll upphæðin síðan margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna; kemur þá fram hinn lárætti þverskurður rúma þessara miðja-vega, og skal hann margfaldaður með meðalhæð rúmsins. Þessari tölu skal síðan skipt með 91,⁵⁹, og kvótinn, sem er *rúmmál hlutadeiganda rúms*, lagður við rúmmálið fyrir neðan mælingar-þilfarið.

Þó skal ekki bætt við rúmmálið fyrir hýsi uppi á þilfari til skjóls handa þilfars-farþegum, ef stjórnin samþykkir það.

Rúm, sem eingöngu eru gjörð til kompa handa skipshöfninni, hvort sem þau eru á þilfarinu eða undir því, má draga frá, þá er reiknað er rúmmál skipsins í tons, ef þau eru svo að stærð og fyrirkomulagi, sem stjórnin segir nákvæmar fyrir um. Einnig setur stjórnin reglur um, hvernig slík rúm skuli mæld, og hvernig séð verði um, að skilyrði þau, sem sett eru fyrir því, að þau verði dregin frá, þegar reiknað er rúmmálið, ætíð sèu fyrir hendi.

E. Sèu 3 *púlför* í skipinu, skal rúmið milli efsta þilfarsins og mælingar-þilfarsins ákveðið, eins og nú segir :

Lengd rúmsins að innanverðu skal mæld á hæðinni miðri frá innri súðinni öðru megin við stafninn aptur að súðinni á kjölvið-unum. Lengd þessari skal skipt í jafnmarga jafna parta, eins og lengdinni á mælingar-þilfarinu er skipt. Breidd rúmsins að innanverðu við hvern skiptisting skal einnig mæld á miðri hæðinni ásamt breidd stafnsins og breiddinni við skutinn. Á breiddir þessar skulu settar tölur í röð og byrjað fram við stafninn; 2. breiddin og hinar breiddirnar, sem eru með jöfnum tölum, skulu margfaldaðar með 4, og hin 3. breiddin og hinar breiddirnar, sem eru með oddatölum, nema hin fyrsta og hin síðasta, með 2; tölur þær, sem koma fram við margföldunina, skulu lagðar saman og þar við bætt fyrstu og síðustu breidd, öll upphæðin margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna, og kemur þá fram hinn lárætti þverskurður rúmsins miðja vega, tiltekinn í ferhyrningsfetum; sè hann margfaldaður með meðalhæð rúmsins, kemur fram stærð þess að teningsmáli. Skal henni skipt með 91,59, og kvótinn, sem er *rúmmál rúms þessa*, lagður við hitt rúmmál skipsins.

Sèu *fleiri* þilför en 3 í skipinu, skal stærð hvers rúms milli þilfaranna fyrir ofan mælingar-þilfarið út af fyrir sig ákveðin á þann hátt, sem nú hefir verið sagt fyrir um, og lögð síðan við rúmmál skipsins.

F. Í öllum skipum, sem fara á fram með gufuaflí eða öðru affli, er þarf rúms við til vélarinnar, skal slá af eptir stærðinni á rúmi því eða rúmum þeim, sem hreifingaraffið tekur upp, og skal það dregið frá aðal-rúmmáli skipsins, er fundið er eptir framan-skrifuðum reglum. Afgangurinn er rúmmál það, er sett skal á skipið. Stjórnin skal nákvæmar ákveða reglurnar um mælingu tæðra rúma að teningsmáli.

G. Á opnum skipum ræður efri brún hástokksins línu þeirri, sem mælingin á að fara fram fyrir neðan. Dýptirnar skulu fyrir því mældar við hvern skurðarsting á lengdinni frá línu, sem dregin er um þvert skipið milli efri brúnanna á hástokkunum.

Á skipum af þessu tægi, sem fara á fram með gufuaflí eða öðru affli, sem þarf véla með, skal draga nokkuð frá, og ákveða stærð þess, eins og vikið er á í F.

7. grein.

II. regla. Þegar skip er mælt til bráðabyrgða, skal mæla: 1. lengd skipsins á efsta þilfarinu stafna á milli; 2. breidd miðja-vega að lengdinni til á efsta þilfarinu milli innviðanna rétt ofan við gathorðið; 3. dýpt frá efri brún efsta þilfarsins lóðrætt niður á ytri súðina í botninum við hliðina á kjölnum, svo mjög miðskipa sem verður, og ef á þarf að halda, þá gegnum dæluna. Þessi 3 mál skulu margfölduð hvert með öðru og tölunni, sem þá kemur fram, skipt með deili, sem getur leikið á milli 110 og 160 eptir lögun skipsins, og eptir því, hvar dýptin er mæld, og skal nákvæmar kveðið á um deilinn í skipamælinga-reglugjörðinni.

Kvótinn verður sú tala af tons, sem skal álitin bráðabyrgðarúmmál skipsins, þegar búið er að leggja við hana rúmmál rúma þeirra, sem eru ofan á þilfarinu, og ber að mæla samkvæmt *I. reglu*, staflíð *D*. Rúm þessi skulu mæld á þann hátt, að margfalda saman meðal-lengd, -dýpt og -breidd þeirra, og skipta því, sem þá kemur fram, með 91,59.

Á gufuskipum skal því næst frá aðalrúminu, sem fundið er, draga rúmmál vélarrúmsins (*I. regla*, *F*).

8. grein.

Hinar ítarlegri ákvarðanir, sem með þurfa til þess að skýra betur mælingaraðferðirnar og koma þeim í verk, setur stjórnin í skipamælinga-reglugjörð. Enn fremur er stjórninni heimilt að breyta ákvörðununum í *I.* og *II.* reglu til, og auka í þær eptir því, sem reynslan sýnir að hagfelt er, og svo að ekki komi það í bága við grundvallarreglur þær, sem mælingin er byggð á, samkvæmt tilskipun þessari.

9. grein.

Sérhver mæling skal reiknuð nákvæmlega, svo ekki skakki $\frac{1}{100}$ úr ton, og skal hún yfirskoðuð af almennilegu æðra umsjónaryfirvaldi í Kaupmannahöfn. Stjórnin ákveður nákvæmar um það.

10. grein.

Um mælinguna skal gjört mælingarbréf. Handa íslenskum skipum skal mælingarbréfið tekið upp í þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið.

Hafi mælingin farið fram eptir *II.* reglu, skal tekið fram í

mælingarbréfinu, hvers vegna I. reglu hafi ekki orðið komið við. Slíkt mælingarbréf er ekki lengur gilt, en þangað til að mæling getur farið fram eptir I. reglu.

11. grein.

Skip, sem smíðuð eru á Íslandi, skulu mæld undir eins og búíð er að leggja þilfarið og innri súðina og áður en nokkrar tilfærur eru gjörðar í skipinu að innan, er geti verið því til fyrirstöðu, að það sé mælt á alla vegu, eins og fyrir skipað er hér að framan, og er skipasmiðurinn skyldur að segja embættismanni þeim, sem í hlut á, skriflega til þess í tækan tíma. Sé heimili embættismannsins lengra en 2 mílur frá stað þeim, er skipið er smíðað, má samt skjóta mælingunni á frest þangað til seinna.

Mælingarbréfið skal ekki gefið út, fyr en skipið er búíð, og einnig er búíð að mæla rúm þau, sem kann að verða komið fyrir uppi á þilfarinu.

12. grein.

Skip, sem aðflutt eru frá útlöndum, skulu mæld, er skipið kemur í fyrsta skipti inn á höfn á Íslandi, þar sem mæling getur farið fram eptir tilskipun þessari, nema þau hafi áður komið við í Danmörku og hafi verið mæld þar og fengið mælingarbréf.

13. grein.

Skipstjóri, eða þegar hann er ekki viðstaddur, þá eigandinn að hverju því skipi, sem á að mæla, er skyldur að láta embættismönnum þeim, sem mælingin er á hendur falin, í tæ alla þá aðstoð og allar þær upplýsingar, sem þeir kunna að heimta, er þeir mæla skipið, annaðhvort sjálfur eða láta menn sína gjöra það. Einnig á hann tregðulaust að hlýðnast, ef tæðir embættismenn kunna að skora á hann að ryðja rúm í skipinu innanverðu, ef þess þarf með vegna mælingarinnar.

Enn fremur er það skylda skipstjóra á hverju slíku skipi, að ferma það ekki nê taka í það seglfestu, nema hann skýri hlutað-eiganda embættismanni frá því.

14. grein.

Þegar búíð er einu sinni að mæla skip samkvæmt I. reglu í tilskipun þessari, og mælingarbréf það, sem gjört hefir verið þar

um, verður sýnt, þá er það gilt, meðan skipinu sjálfu ekki er breytt, og ekki heldur tilskipununum um mælinguna.

15. grein.

Sè skip, sem hefir danskt mælingarbréf eða útlent mælingarbréf, sem er lagt að jöfnu við það, breytt, þegar það er smíðað upp aptur, og breytinganna er ekki seinna getið, eins og vera ber, í mælingarbréfinu, skal skipasmiður sá, sem hefir staðið fyrir smíðinu, skýra embættismanni þeim, sem skipamælingar eru á hendur faldar, frá því, ef skipið hefir verið smíðað upp aptur á Íslandi, og hafi það verið gjört erlendis, þá skipstjóri; í hinu fyrra tilfellinu skal það gjört, þar sem skipið var smíðað um, og í síðara tilfellinu, þar sem skipið fyrst kemur innanlands, og mæling má fram fara. Sè skipið íslenzkt, hvílir sama skylda á eiganda skipsins.

Frá þessu skal ávallt skýrt svo tímanlega, að skipið verði mælt um tálmunarlaust.

16. grein.

Á sama hátt á skipstjóri eða eigandi skipsins að skýra frá öllum breytingum á stærð rúma þeirra, sem eru undanþegin mælingu, eða eru dregin frá, þegar rúmmálið er reiknað, og eins ef gjörð er breyting á notkun slíkra rúma.

17. grein.

Þegar skýrt er frá slíkum breytingum á skipi, eða þegar eigandi þess eða skipstjóri krefst þess, skal það mælt á ný, og nýtt mælingarbréf gefið út í staðinn fyrir hið eldra, sem haldið skal aptur. Samt má tilgreina á fyrra mælingarbréfinu, hvað breytzt hafi, ef að stærðin er hin sama á alla aðalvegu.

Hlutaeigandi embættismönnum er einnig heimilt umsjónarinnar vegna að mæla skip um, þó þess sè ekki farið á leit. Verði sú raunin á, er skip þannig er mælt um, að gjörðar hafi verið breytingar, en ekki sagt til þeirra, skal skipstjóri sá eða eigandi, sem í hlut á, borga allan kostnaðinn. Hafi ekki verið gjörð nein slík breyting, skal kostnaðurinn greiddur úr sjóði þeim, sem landstekjurnar renna inn í, og þyki þörf á að gefa út nýtt mælingarbréf, skal það gjört án nokkurs kostnaðar fyrir eiganda eða skipstjóra.

18. grein.

Fyrir mælinguna skal goldið í sjóð þann, sem landstekjurnar renna í:

- a) þegar skipið hefir verið mælt eptir fullkomnu aðferðinni, og ekki hefir orðið skilað eldra mælingarbréfi, sem gefið hefir verið út samkvæmt þessari eða eldri tilskipunum . . . 8 sk.
- b) í öllum öðrum tilfellum 4 —
af hverjum ton, er mælingarbréfið hljóðar um.

19. grein.

Fari mælingin fram annarstaðar, en þar sem embættismaður sá eða embættismenn þeir, sem hlut eiga að máli og hafa störf þessi á hendi, eiga heima, lendir ferðakostnaður sá og fæðispeningar, sem af því hljótast, á skipinu. Ferðakostnaður skal reiknaður á sama hátt og í opinberum málum; í fæðispeninga bera embættismanninum 2 rd. á dag.

20. grein.

Bæði eigandi skipsins og skipstjóri eru í ábyrgð fyrir gjöldum þeim og kostnaði, sem rælt er um í 2 næstu greinunum hér á undan.

21. grein.

Láti skipasmiður sá, sem hlut á að máli, fyrir farast, að skýra í tækan tíma frá því, sem fyrir er mælt um í 11. grein, varðar það hann fæsekt allt að 25 rd.

22. grein.

Sömmuleiðis varðar það allt að 25 rd. fæsekt, ef brugðið er út af 13. grein í tilskipun þessari.

23. grein.

Farist fyrir að skýra frá því, sem mælt er fyrir um í 15. og 16. grein, þá varðar það, ef hlotizt hefir af breytingum þeim, sem gjörðar hafa verið, að rúmmál skipsins er orðið meira, fæsekt allt að 5 rd. fyrir hvern ton, er rúmmálið reynist hafa aukizt um; þar að auki á hlutaðeigandi að greiða gjöld þau, sem fyrir vanrækt hans eru dregin undan sjóði þeim, sem landstekjurnar renna í.

24. grein.

Eins og það er amtmaður, sem til tekur upphæð fêsektarinnar fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 21.—23. grein, innan takmarka þeirra, sem þar eru sett, eins getur amtmaður einnig dæmt á hendur mönnum fêsekt allt að 10 rd. fyrir brot á ákvörðununum í tilskipun þessari, sem ekki er sérstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot á móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt tilskipuninni og í samhljóðun við hana.

25. grein.

Ef að nokkur, sem krafizt er af fêsektar samkvæmt tilskipun þessari, fer fram á, að dómstólarnir dæmi um breytni sína, þá skal amtmaður hlutast um, að farið verði með málið sem almennt lögreglumál, og dómstóllinn þá að skera úr, hvort hlutaðeigandi sé sekur, og hverri hegningu hann eigi að sæta, ef svo er.

Þar að auki er það amtmaður, sem á kveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera.

Fêsektirnar renna í sama sjóð og landstekjurnar.

26. grein.

Tilskipun þessi öðlast lagagildi 1. ágústmán. 1870.

27. grein.

Þegar á að reikna út gjöld, sem fara eptir lestatölunni samkvæmt tilskipunum þeim, er nú gilda, skulu 2 tons álitnir jafnir 1 kaupskipslest.

Ákvarðanir um stundarsakir.

28. grein.

Sêrhvert það skip, sem á heima á Íslandi, og búið er að mæla, þegar tilskipun þessi öðlast lagagildi, samkvæmt reglum þeim, sem gilt hafa hingað til, og gildi mælingarbrêfa þeirra er á enda, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilda um slík mælingarbrêf, skal mælt um í fyrsta skipti, sem það hittist, enda þó skipið þá sé með farmi, og fyrir þá sök verði að mæla það eptir II. reglu.

Skip, sem hafa slík eldri mælingarbrêf, er enn þá eru gild, eptir að tilskipun þessi hefir öðlazzt lagagildi, samkvæmt ofan-

greindum ákvörðunum, má, ef útgjörðamaður eða skipstjóri fer þess á leit, mæla um eptir ákvörðununum í tilskipun þessari, ef að skipin vegna þessa eru rudd, eins og með þarf.

Fyrir að mæla skipin um, skulu í hvorutveggja tilfellinu greidd gjöld þau, er ákveðin eru í 18. grein.

29. grein.

Þangað til að búið er að mæla skipið um, og því næst gefa út nýtt mælingarbréf, heldur hið fyrra mælingarbréfið gildi sínu.

30. grein.

Hlutaðeigandi skipasmiður skal tafarlaust segja til skipa þeirra, sem eru í smíðum á Íslandi, er tilskipun þessi öðlast lagagildi, ef smíðið er komið lengra áleiðis, en tekið er til í 11. grein, svo að þau verði mæld, ella varðar það hegningu samkvæmt 21. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið í vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn

25. dag júnímánaðar 1869.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

C. Nutzhorn.

TILSKIPUN

handa Íslandi um skrásetning skipa.

VÉR KRISTJÁN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slësvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt í þeim tilgangi, samkvæmt 30. grein í lögum um skrásetning danskra skipa 13. marzmán. 1867, að leiða þau í lög á Íslandi með nokkrum breytingum, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Til þess að skip geti með skrásetning á Íslandi öðlzt rétt á að hafa danskt flagg, verður eigandi þess að hafa réttindi innborinna danskra manna og ekki hafa bólfestu fyrir utan lönd Danaveldis, eða eigandinn eða eigendurnir verða að vera orðnir danskir þegnar, með því að vera orðnir heimilisfastir á Íslandi eða í Danmörku. Sè skipið eign hlutafélags, þá á fèlagið að vera undir íslenskum eða dönskum lögum, og stjórn þess hafa aðsetur sitt á Íslandi eða í Danmörku, og félagsmenn að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru hér að framan.

2. grein.

Um öll skip, sem eiga heima á Íslandi, og heimilt er að hafa danskt flagg, og eiga að vera mæld samkvæmt tilskipun um skipamælingar, skal höfð skipaskrá.

Um skrásetning skipsins á skipaskrána skal gefið út skjal, þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, og skal það, meðan það er í gildi, ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. grein), vera til sönnunar og vera fullkomin sönnun um þjóðerni skipsins og hvert það er, hvenær sem þess er spurt.

Auk aðalskjals þessa þarf sérhvert skrásett skip, bæði á friðar og ófriðar tímum, að eins að hafa farmskjöl þau, sem með þarf, og skilríki þau um skipshafnir og afgreiðslu skipa, sem boðið er að skip skuli hafa.

Skip, sem að eins eru 30 tons á stærð og þaðan af minni og einasta eru höfð til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, eru undan þegin ákvörðununum hér að framan um skrásetningar- og þjóðernis-skýrteini; skulu þau sett á skrá sér og að eins fá mælingarskýrteini, og ákveður stjórnin, hvernig það skuli vera. Sè þess farið á leit, má samt skrásetja skip þessi algjörlega og láta þau fá þjóðernis-skýrteini, og eru þau þá undirgefin ákvörðununum í tilskipun þessari.

Ekkert íslenskt kaupfar, sem ekki er stjórnarskip, má hér eptir hafa neitt annað flagg fyrir þjóðernisflagg en hið almennilega danska verzlunarflagg, en það er kaupferðaflagg það, sem skipað er fyrir um í tilskipun 11. júlímán. 1748, 1. grein.

3. grein.

Á öllum skipum, sem eru skrásett samkvæmt 2. grein, skal

ávallt vera markað þjóðernis-merkið »D. E.« (þ. e. dönsk eign), talan, sem merkir rúmmál þess, og skrásetningarstafrnir á þiljubitann í aptari röndinni á stórlúkunni, eða, ef því verður ekki komið við, þá einhverstaðar annarstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því.

Þegar merki þessi sjást ekki lengur, verður skip það, sem í hlut á, ekki viðurkennt sem skrásett danskt skip.

4. grein.

Skrásetning skipa er undir stjórn og umsjón yfirvalds þess, sem konungur skipar til þess, og á Íslandi skal hún fyrst um sinn að eins fram fara á þeim 6 verzlunarstöðum, sem nefndir eru í 2. grein í lögum 15. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, hjá lögreglustjóra þeim, sem í hlut á. Stjórnin ákveður stærð skrásetningarumdæmis þess, sem þannig verður lagt undir hvern verzlunarstað.

Á aðalskrá skrásetningarstofunnar í Kaupmannahöfn yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, skal einnig rita skip, sem skrásett eru á Íslandi, og skulu þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini þau, sem um er rætt í annari grein, gefin út á þeirri skrifstofu.

5. grein.

Á hverjum þessara staða skulu skipin í því héraði sett á skrá og tala við hvert skip.

Sérhver skipseigandi á rétt á, að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi, sem hann vill, og skal það umdæmi álitid heimili skipsins. Ekki má rita á íslenzku skipaskrárnar skip þeirra dönsku þegna eða hlutafelaga, sem eru heimilisfastir annarstaðar en á Íslandi, nema stjórnin veiti sérstaklegt leyfi til þess.

Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og allt af skulu vera kyrrar á skrifstofu þeirri, sem í hlut á.

6. grein.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. grein og haldin er í Kaupmannahöfn, má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. grein.

Skrásetningar-bækurnar eiga að skýra frá í sérstökum dálkum :

- 1., skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima, og hvar það sé smíðað ;
- 2., hvers konar skip það sé, og skal nákvæmar lýst lögum þess og aðalmáli þess á alla vegu ;
- 3., rúmmáli skipsins og skal tilgreint, með hverri aðferð það er reiknað út ;
- 4., nafni, stöðu og heimildarbréfi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru.

Sè fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig tilgreint, hversu mikinn hlut hver eigi í skipinu.

Sè skipið hlutafélags eign, skal bóka nafn félagsins, aðalaðsetur stjórnar þess og nafn útgjörðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi.

Um hvert skip skal tilgreina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. grein.

Þegar skrásett skip er strykað út úr skrásetningarbókinni, á að bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hvenær skilríki þau séu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sé ekki lengur til, eða að það hafi misst rétt á að vera álitid danskt skip, eða að það sé komið undir annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. grein).

9. grein.

Eigandinn eða umboðsmaður hans skal segja skriflega til hvers skips, sem á að skrásetja, til skrásetningarskrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið á heima, eða sé það þá, þegar á að skrásetja það, utan umdæmisins, þá til skrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið er í.

Þegar sagt er til skipsins, skulu þessi skilríki fylgja með :

- 1., skipasmíðisskýrteinið, og, ef skipið ekki er smíðað í hinu danska ríki, kaupbréfið eða annað skjal, sem er því til sönnunar, að skipið sé hætt að vera útlend eign og orðið dönsk eign, og kvittun um, að aðkaupsgjaldið sé borgað. Skjöl þessi skulu lögð fram í frumriti og í eptirriti, og verður eptirritið kyrrt í skjalasafni skrásetningarsstofnunar ;

2., skjal frá eiganda eða eigendum skipsins, er upplýsingar þær fylgja, sem með þarf, og þar sem þeir upp á æru og trú lýsa því yfir, að þeir séu þess konar menn, sem heimilt sé að eiga skip, er hefir danskt flagg, samkvæmt 1. grein, eða ef skipið er eign hlutafélags, þá skrifleg yfirlýsing einnig upp á æru og trú frá stjórn félagsins um, að skilmálunum, sem settir eru í 1. grein fyrir því að eiga danskt skip, sé fullnægt. Í yfirlýsingum þessum skal einnig vera heitorð um, að þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið skuli ekki verða vanbrúkað til þess að útvega öðru skipi eða sama skipi í eign útlendra þegna sömu kjör og dönsk skip hafa.

Undir yfirlýsingu þessa á sá, sem í hlut á, annaðhvort að rita nafn í viðurvist hlutaðeiganda skrásetningar-embættismanns, eða að sjá um, að hún sé staðfest af nótarius.

Verði ágreiningur um, hvort þeim, sem til skipsins segir, sé heimilt að eiga skip, er hefir danskt flagg, þá verður hann að sanna það með skýrteini frá yfirvaldinu, þar sem hann á heima.

Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórnin vægt til uuu skilríki þau, sem hér eru heimtuð, ef að komið verður fram með upplýsingar þær, sem með þarf, á annan hátt, svo að nægir.

10. grein.

Þegar búið er á skrásetningar-skrifstofu þeirri, sem í hlut á, að rita það, sem með þarf um skrásetninguna og um mælinguna í skjal, sem gjört er þar um, skal senda það (með fylgiskjölum) þegar í stað til stiptamtmannsins, og þegar hann ekki hefir neitt fram að færa á móti því, að skipið sé viðurkennt sem danskt, gefur hann handa því út bráðabyrgða þjóðernis-skýrteini, er samið sé eptir formála, sem stjórnin nákvæmar til tekur; sendir hann skrásetningar-skrifstofunni það til þess, að hún skili því til skipsins, og ber henni um leið að sjá um, að markað sé á skipið þjóðernismerkið «D. E.», rúmmálið og skrásetningarstafir þeir, sem stiptamtmaðurinn hefir tekið til. Áður en skipið er afgreitt, skal þar að auki á skrásetningar-skrifstofunni rita nafn skipstjóra á skýrteinið. Skýrslu þá, sem stiptamtmaður hefir fengið frá skrásetningarskrifstofunni um gjörðina með fylgiskjölum, skal hann senda hlutaðeiganda stjórnarráði, til þess henni verði komið á aðalskrásetningar-skrifstofuna í Kaupmannahöfn. Skal þar yfirskoða mælinguna, og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið, og má, ef þess

þykir þörf, krefjast þess, að skipið sé mælt upp að öllu eða nokkru leyti, og að upplýsingar þær, sem komnar eru fram, séu gjörðar fullkomnari eða ítarlegar sannaðar. Þegar öll þessi skilríki eru fengin, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim.

11. grein.

Þegar skrásetningin er búin, gefur aðalskrásetningarskrifstofan út þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini fyrir fullt og allt; skal það lagað eptir formála þeim, sem er aptan við tilskipun þessa, og mælingarskýrteinið vera ritað í það, og hafa allar þær upplýsingar inni að halda, sem tilgreindar eru í skránni samkvæmt 7. grein. Skýrteinið skal (ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið) sent stiptamtanni aptur hið bráðasta, til þess að hann þegar í stað sendi það til skrásetningarskrifstofu þeirrar, sem í hlut á, og skal þar síðan bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. grein), og leiðrétta þau missmíði, sem kunna að vera á mælingunni o. fl., og skal hlutaðeiganda skipi síðan skilað þessu fullgilda skýrteini, þá er búið er að rita nafn skipstjóra á það, móti því, að það skili aptur bráðabyrgðaskýrteininu. Hið síðarnefnda skýrteinið skal sent stiptamtanni ásamt með skýrslu um, að búið sé að láta hið fullgilda skýrteini úti.

Sè skip það, sem í hlut á, þegar skrásetningin á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sé skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið, senda skrifstofunni í því umdæmi, er skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. grein, til þess að skipið geti komizt á skrána í hinu síðarnefnda umdæminu.

12. grein.

Skýrteinið skal ávallt fylgja skipinu og sýnt, nær sem danskt yfirvald heimtar það, hvort sem það er borgaralegt yfirvald eða hermaður eða danskur verzlunarfulltrúi.

Það er bannað, að neitt sé ritað á skýrteinið eða neinu breytt í því, nema það sé gjört af stiptamtanninum eða á einhverri skrásetningarskrifstofu í Danmörku eða á Íslandi eða af verzlunarfulltrúa, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eptir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. grein.

Skip, sem smíðað er erlendis á kostnað íslenzks manns, eða er komið í «danska eign», getur ekki orðið skrásett, fyr en það er komið í danskt eða íslenzkt skrásetningarumdæmi.

Þó skal dönsku verzlunarfulltrúunum, þegar þannig stendur á, vera heimilt, þegar búíð er að fá þeim skilríki þau, sem um er rætt í 9. greinar 1. og 2. tölulið, að gefa út þjóðernis-skýrteini til bráðabyrgða, og skal það hafa sama gildi og fullkomið þjóðernis-skýrteini, þangað til skipið verður skrásett á lögboðinn hátt.

Þjóðernis-skýrteinið til bráðabyrgða skal hafa þessar upplýsingar inni að halda:

- 1., nafn skipsins, og hvers konar skip það sè;
- 2., hve nær og hvar skipið sè keypt, og nafn hins íslenzka eða hinna íslenzku eiganda þess samkvæmt kaupbréfinu eða öðru heimildarskjali;
- 3., nafn skipstjóra;
- 4., eins nákvæmar upplýsingar, og fengizt geta eptir atvikum, um rúmmál þess, lögum og lýsingu á því;
- 5., hversu lengi skýrteinið sè gilt.

Undir eins og verzlunarfulltrúi sá, sem í hlut á, er búinn að láta úti slíkt þjóðernis-skýrteini til bráðabyrgða, sendir hann eptirrit af því til hlutaðeiganda stjórnarráðs.

Slíkt bráðabyrgða þjóðernis-skýrteini er samt ekki lengur gilt, en þangað til skipið í fyrsta sinni kemur inn á danska eða íslenzka höfn, — því þá á að skila því á skrásetningarskrifstofunni þar, — og aldrei lengur en í 2 ár, frá því að það er gefið út, ef að stjórnin veitir ekki sérstaklega leyfi til þess.

Skipstjórinn á skrásettu íslenzku skipi, sem smíðað er upp aþtr erlendis, getur krafizt af næsta verzlunarfulltrúa, að hann láti sig fá skýrteini, er veiti sér heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini sitt eptir sem áður, þangað til hann kemur inn á danska eða íslenzka höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu sè breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini. Ekki getur slíkt skýrteini samt verið lengur gilt en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnin veiti leyfi til þess sérstaklega.

14. grein.

Á sérhverju skrásettu skipi á nafn þess og heimili að vera

ritað aptan til á því, þar sem hægt er að koma auga á það; skal það vera ritað með greinilegu letri ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri með ljósleitum undirlit.

EKKI er leyfilegt að leynd nafni skipsins nè heimili þess eða nema það burtu, nema í ófriði, til þess að forðast að fjandmennirnir taki það.

Ekkert skip má nefna öðru nafni, en því, sem það er skrásett með.

EKKI má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskipti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sè nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini; skrásetningarstaflirnir haldast óbreyttir.

15. grein.

Sè þess farið á leit við stjórnina, má í staðinu fyrir áður út gefið þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini láta koma nýtt skýrteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skýrteininu aptur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningarskýrteini skrásetts skips glatazt, má láta úti nýtt skýrteini, ef þess sömuleiðis er farið á leit við stjórnina.

Í öllum þeim tilfellum, er nýtt skýrteini er gefið út, án þess að skipið um leið sè mælt um, þarf beiðandinn, sem í hlut á, ekki að gjalda neitt, nema að svo miklu leyti sem mótunargjald ber að greiða.

Týnist þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið erlendis, getur næsti verzlunarfulltrúi gefið út þjóðernis-skýrteini til bráðabyrgða (13. grein), og skal þess getið með þerum orðum, hverra orsaka vegna það sè gefið út. Þegar svo er, á sá, sem biður um skýrteinið, að gefa skýrslu um, hvernig það atvikaðist, að skýrteinið týndist.

16. grein.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, á sá, sem átti skipið, þegar í stað að skýra skrásetningar-skrifstofu þeirri, sem í hlut á, skriflega frá því, til þess að skipið verði strykað út úr skipaskránni, og á hann einnig að skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu aptur, eða færa sönnur á, að því verði ekki skilað aptur.

Hafi skipið farizt erlendis, skal dönskum verzlunarfulltrúa skýrt

frá því, eins og nú var sagt, og á sömuleiðis að skila honum skýrteininu.

Verzlunarfulltrúinn á síðan að senda hlutaðeiganda stjórnarráði skilríki þessi ásamt nákvæmari skýrslu um skiptapann.

17. grein.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilmálunum í 1. grein, er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rétt sinn til að vera álitíð danskt og hafa danskt flagg, á sá, sem átti skipið, þegar í stað að skýra skrásetningarskrifstofunni í umdæmi því, hvort sem það er danskt eða íslenskt, þar sem skipið er, skriflega frá þessu, til þess að séð verði um, að markið »D. E«. verði höggvið burt. Sömuleiðis ber honum, áður en 4 vikur eru liðnar, frá því að hann fèkk að vita, að salan væri fullkomnuð, að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aptur skýrteininu.

Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra danska verzlunarfulltrúanum frá henni og skila honum skýrteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og á verzlunarfulltrúinn að sjá um, að markið »D. E«. sé höggvið burt, og senda hlutaðeiganda stjórnarráði skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn danskur verzlunarfulltrúi er, verður sá, sem átti skipið eða stýrði því, að útvega sönnun staðfesta af nótariusi um söluuna, og um að búið sé að höggva markið »D. E«. burtu, og senda stiptamtmaninum skilríki þessi ásamt með skýrteininu, til þess að hann leiðbeini þeim til aðalskrásetningarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn.

Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign útlends manns, annaðhvort við sölu opinberlega eða að arfi, á rættarþjónn sá, sem hefir látið söluuna fara fram eða skipt búinu, eða ef það verður erlendis, þá næsti verzlunarfulltrúi að sjá um það, sem með þarf.

Þessar ákvarðanir eiga einnig við um þau tilfelli, er skip, sem heima á á Íslandi, verður dæmt upptækt erlendis, af því það sé óhaffært.

18. grein.

Verði nokkur breyting um eignarréttindin yfir skipinu, en sem þó ekki snertir rétt þess að hafa danskt flagg, og eins verði breytingar á nokkru af atvikum þeim, sem skrásett eru samkvæmt 7. grein, þá ber eigandanum, og sé annar orðinn eigandi, þá nýja

eigandanum, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að breyting þessi varð, að skýra hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofu frá því, og þurfi nokkrar sannanir fyrir þessu samkvæmt 9. grein, þá koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrætt eptir því.

Þó að eigandaskipti verði eða skipstjóraskipti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernis-skýrteini, nema þess sé farið á leit, en þess skal að eins getið í skýrteininu.

Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það, sem með þarf þar um, og verði eigandaskipti, senda skýrslu um þau.

Sè þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu um, hvers konar skip það sé, um rúmmál þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skýrteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofu þeirri, sem á í hlut, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sé skrásett að nýju og fái nýtt skýrteini.

Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (smbr. 13. grein).

Sérhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda stiptamtmanni, til þess hann komi henni á aðalskrásetningarskrifstofuna í Kaupmannahöfn, skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hér að framan, og orðið hefir um skip þau, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. grein.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gjöra það, ef að eigandinn eða eigendurnir beiðast þess skriflega á skrásetningarskrifstofunni, sem skipið var skrásett á.

Þegar svo er, skal skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða hinu nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skýrteini verði gefið út.

20. grein.

Sè þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt af skrásetningarbókinni, ef goldinn er 1 rd. fyrir hvert skip, sem beiðzt er upplýsinga um.

Sömuleiðis má með sömu skilmálum fá hjá stiptamtanninum eptirrit af þjóðernis-skýrteini til bráðabyrgða, sem fyr er út gefið og enn er gilt, og frá aðalskrásetningarstofunni í Kaupmannahöfn af fullgildu þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini; skal embættismaður sá, sem í hlut á, rita á eptirritið vottorð um, að það sé samhljóða frumritinu og skýra frá tilefninu til þess, að það var látið í tæ.

21. grein.

Ef að eigandinn sérstaklega orsaka vegna æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi, áður en það er skrásett, fara úr einni íslenzkri höfn á aðra (íslenzka höfn), þá getur hlutaðeigandi háyfirvald, ef þess er farið á leit, leyft það með því að gefa út leiðarbréf, sem hefir sama gildi innan tæðra takmarka eins og þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini.

22. grein.

Sérhver athöfn, sem lýtur að því að svíkja út skrásetning á skipi, sem skilmálarnir, er nauðsynlegir eru eptir tilskipun þessari til þess að mega hafa danskt flagg, ekki eiga sér stað um, varðar allt að 1 rd. fæsekt fyrir hvern ton af rúmmáli skipsins, ef að slík athöfn ekki er svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggji við henni.

23. grein.

Ef að það sannast, þegar búíð er að gefa út og skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, að það hefir verið svikið út handa skipi, sem ekki hefir rétt á því, þá skal goldin allt að 2 rd. fæsekt fyrir hvern ton af rúmmáli skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk þau, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram og saknæm eru eptir hegningarlögunum.

Því skal lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið sé ógilt, og skal það gjört upptækt, undir eins og verður.

24. grein.

Láti maður fyrir farast að skýra frá breytingum á skipi, er svipta það rétti til að hafa danskt flagg, þá varðar það fæsekt allt að 25 rd. Láti maður fyrir farast að skýra frá þessu, og það er gjört í því skyni að nota sér þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, sem skipið ekki á rétt á að hafa, þá varðar það fæsekt allt að 2 rd. fyrir hvern ton af rúmmáli skipsins.

25. grein.

Láti maður fyrir farast að skila aptur þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, eptir því sem fyrir er mælt í 16. og 17. grein, án þess að komið verði með neina gilda ástæðu fyrir því, og eins ef ekki er séð um, að markið «D. E.» sé höggvið burtu, eins og fyrir skipað er á sama stað, þá varðar það allt að 1 rd. fêsekt af hverjum ton af rúmmáli skipsins.

Skal því þá lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið — ef skipið er enn til — sé ógilt.

26. grein.

Eins og það er amtmaður, sem til tekur upphæð fêsektarinnar fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. grein, innan takmarka þeirra, sem þar eru sett, eins getur amtmaður einnig dæmt á hendur mönnum fêsekt allt að 10 rd. fyrir brot á ákvörðunum í tilskipun þessari, sem ekki er sérstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot á móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt tilskipuninni og í samhljóðun við hana.

27. grein.

Fyrir fêsektum þessum er eigandinn, og sèu þeir fleiri en einn, eigendurnir allir, sem á skrána eru ritaðir, í ábyrgð, eins og væru þeir allir einn maður. Að því er snertir hlutafélög, eru allir þeir, sem eru í stjórn félagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fêsektunum.

28. grein.

Ef að nokkur, sem krafzt er af fêsektar samkvæmt tilskipun þessari, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni sína, þá skal amtmaður hlutast um, að farið verði með málið sem almennt lögreglumál, og á dómstóllinn þá að skera úr, hvort hlutaðeigandi sé sekur, og hverja hegningu hann eigi að þola, ef svo er. Þar að auki er það amtmaður, sem ákveður, hvort að málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera.

Fêsektirnar renna í sama sjóð og landstekjurnar.

29. grein.

Reglugjörðir þær, sem þurfa til að fylgja tilskipun þessari fram, gefa embættismenn þeir út, sem nefndir eru í 4. grein.

30. grein.

Tilskipun þessi öðlast lagagildi 1. ágústmán. 1870, og skal ávallt eitt exemplar af henni látið úti með hverju skýrteini, sem veitt er nokkru íslenzku skipi.

Ákvörðun um stundarsakir.

31. grein.

Skip þau, sem eiga heima á Íslandi, og eru þegar dönsk eign, þá er tilskipun þessi öðlast lagagildi, og vegna þessa hafa á sér þjóðernismerkið, sem hingað til hefir verið, og standa á skipa-skrám þeim, sem verið hafa hingað til, en gildi mælingarbréfa þeirra er á enda samkvæmt ákvörðunum þeim, sem áður hafa gilt um það, *skulu* skrásett o. s. frv. samkvæmt ákvörðunum í tilskipun þessari.

Skip, sem hafa mælingarbréf, er enn eru gild og gefin eru út samkvæmt reglum þeim, sem gilt hafa hingað til, *má*, ef þess er farið á leit skriflega við einhverja skrásetningarstofu, mæla um og skrásetja síðan eptir ákvörðunum tilskipunar þessarar, og skal þá um leið skila hinu fyrra mælingarbréfi aptur.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða. Gefið í vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 25. dag júnímánaðar 1869.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

C. Nutzhorn.

DANSKT ÞJÓÐERNIS- OG SKRÁSETNINGAR-SKÝRTEINI.

(Skjaldarmerki Danakonungs).

Samkvæmt lögum þeim, sem gilda um það efni, er skrásett, að
eigi heima í _____ og mælt og reiknað að rúmmáli
tons; er það ásamt merkinu «D. E.» (þ. e. dönsk eign) og skrásetningarsköfunum höggvið á
verndar þeirrar og hagsmuna, sem dönskum skipum ber. _____, og á ofanefnt skip rétt á að vera að njótandi

Því til sönnunar er þetta skýrteini gefið út.

Á hinni konunglegu aðal-skrifstofu fyrir skrásetningu og mælingu skipa í

Kaupmannahöfn

á ján hundrað

Látið út frá skrásetningarskrifstofunni í _____ dag _____ mánn. _____ 18

forstjóri

<p>Whereas the called the belonging to the port of in the Kingdom of Denmark, being Danish Property, has been duly registered, the said is entitled to all the rights and privileges accorded to Danish vessels.</p> <p>In Witness whereof she has been furnished with the above certificate of Nationality and has been marked on her main beam with:</p> <p>D. E , Tons, (<i>skråsetningarsstafirnir</i>), such letters being the official letters of the General Register of Danish Shipping, and the tons, her Register tonnage, equal to British tons register of 100 cub. feet each according to M,S,A, 1854, Part II, Rule I.*)</p> <p>The principal dimensions in English feet and decimals thereof being; Length on the Upper Deck from the Inside of the inner Plank at the Side of the Stem to the Inside of the Plank on the Midship Stern Timber = ; Inside Breadth at the Middle of the Length = ; Depth***) in Hold from the Upper Deck to Ceiling at Midship =</p>	<p>Attendu que du port de dans le Royaume de Danemark, étant Propriété Danoise, à été dûment enregistré, ce navire est en droit de jouir de toute la protection ainsi que des privilèges et avantages accordés aux navires danois.</p> <p>En foi de quoi il a été muni de l'Acte de Nationalité ci-dessus, et a été marqué sur le bau du grand panneau;</p> <p>D. E., Tons, (<i>skråsetningarsstafirnir</i>), qui sont les lettres officielles du Register Général des navires danois, et les tons, le tonnage-register, équivalent à Register Tons Anglais de 100 pieds cub.**)</p> <p>Les mesures principales en mètres et centimètres sont: la longueur en ligne droite sur le pont entre le bordage aboutissant à l'étrave et le bordage à milargeur du tableau = ; la largeur intérieure à mi-longueur du pont = ; la profondeur****) dans la cale, au milieu, mesurée de la partie inférieure du bordage du pont jusqu'au bordage à côté de la carlinque =</p>
--	--

*) Fyrir skip, mæld eptir bráðabyrgða-aðferðinni skal sett:

**) Danish Shipping. The tonnage is ascertained by the Danish Rule II for ships having cargo on board.

***) des navires danois. Le tonnage est fixé par le jaugeage provisoire des bâtiments chargés.

****) Depth from the Upper Deck to the outer Planking at Midship.

*****) La profondeur, au milieu, mesurée du bordage du pont jusqu'au bordage extérieur.

MÆLINGARBRÉF.

Skrásetningar- og kenningarveifu-stafir		Skrásetningin dagsett	
Umdæmistala			
<i>Nafn skipsins og tegund.</i>	<i>Hvar og hvernær smíðað. Nafn og heimili yfir-smíðsins.</i>	<i>Heimili skipsins og skrásetningarumdæmi.</i>	<i>Um gufuskíp: Tala vélaanna og bestaafi. Nafn og heimili vélasmíðsins.</i>
Tala þilfaranna			
Tala siglurjanna		Lýsing skipsins að framan Smíðað á	
Lögun skipsins að aplan		Innri súðin	
Aðalmálin.		Rúmmál.	
Lengd á þilfarinu (efsta) frá innri súðinni öðru megin við stafinn aptur að skutsúðinni		Rúmmál.	
Breidd miðskipa milli innviða		Rúmmál.	
Dýpt ¹ í ráminu miðskipa frá (efsta) þilfars neðra fleti til innri súðarinnar		Rúmmál.	
		eptir hinni fullkomnu mælingaraðferð (I. reglu) [eða: eptir bráðabyrgða mælingaraðferðinni (II. reglu)].	
		Rúmið undir þilfarinu Sérstök rúm á þilfarinu, sem sé:	
		Tönningsföt.	
		Töns.	
		Aðal-rúmmál skipsins	

Fyrir mælinguna o. s. frv. eru borgaðir sk. _____ fyrir hvern ton, alls rd. sk. _____ Fyrir lögboðinn mótaðan pappír er borgað: fyrir mælingarbréfið rd. sk. _____ fyrir hins vegar ritað skýrteini	Um <i>gufuskíp</i> : vélarúm (lengd þess =) Önnur rúm	Rúmmál sem <i>gufuskíp</i>
dag mán. 18	Rúmmál sem <i>gufuskíp</i> Nafn og heimili <i>skipstjóra</i> , og, ef til þess kemur, hvernær og hvar skipstjóra-skýrteinið sé dagsett.	
Nafn, staða og heimkynni <i>eigandans</i> , og hvenær og hvar heimildarskjalíð sé dagsett og staðsett. Þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini verður ekki haft sem heimildarskjal í viðskiptum manna á milli. 1) Um skip mæld eptir bráðabyrgða-aðferðinni skal setja: Dýpt frá (efsta) þilfars efra flei niður að ytri súðinni í botninum.		

OPID BRÉF

um, að alþingi, sem nú er, skuli leyst upp.

VÉR KRISTJÁN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Þar eð vèr ekki höfum séð oss fært, samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis að veita frumvarpi því til stjórnarskipunarlags handa Íslandi, sem þingið féllst á á fundi sínum 1867, vora konunglegu staðfesting, höfum vèr álitid réttast, að leggja stjórnarskipunarmálið að nýju fyrir alþingi, og láta nýjar kosningar fyrst fara fram í því skyni, og fyrir því að leysa upp alþingi það, sem nú er. Því bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Alþingi, sem nú er, er leyst upp.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið á Amaliuhöll, 26. dag febrúarmánaðar 1869.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L S).

C. Nutzhorn.

OPID BRÉF

um nýjar kosningar til alþingis, og að því skuli stefnt saman til fundar í ár.

VÉR KRISTJÁN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Með því að vèr með opnu bréfi voru dagsettu í dag höfum leyst upp alþingi, sem nú er, þá er það allrahæstur vilji vor, að nýjar kosningar skuli nú í ár fara fram til alþingis fyrir næstu 6 ár. Fyrir því bjóðum vèr og skipum bæði öllum kjörstjórum og öðrum, sem eiga að styðja að kosningunum, að sjá svo um, að kosningarnar til alþingis fari fram sem fyrst samkvæmt ákvörðunum þeim, sem

settar eru í tilskipun 8. marzmán. 1843 smbr. tilskipun 6. janúarmán. 1857, og svo að þeim geti orðið lokið í síðasta lagi fyrir lok næstkomandi júnímánaðar. Svo bjóðum vèr og bæði þeim mönnum, er vèr munum kveðja til setu á alþingi, og hinum þjóðkjörnu alþingismönnum að koma til Reykjavíkur 27. dag júlímánaðar næstkomandi. Verður þeim þar skýrt frá því, sem að öðru leyti með þarf.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið á Amalfuhöll, 26. dag febrúarmánaðar 1869.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

C. Nutzhorn.

LÖG

um, að endurskoðuninni á lögnum frá 19. degi janúarmánaðar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skuli enn fremur skotið á frest.

VÈR KRISTJÁN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og vèr staðfest þau með samþykki voru:

Endurskoðuninni á lögnum frá 19. degi janúarmánaðar 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, sem skipað er fyrir um í tæðum lögum, sbr. lög 16. febrúarmánaðar 1866, skal enn á ný skotið á frest í 2 ár, þannig að þau, ef til þess kemur, skulu endurskoðuð fyrir lok fjárhagsársins 1869—70.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 20. dag marzmánaðar 1868.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Th. Rosenörn-Teilmann.

BRÉF

dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmanna á Íslandi, um umburðarbréf frá aðalskattastjórninni áhrærandi skipamælingar, dagsett 11. maím. 1868.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður (amtmaður), eru send 3 exemplör af umburðarbréfi frá aðalskattastjórninni dagsettu 7. septembermán. f. á. áhrærandi skipamælingar, eruð þér beðnir um að senda bæjarfógetanum í Reykjavík og sýslumanninum á Vestmannaeyjum (sýslumanninum í Snæfellsnessýslu og bæjarfógetanum á Ísafirði) (bæjarfógetanum á Akureyri og sýslumanninum í Suður-Múlasýslu) sitt exemplarið hvorum, og jafnframt sèr í lagi að leiða athygli þeirra að ákvörðunum þeim, sem settar eru í greinunum *l* og *m* í umburðarbréfinu, að því er snertir reikninginn á gjaldinu fyrir íslensk leiðarbréf.

Fylgiskjal.

1. Um það, hvernig breyta eigi tons-rúmmáli í kaupskipalesta-rúmmál.

a, Þegar á að reikna út gjöld af skipum, skal breyta hundraðabrotum tons-rúmmálsins í brot úr tons á þann hátt, er nú segir:

Öll hundraðabrot, sem eru minni en $\frac{26}{100}$ úr ton, skulu felld burtu (samt skal hundraðabrotunum haldið, þegar um mjög litla báta er að ræða, sem eru minni en $\frac{26}{100}$ úr ton að rúmmáli); frá $\frac{26}{100}$ að $\frac{75}{100}$ úr ton skal talið $\frac{1}{2}$ ton, og $\frac{76}{100}$ og þaðan af meira talið heill ton.

b, Ávallt þegar verður að breyta tons-rúmmálinu í samsvarandi kaupskipalesta-rúmmál til þess að reikna út skipagjald, en það er gjört þannig, að tons-rúmmálinu er skipt með 2, skal breyta hundraðabrotinu, er þá kemur fram, í brot úr lest, á þann hátt er nú segir:

1. Þegar rúmmálið fer ekki fram úr 10,00 lestum, skulu öll hundraðabrot, sem eru minni en 0,13, felld burtu; frá 0,13 að 0,37, að báðum meðtöldum, talið $\frac{1}{4}$ úr lest; frá 0,38 að 0,62, að báðum meðtöldum, $\frac{1}{2}$ lest; frá 0,63 að 0,87, að báðum meðtöldum, $\frac{3}{4}$ úr lest; og 0,88 og þaðan af meira talið heil lest.

2. Þegar aptur á móti rúmmálið verður meira en 10,00 lestir, skulu þau hundraðabrot, sem eru minni en 0,26, felld burtu; frá 0,26 að 0,75 talið hálf lest; og 0,76 og þaðan af meira talið heil lest.

m. Um að breyta rúmmáli útlendra skipa í danskt tonsrúmmál.

Þegar svo ber til, að útlend skip ekki eru mæld, skal tonsrúmmálið fundið á þann hátt, að rúmmáli útlendu skipanna, eins og það er samkvæmt skýrteinum þeim (skrásetningarskýrteini, mælingarbréf, leiðarbréf eða annað samsvarandi skjal), sem skipið hefir heiman að, og heimta verður að sýnd sèu, skal breytt í danska tons. Sè skorazt undan því, skal mæla skipið eptir vanalegum reglum, og eins skal það ávallt gjört, þegar skipstjóri krefst þess.

Samkvæmt rannsóknum þeim, sem gjörðar hafa verið í því efni, skal danskur ton fyrst um sinn álitinn jafa:

1,00	enskum <i>tons register</i> á enskum skipum yfir höfuð að tala;				
1,00	amerikönskum (í bandafylkjunum) <i>tons register</i> á skipum frá Norður-Ameríku yfir höfuð að tala;				
1,00	frakkneskum <i>tonneaux registre</i> á frakkneskum skipum yfir höfuð að tala;				
1,00	spönskum <i>tonnelades</i> á spönskum skipum yfir höfuð að tala;				
1,00	grískum <i>tonnes</i> á grískum	—	—	—	—
1,05	belgiskum <i>tonneaux</i> á belgiskum	—	—	—	—
1,10	ítölskum <i>tonelate</i> á ítölskum	—	—	—	—
1,20	portúgölskum <i>tonelades</i> á portúgölskum	—	—	—	—
1,22	austurrískum <i>tonnen</i> á austurrískum	—	—	—	—
1,05	hollenzkum <i>tonnen</i> eða				
0,55	— — — — lestum á hollenzkum	—	—	—	—
0,52	rússneskum og finnskum lestum á rússneskum	—	—	—	—
0,33	sænskum nýjum lestum á sænskum seglskipum	—	—	—	—
0,25	— — — — — gufuskipum fyrir farþega	—	—	—	—
0,48	norskum kaupskipalestum á norskum skipum	—	—	—	—
0,67	prússneskum skipalestum á prússneskum skipum	—	—	—	—
0,45	hannóverskum kaupskipalestum á skipum frá Hannóver	—	—	—	—

- 0,51 slæsvíkum og holsteinskum kaupskipalestum á skipum frá Slæsvík og Holtsetalandi yfir höfuð að tala ;
0,38 meklenborgskum lestum á meklenborgskum skipum yfir höfuð að tala ;
0,65 oldenborgskum eða brimskum skipalestum á oldenborgskum eða brimskum skipum yfir höfuð að tala ;
0,42 hamborgskum skipalestum á hamborgskum skipum yfir höfuð að tala ;
0,60 lýbekkskum skipalestum á lýbekkskum skipum yfir höfuð að tala ;

BRÉF

dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmannanna á Íslandi, um að skipum frá Belgíu og Norður-Þýzkalandi sé leyft að flytja vörur hafna á milli á Íslandi, dags. 25. júním. 1868.

Eptir að samningar höfðu farið fram milli utanríkisstjórnarinnar, sendiherra Belgíu konungs og sendiherra hins norður-þýzka sambands við hirð hans hátignar konungsins, hefir stjórnin samkvæmt heimild þeirri, sem henni er veitt í lögum 17. aprílmán. þ. á., um að útlendum skipum verði gefinn kostur á, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur, veitt skipum frá Belgíu og Norður-Þýzkalandi rétt á, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi, án tillits til lestatale þeirra, og eins milli Íslands og konungsríkisins að Færeyjum meðtöldum.

Þetta skal yður hér með kunngjört, herra stiptamtmaður (amtmaður), yður til leiðbeiningar, og til þess að þér auglýsið það.

BRÉF

dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um lækna-kennsluna í Reykjavík, dags. 3. ágúst. 1868.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir

hans hátign konunginum þóknast 3. þ. m. allramildilegast að fallast á:

1, að borgun sú, sem landlækninum á Íslandi er veitt með konungsúrskurði 29. ágústmán. 1862 úr lækna sjóðnum íslenska fyrir kennslu í læknisfræði, skuli færð upp í 500 rd. á ári;

að í læknisumdæmi landlæknis megi setja kandídat í læknisfræði frá háskólanum í Kaupmannahöfn sem «praktiserandi» lækni, er sè skyldur að taka að sér að vera settur héraðslæknir í þeim hluta tæðs læknisumdæmis, er nákvæmar mun verða ákveðinn, allt með þeim kjörum, sem sett eru í konungsúrskurði 10. maímán. f. á., og að honum enn fremur verði á hendur falið, að eiga þátt með landlækninum í læknakennslunni í Reykjavík fyrir 500 rd. þóknun á ári úr lækna sjóðnum;

að til styrktarfjár handa þeim, sem stunda læknisfræðina, skuli ákveðnar þrjár ölmusur, 100 rd. hver, þannig, að enginn lærisveinanna megi fá meira en eina ölmusu á ári og ekki halda henni lengur en í 3 ár; og

að greiða megi úr lækna sjóðnum allt að 100 rd. á ári í borgun fyrir húsnæði, eldsneyti og ljósmat handa læknakennslunni, og til þess að kaupa nauðsynleg áhöld handa henni; og

2, að dómsmálastjórninni skuli að öðru leyti falið á hendur, að setja nákvæmari ákvarðanir um læknakennsluna.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, er tilkynnt þetta yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, skal því við bætt, að stjórnarráðið samkvæmt ósk þeirri, er þér, herra stiptamtmaður, hafið látið í ljósi í álitsskjali yðar sem konungsfulltrúa á alþingi 1867 um málefni þetta, hefir sett háskóla-kandídat í læknisfræði, Jónas Jónassen, frá 1. þ. m. sem «praktiserandi» lækni í læknisumdæmi landlæknis, og jafnframt gjört honum að skyldu, að eiga þátt í læknakennslunni í Reykjavík með þeim kjörum, sem hér eru til tekin, en með því að ekki verður vitad að enn þá, í hve miklum hluta af læknisumdæmi landlæknis eigi að fela honum héraðslæknis-störfina á hendur, verðum vèr að láta á yðar valdi, herra stiptamtmaður, að kveða nákvæmar á um það. Að því er snertir ítarlegri reglur um læknakennsluna, þá hefir stjórnarráðið ekki neitt að mæla móti því, að báðum kennurum, eins og þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, hafið stungið upp á, verði látið á sjálfs valdi, að skipta kennslunni á milli

sín með samþykki stiptsyfirvaldanna, og að þrjú ár sèu sett, sem almennur kennslutími, með þriggja mánaða hlè á sumrin, frá 1. júlímán. til 30. septembermán. á ári hverju. Aptur á móti virðist dómsmálastjórninni ekki vera þörf á, að gjöra lærisveinunum í læknisfræði að skyldu, að leysa af hendi próf í undirbúnings-vísindagreinunum (propædeutiske Videnskaber), áður en þeir leggi sig undir próf í læknisfræði, því að þá mundi þriggja ára kennslutími naumast hrökkva til, og hefir hið konunglega heilbrigðisráð verið dómsmálastjórninni samdóma um það.

BRÉF

dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi um, að prentsmiðjunni á Akureyri skuli heimilt að prenta bækur þær, er Hóla-prentsmiðja hin forna hafði prentrétt til, 15. ágúst 1868.

Til síðasta alþingis hafði komið bænarskrá nokkur um, að prentsmiðju norður- og austurumdæmisins yrði veitt jöfn prentunarheimild við stiptsprentsmiðjuna að bókum þeim, sem Hólaprentsmiðja hin forna átti prentunarheimild á, og var bænarskránni vísu að forsetaveginu með meðmælingu þingsins til yðar, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra. Út af þessu hafið þèr í bréfi dagsettu 2. desembermán. f. á. látið í ljósi álit yðar um, hvort að stiptsprentsmiðjan yfir höfuð að tala hafi nokkur einkaréttindi til að prenta bækur þær, sem hér ræðir um, og sè svo, þá til hverra bóka einkaréttindin nái, og hafið þèr skýrt frá, að nú sem stendur sèu það að eins 5 bækur alls, það er að segja: Handbók presta, Hallgrímskverið, Passíusálmarnir, Fæðingarsálmarnir, og Stúrshugvekjur, sem að stiptsprentsmiðjan gefur út á sinn kostnað af bókum þeim, sem áður fyrri voru prentaðar á Hólum, og að ágóði sá, sem stiptsprentsmiðjan hefir af að gefa út bækur þessar, verði ekki metinn meira en 45 til 50 rd. á ári. Hafið þèr því mælt fram með, að bænarskránni verði veitt áheyrn.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið fellst hér með

á, að prentsmiðja norður- og austurumdæmisins skuli hafa jafnrétti við stiptsprentsmiðjuna til að prenta bækur þær, sem Hóla-prentsmiðja hin forna hafði prentunarheimild á.

BRÉF

dómsmálastjórnarinnar til stíptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um mælingu skipa frá Bretlandi hinu mikla, 24. nóvemb. 1868.

Aðalskattastjórnin hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, að hún hafi veitt stjórn drottningarinnar á Bretlandi hinu mikla loford um, að öll skip, sem þar eiga heima og hafa brezk skrásetningar skýrteini (*certificates of registry*), skuli undanþegin að vera mæld upp aptur í Danmörk eða hjálendunum, en að farið skuli eptir rúmmáli því í tons, sem stendur í tæðum skýrteinum.

Jafnframt því að þetta er tilkynnt yður, eruð þér beðnir um að birta það öllum, sem í hlut eiga, og taka um leið fram við þá, að þegar tons-rúmmálinu, sem stendur í brezku skrásetningar-skýrteinunum, er breytt í kaupskipalestir, skal telja tvo tons jafna einni lest, og þar sem brot koma fyrir, skal farið með þau, eins og nú segir:

1. Þegar búið er að skipta tons-rúmmálinu með 2, og lesta-rúmmálið verður ekki meira en 10,00 lestir, skal öllum hundraða brotum, sem eru minni en 0,13, sleppt; frá 0,13 til 0,37, að háðum meðtöldum, skal talið $\frac{1}{4}$ úr lest; frá 0,38 til 0,62, að háðum meðtöldum, talið $\frac{1}{2}$ lest; frá 0,63 til 0,87 $\frac{3}{4}$ úr lest og 0,88 og þaðan af meira heil lest.
2. Þegar rúmmálið aptur á móti verður meira en 10,00 lestir, skal sleppa öllum hundraðabrotum, sem eru minni en 0,46; frá 0,26 til 0,76 skal talið hálf lest, og 0,76 og þaðan af meira heil lest.

BRÉF

dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um auglýsingu á reikningum fyrir þjóðvegagjaldinu, dags. 2. dag júlím. 1869.

Samkvæmt allraþegnsamlegastri uppástungu dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum 25. f. m. þóknast að samþykkja :

1. að amtmönnunum á Íslandi verði framvegis gjört að skyldu, að auglýsa árlega á prenti stuttan útdrátt af reikningunum yfir hið lögboðna vegabótagjald í hverju amti, er sjá megi af, bæði upphæð gjaldsins og hversu því sé varið í hverri sýslu, og
2. að kostnaður sá, sem leiðir af þessu, verði greiddur af vegasjóðnum, þannig að niðurjöfnun kostnaðarins á hverja sýslu sé gjörð að réttu hlutfalli við vegabótagjald það, sem árlega er goldið úr hverri sýslu.

Um leið og þetta er kunnugt gjört herra stiptamtmaninum, eruð þér beðnir að gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru í þessu efni.

BRÉF

alþingisforseta Jóns Sigurðssonar til konungsfulltrúa, um prentun alþingistíðindanna, dags. 2. dag októbermán. 1869.

Í umræðum þeim, sem urðu á alþingi í sumar um útsendingu alþingistíðindanna o. fl., var það tekið fram, að eitt af því, sem spilli fyrir útsölu tíðindanna hvað mest, sé það, að þau verði svo seint fullprentuð, og komist því allt um seinann í hendur alþýðu, og ekki fyr, en menn eru búnir á annan veg að frétta merkisatriðin úr því, sem gjörzt hefir á þingi.

Nú eru rúmir 2 mánuðir liðnir, síðan alþingi hófst, en það er fyrst í gær, að annað hefti tíðindanna er fullbúið; það eru 20 arkir í nærfellt 10 vikur, eða hér um bil 2 arkir um vikuna. Nú er að vísu hér við þess að gæta, að margt smávegis er prentað af

þingskjölum og í þingsins þarfir að auki; en þó þetta tefði nokkuð fyrir, sem þó ekki ætti að vera, ef nóg letur væri til í prentsmiðjunni, svo allt gæti staðið í samfellum, þá væri það þó langt of lítið til þess, að tíðindunum gæti orðið svo fljótt af lokið, sem nauðsynlegt er og þörf er á, því það er óhætt að fullyrða, að ef alþingistíðindin gætu orðið búin að haustnóttum sama árið, þá væri víst færi á, að selja nokkur hundruð fleiri en nú seljast. Ef menn gjöra ráð fyrir, að tíðindin yrðu nú frá 110 til 120 arkir, eins og 1865, þá yrði prentunin með þessu áframhaldi ekki búin, fyr en að 40 vikum liðnum hér frá, það er að segja ekki fyr en einhvern tíma, þegar kemur fram á næsta sumar, og það svo seint, að þau yrðu ekki send heil út um land, fyr en kannske að hausti, í stað þess að þau ættu að vera fullprentuð ekki seinna en svo, að þau yrðu send til allra staða á landinu að vori komanda, og til Kaupmannahafnar með fyrstu gufuskipsferð í marz í vetur.

Til þess, að þessu gæti orðið til leiðar komið, sem eg hlýt að álita mögulegt, ef vel er áfram haldið hëðan af, verð eg hër með, að leyfa mër, að leita herra konungsfulltrúans samkvæmt fyrir-mælum alþingistilsk. § 78, að þèr vilduð láta yður þóknast, að leggja svo undir við yfirstjórn prentsmiðjunnar, að hún skipi svo fyrir, að prentun alþingistíðindanna geti orðið fullbúin svo tímanlega, að þau geti orðið send hëðan til Kaupmannahafnar með fyrstu gufuskipsferð í marz næsta ár.

BRÉF

frá forseta alþingis Jóni Sigurðssyni til forstöðunefndarinnar fyrir samskotum til minningar um 1000 ára byggingu Íslands, dags. 12. d. októbermán. 1869.

Eptir að eg hafði fengið skýrslu hinnar háttvirtu nefndar, sem kosin var 1867, til að standa fyrir samskotum til minningar um 1000 ára byggingu Íslands 1874, lagði eg fram boðsbréf til alþingismanna, svo þeim gæfist kostur á, að koma fram með tillög sín. Þetta boðsbréf leyfi eg mër hër með að senda *in originali* með þeim áskriptum, sem það hefir fengið (Nr. 1); sömuleiðis annað

skjal til þingmanna um boðsbréf nefndarinnar frá 1867, og hversu mörg exemplör af því hver þingmanna vildi taka; hafa þingmenn einnig ritað á þetta skjal (Nr. 2.), og hafa fengið boðsbréf eptir því, sem þeir hafa óskað, og enn að auki vona eg, að hinir nýkosnu þingmenn hafi fengið nokkur boðsbréf frá skrifara nefndarinnar, eptir því sem þeir vildu taka í móti.

Eg skoraði á alla þingmenn, að senda nefndinni skýrslur um, hvað þeir hefðu afrekað þessu máli til framkvæmdar, og hafa sumir sent þess konar skýrslur til mín, sem forseta alþingis. Þar eð líklega ekki er von á fleirum þess konar skýrslum að svo komnu, leyfi eg mér hér með að senda þær, sem í mínar hendur hafa komið (Nr. 3.—6.), nefnilega:

- a, frá hinum fyrrverandi þingmanni Gullbringusýslu, herra organista Pètri Guðjónssyni, til hins núveranda þingmanns í sýslunni, dagsett 10. sept. þ. á.
- b, frá þingmanni Mýramanna, Hjálmi bónda Péturssyni á Norðtungu, dagsett 11. sept. þ. á.
- c, frá þingmanni Barðstrendinga, sèra Eiriki Kúld, dagsett sama dag.
- d, frá þingmanni Austur-Skaptfellinga, Stefáni hreppstjóra Eiríksyni í Árnanesi, dagsett sama dag.

Af skýrslum þessum og áskriptum virðist mér vera sýnilegt, að nokkuð mætti ávinnast um samskot þessi, ef áskoranirnar yrðu sterkari og almennari en hingað til, og einkanlega ef það gæti tekizt, að ná góðum meðmælum blaðamanna; en þar eð eg veit, að hin háttvirta nefnd þekkir sjálf bezt til, hvað gjöra má til framkvæmda þessu máli, þá skal eg að eins fela það yðar góðu forsjá.

Reikningur

yfir alþingiskostnaðinn 1867,

og

Yfirlit

yfir alþingiskostnaðinn 1869,

eptir

PÈTUR PÈTURSSON,
varaforseta á alþingi 1869.

Reikningur

yfir alþingiskostnaðinn 1867.

	rd.	sk.
Í alþingistiðindunum 1867 er talið af þess		
árs alþingiskostnaði	13684	9
Þar við bætist :		
Fyrir prentun og pappír	393	65
— útlekkingar	5	72
— heptingu alþingistiðindanna	38	24
— að telja og raða þeim	20	»
— prófarkalestur	27	»
— forsetastörf frá 19. okt. 1867	40	»
— ýmisleg áhöld	72	60
ritnefndarlaun	32	»
Allur alþingiskostnaðurinn 1867 er því samtals	14313	38

Yfirlit yfir alþingiskostnaðinn 1869.

1. Fæðispeningar og ferðakostnaður alþingismanna.

	Fæðis-	Ferða-	Til samans.	
	peningar.	ko-tnaður.	rd.	sk.
A. Konungkjörnir:				
Þórður Jónasson	147	» »	147	»
Bergur Thorberg	183	98 16	281	16
Jón Hjaltalín	147	» »	147	»
Jón Pétursson	147	» »	147	»
Pétur Pétursson	147	» »	147	»
Ólafur Pálsson	147	» »	147	»
B. Þjóðkjörnir:				
Benidikt Sveinsson	153	» »	153	»
Daniel Thorlacius	183	86 32	269	32
Davíð Guðmundsson	195	70 »	265	»
Eiríkur Kúld	186	97 32	283	32
Grimur Thomsen	153	» »	153	»
Guðmundur Einarsson	189	71 »	260	»
Halldór Kr. Friðriksson	147	» »	147	»
Halldór Jónsson	231	162 »	393	»
Hallgrímur Jónsson	159	16 »	175	»
Helgi Hálfðanarson	147	» »	147	»
Hjálmur Pétursson	177	35 »	212	»
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum	216	120 »	336	»
Jón Sigurðsson frá Kaupmannah.	345	140 »	485	»
Páll Pálsson	201	105 »	306	»
Páll Vídalín	180	70 »	250	»
Sigurður Gunnarsson	237	164 »	401	»
Stefán Eiríksson	237	135 »	372	»
Stefán Jónsson	198	74 »	272	»
Torfi Einarsson	204	64 »	268	»
Tryggvi Gunnarsson	207	90 »	297	»
Þóracinn Böðvarsson	153	» »	153	»
Samtals	5016	1597 80 flyt	6613 80	

	fluttur	Rd. Sk.
2. Annar kostnaður.		6613 80
Til innanþingsskrifara um þingtímann		675 "
Fyrir ýmisleg ritstörf um og eptir þingtímann . . .		486 46
Fyrir undirbúning alþingistíðindanna undir prentun		195 66
Fyrir danskar þýðingar		389 48
— pappír og önnur ritföng		78 90
Upp í prentunarkostnað alþingistíðindanna er greitt		1236 78
Fyrir band á bókum og heptingu alþingistíðindanna		61 88
Til bókasafns alþingis:		
til bókakaupa 100 rd.		
fyrir bókavörzlu 1869 og 1870 . . . 40 —		140 "
Til þingsveina og húsgæzlumanns		148 "
Fyrir aðgjörð á ýmsum húsbúnaði, niðurröðun á		
skjalasafni alþingis o. fl.		65 30
Er því nú þegar búið að ávísa samtals		10091 46

Hið helzta, sem enn er óávísað, eru eptirstöðvar af kostnaði við prentun alþingistíðindanna hér um bil 480 rd., og enn fremur borgun fyrir forsetastörf frá 18. okt. f. á. 20 rd.; þannig má gjöra ráð fyrir að alþingiskostnaðurinn 1869 eigi muni verða meiri en 10600 rd.

Reykjavík, 18. febrúar 1870.

P. Pjetursson.

Reikningur

yfir alþingistollinn árin

1865, 1866, 1867, 1868.

Samkvæmt reikningum sýslumanna yfir þann hluta alþingistollsins, sem árin 1865, 1866, 1867 og 1868 átti að greiða af fasteignaafgjöldum, og samkvæmt niðurröfnun stiptamtsins á lausafé allra amta landsins, hefir á greindum árum goldizt, sem hér greinir, af:

	1865.		1866.		1867.		1868.	
	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.
1. Borgarfjarðarsýslu	129	5	204	12	212	72	295	74
2. Reykjavíkurkaupstað . . .	8	40	12	74	12	89	17	88
3. Gullbringu- og Kjósarsýslu	188	57	293	25	312	35	446	3
4. Árnessýslu	305	21	466	20	482	89	661	15
5. Rangárvallasýslu	248	57	383	50	392	11	531	76
6. Vestmannaeyjasýslu	23	6	32	66	35	92	59	79
7. Skaptafellssýslu	107	1	165	50	161	75	220	23
8. Suður-Múlasýslu	91	72	141	21	139	20	192	4
9. Norður-Múlasýslu	188	82	213	59	215	12	301	91
10. Þingeyjarsýslu	221	11	340	66	351	66	485	51
11. Eyjafjarðarsýslu	281	55	436	75	458	27	627	35
12. Skagafjarðarsýslu	289	65	447	9	445	33	595	44
13. Húnavatnssýslu	259	39	394	13	390	52	518	40
14. Strandasýslu	67	23	100	9	101	55	137	37
15. Ísafjarðarsýslu	156	94	240	71	240	15	317	70
16. Bárðastrandarsýslu	171	95	265	86	267	22	358	42
17. Snæfellsnessýslu	127	24	186	13	184	54	232	25
18. Dalasýslu	143	64	214	33	213	37	295	19
19. Mýra- og Hnappadalssýslu	155	»	234	20	233	35	298	36
Samtals	3164	44	4772	80	4851	27	6592	84
Á lausaféð hefir verið jafnað:								
20. Í suðuramtinu	318	44	465	20	459	46	638	91
21. Í norðuramtinu	507	31	773	11	780	44	996	73
22. Í vesturamtinu	174	21	261	65	260	6	364	28
Samtals	1000	»	1500	»	1500	»	2000	»

Athgr. Í því yfirliti yfir goldinn alþingistoll 1866, sem prentað er aptan við alþingistiðindin 1867, er alþingistollur af Vestmannaeyjum rangprentaður 71 rd. 20 sk. í staðinn fyrir 32 rd. 66 sk.

Íslands stiptamt Reykjavík, 1. nóvember 1869.

Hilmar Finsen.